


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Landið mitt










# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

ÞRIÐJUDAGUR

8. júní 2010 — 132. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000




**Eins og í ævintýri**

*Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn fagnar tuttugu ára afmæli.*

**tímamót 18**

**Stórleikir gegn Dönum**

*Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari er byrjaður að undirbúa HM í Svíþjóð.*

**sport 27**



**Stjarnan í stuði**

*Stjarnan vann topplið Keflavíkur 4-0 í Pepsi-deild karla.*

**sport 26**

**veðrið í dag**




**HÆGVIÐRI** Í dag verður hæg breytileg átt eða hafgola. Skýjað við S-ströndina en annars yfirleitt bjartviðri en má búast við þoku við ströndina. Hiti 10-18 stig.

**veður 4**

# Ríkið frysti öll laun til 2013

**Árni Páll Árnason segir enga innistæðu vera fyrir kauphækkunum hjá hinu opinbera næstu þrjú árin. Hann gerir að tillögu sinni að frysta laun og lífeyrisgreiðslur þangað til fjárlagagatinu hefur verið lokað.**

**EFNAHAGSMÁL** Árni Páll Árnason, félags- og tryggingamálaráðherra, segir enga innistæðu vera fyrir kauphækkunum hjá hinu opinbera til ársloka 2013. Hann telur nauðsynlegt að gerð verði þjóðarsátt um að frysta laun. Það sama á við um verðbætur á lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega og aðrar afkomutengdar greiðslur sem ríkið greiðir, svo sem innan búvörusamninga.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í grein Árna Páls í Fréttablaðinu í dag. Hann kallar á þjóðarsátt um róttækar aðgerðir í fjármálum ríkisins.

„Kauphækkanir opinberra starfsmanna við núverandi aðstæður kalla einfaldlega á fækkun starfa – það þarf þá að segja upp fólki til að standa undir kauphækkunum til þeirra sem hafa vinnu“, skrifar Árni Páll. Hann segir að þjóðin verði að sameinast um að verja velferðarkerfið; þjónustu við aldraða og fatlaða, barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur. Hugsanlega þarf að tryggja þeim sem bera minnst úr býtum og hafa þyngstu framfærslubyrðina stærri hluta af kökunni með nýju barnatryggingakerfi og húsnæðisbótakerfi, að mati Árna. Lyfjakostnað lífeyrisþega þarf að skoða sérstaklega.

Árni Páll segir að ósekju mega skera niður í ýmsum verkefnum í samgöngumálum og fækka starfsliði á vegum utanríkisþjónustunnar erlendis. Hann tekur lokun Þjóðmenningarhússins sem dæmi um verkefni sem ganga megi í þrátt fyrir að sjónarsviptir verði að. „Allt truflar þetta okkur með einum hætti eða öðrum en enginn líður óbætanlegt tjón“, segir Árni Páll en jafnframt að forgangsröðun sem þessi sé óumflýjanleg.

Hann vill ganga hart fram í sparnaði í ríkiskerfinu þar sem það verður ekki til tjóns. Nefnir hann sérstaklega sameiningu ríkisstofnana. „Smákóngaveldi fortíðarinnar verður að heyra sögunni til. [...] Best er að byrja á toppnum. Sameining ráðuneyta og fækkun í yfirstjórn ráðuneyta gefur tóninn í öllu ríkiskerfinu. Fækkun ráðherra og þar með ráðuneyta er forgangsverkefni, enda mikilvægt að ríkisstjórnin gangi á undan með góðu fordæmi og veiti raunverulega leiðsögn.“

- shá / sjá síðu 16



**SELAKELERÍ** Landselsurtan Særún lék sér við kópinn sinn í selalauginni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í blíðunni í gær. Umhyggja urtanna gagnvart kópum sínum er mjög sýnileg og mikið augnayndi fyrir gesti. Eftir fjórar til sex vikur á spena bítur urtan kópinn af sér og hann þarf þá að bjarga sér sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Herra hinsegin:

## Fagnað sem þjóðhetju í heimabænum

**FÓLK** Vilhjálmi Þór Davíðssyni var fagnað nánast sem þjóðhetju í heimabæ sínum Ólafsfirði þegar hann tróð upp á sjómannadagsskemmtun á sunnudaginn. Vilhjálmur er fyrsti íslenski homminn sem er krýndur Herra hinsegin en keppnin fór fram í Þjóðleikhúskjallaranum á laugardagskvöld. Vilhjálmur hyggst sækja um í Lögregluskólanum í haust en standi valið milli titilsins og námsins ætlar hann að velja titilinn enda fylgir honum þátttaka í keppninni Mr. Gay Europe sem fram fer í september.



VILHJÁLMUR ÞÓR DAVÍÐSSON

„Kvöldið var æðislegt í alla staði og alveg einstök upplifun. Eiginlega eitt af betri kvöldum lífs míns, ef ekki það besta,“ segir Vilhjálmur.

- ls / sjá síðu 22

Bandaríski athafnamaðurinn Jonathan Taplin kaupir lénið thebestparty.org:

# Besti flokkurinn til Hollywood

**FÓLK** Bandaríski athafnamaðurinn Jonathan Taplin keypti á sunnudaginn lénið thebestparty.org, sem er nafn Besta flokksins á ensku. Taplin útilokar ekki, í samtali við Fréttablaðið, að bjóða fram undir nafni flokksins í Kaliforníu, en ríkisstjórnarkosningar fara fram í nóvember.

„Bandaríkin og Ísland glíma við sömu vandamálin,“ segir Taplin. „Við erum með nokkra ráðandi flokka sem tala alltaf um sömu hlutina og koma engu í verk. Mér finnst Jón Gnarr hafa áhugaverða nálgun.“

Umsvif Taplins eru þó nokkrur. Hann starfaði sem tónleikahaldari á áttunda áratugnum og kom meðal annars að frægum góðgerðartónleikum fyrir Bangladesh árið 1971. Á meðal þeirra sem komu þar fram voru Eric Clapton, Bob Dylan og Bítlarnir George Harrison og Ringo Starr. Hann hefur einnig starfað við kvikmyndagerð og framleiddi Mean Street, sem kom út árið 1973 og skaut leikstjóranum Martin Scorsese upp á stjörnuhimininn.

- afb / sjá síðu 30










## SPURNING DAGSINS



*„Hreinn, sjanghæjuðum við Heimssýningunni?“*

„Við erum að stela senunni og ísmolinn okkar svalar Kínverjum og forvitni þeirra.“

Íslenski skálinn á heimssýningunni í Sjanghæ hefur slegið í gegn. Heildarfjöldi gesta fór nýlega fram úr fjölda Íslendinga og búist er við allt að tveimur milljónum gesta áður en yfir lýkur. Hreinn Pálsson er framkvæmdastjóri þátttöku Íslands í Heimssýningunni.

Settur ríkissaksóknari telur ekki tilefni til sakamálarannsóknar vegna vanrækslu:

# Embættismenn ekki saksóttir

**RANNSÓKNARSKÝRSLAN** Settur ríkissaksóknari telur ekki tilefni til sakamálarannsóknar á hendur embættismönnunum fjórum sem rannsóknarnefnd Alþingis telur að hafi gerst sekir um vanrækslu í störfum sínum í aðdraganda bankahrunsins.

Þetta þýðir að seðlabankastjórarnir fyrrverandi, Davíð Oddsson, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, auk Jónasar Fr. Jónassonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, eru lausir allra mála, eða verða að minnsta kosti ekki saksóttir fyrir vanrækslu sína í embætti.

Þingmannanefnd um skýrslu rannsóknarnefndarinnar sendi mál fjórmenninganna til saksóknara til að fá botn í mál þeirra. Settur ríkissaksóknari, Björn L. Bergsson, hefur nú svarað nefndinni og kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé tilefni til að rannsaka málið sem sakamál.

Ástæðan er sú að vanrækslan, sem skilgreind er sérstaklega í lögum um rannsóknarnefnd Alþingis, hefur ekkert refsiréttarlegt gildi. **- sh**



DAVÍÐ ODDSSON, EIRÍKUR GUÐNASON , JÓNAS FR. JÓNSSON OG INGIMUNDUR FRIÐRIKSSON

Maður dæmdur í fangelsi:

# Stakk konu út af kveðskap

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir að stinga konu í brjóstið með hnífi. Þar af eru fimmtán mánuðir skilorðsbundnir. Hann skal greiða konunni 500 þúsund í miskabætur.

Atvikið átti sér stað í apríl á síðasta ári. Maðurinn og konan sátu að sumbli. Þau voru að ræða kveðskap og greip þá maðurinn hníf og stakk konuna með þeim afleiðingum að hún hlaut 2,5 sentimetra stungusár á framanverðu brjóstholi. **- jss**





**NEIKVÆÐ MERKI** Hokin gömul kona gengur fram hjá upplýsingaskilti sem sýnir þróun mála á mörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hrun á asískum mörkuðum:

# Smitast af vestrænum vírus

**VIÐSKIPTI Asískir hlutabréfamarkaðir nötruðu í gær vegna veikrar stöðu efnahagsmála í Evrópu, ekki síst í Ungverjalandi, og neikvæðra tíðinda af bandarísku atvinnulífi. Nikkei-vísitalan féll um 3,8 prósent og fall sem þetta hefur ekki sést á árinu. Svipaða sögu var að segja af öðrum asískum mörkuðum.**

**Gengi hlutabréfa asískra útflutningsfyrirtækja sem eiga mikið undir viðskiptum við Bandaríkin og Evrópu urðu verst úti í gær. Þar á meðal er bílaframleiðandinn Toyota, tæknifyrirtækið Canon og Sony. Gengi hlutabréfa í fyrirtækjunum féll um fjögur til 5,3 prósent.** **- jab**

# Hreyfingin mætir best á nefndarfundi

**Stjórnarandstaðan mætir betur á fundi þingnefnda en stjórnarliðar. Verst er mætt á fundi menntamálanefndar. Mætingin er lakari en fyrir þrjátíu árum. Þingið neitar að taka saman upplýsingar um mætingu einstakra þingmanna.**

**ALÞINGI** Þingmenn Hreyfingarinnar mæta best allra á fundi þingnefnda en þingmenn stjórnarflokkanna verst. Þetta kemur fram í tölfræði sem skrifstofustjóri Alþingis sendi fjölmiðlum í gær.

Þingmenn Hreyfingarinnar mættu á 91 prósent af nefndarfundum sem þeir áttu að sitja á tímabilinu 1. október 2009 til 30. apríl 2010. Þingmenn Framsóknarflokksins mættu á 80 prósent funda, sjálfstæðismenn á 79 prósent, samfylkingarfólk á 76 prósent og vinstri græn reka lestina með 75 prósenta mætingu. Þráinn Bertelsson, sem er utan flokka, hefur mætt á 77 prósent funda.

Mæting stjórnarandstöðunnar er 81 prósent, en stjórnarliða 75 prósent.

Þegar horft er til mætingar eftir nefndum má sjá að best mæting er á fundi þingmannanefndarinnar um rannsóknarskýrslu Alþingis, eða 89 prósent. Samkvæmt því hafa að jafnaði átta af níu nefndarmönnum mætt á fundi nefndarinnar. Næst á lista er fjárlaganefnd, með 88 prósenta mætingu og síðan efnahags- og viðskiptanefnd með 83 prósent.

Lökust er mætingin á fundi menntamálanefndar, eða 66 prósent. Að jafnaði mæta einungis sex manns á fundi í þessari níu manna nefnd. Næstlökust er mætingin í félags- og tryggingamálanefnd og sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, eða 72 prósent.

Meðalmæting á alla nefndarfundi er 79 prósent. Þetta er nokkru lakara en gerðist á árum áður. Árin 1980 til 1982 var meðalmæting á alla fundi til dæmis 83 til 84 prósent, samkvæmt samantekt Alþingis.

Forsætisnefnd lét taka upplýsingarnar saman eftir að ósk frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur, þingmanni Samfylkingarinnar. Hún bendir á að stundum skarist fundir nefnda og sitji menn í þeim báðum þurfi þeir því að velja á milli. Hún segir upplýsingarnar jafnframt benda til þess að tilteknar nefndir hafi forgang umfram aðrar í hugum þingmanna, og það eigi sérstaklega við um þær nefndir sem snúa að fjármálum og efnahagsmálum. Sigríður hefur kallað eftir því að þingnefndum verði fækkað og að mæting á fundi verði skráð opinberlega.

**stigur@frettabladid.is**

**Mæting eftir þingflokkum**

| Flokkur | Mæting |
|---|---|
| Hreyfingin | 91% |
| Framsóknarflokkur | 80% |
| Sjálfstæðisflokkur | 79% |
| Þráinn Bertelsson | 77% |
| Samfylkingin | 76% |
| Vinstri græn | 75% |



**AF FUNDI FJÁRLAGANEFNDAR** Einna best hefur verið mætt á fundi fjárlaganefndar á yfirstandandi þingi. Þrátt fyrir það vantar að meðaltali alltaf einn nefndarmann á fundina. FRÉTTABLAÐIÐ /ARNÞÓR

**Ekkert gefið upp um einstaka þingmenn**

Í yfirlitinu sem sent var fjölmiðlum er ekki að finna upplýsingar um það hvernig einstakir þingmenn hafa mætt á fundi. „Yfirlit um fundarsókn einstakra þingmanna hefur ekki verið tekið saman,“ sagði Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, spurður um þær upplýsingar. Fréttablaðið óskaði þá eftir því að það yrði gert. „Í þeim önnum sem hér eru verður það ekki gert,“ var svarið frá Helga.



HELGI BERNÓDUSSON





**JOBS KYNNIR SÍMANN** Forstjóri Apple segir nýjustu kynslóð iPhone-símanna það besta sem fyrirtækið hafi gert til þessa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Apple kynnir nýjan iPhone:

# Náði ekki tengingu við netið

**TÆKNI** Steve Jobs, forstjóri bandaríska tæknirisans Apple, kynnti nýjustu kynslóð iPhone-farsímans á tækniráðstefnu fyrirtækisins í gær. Síminn er fjórðungi þynnri en fyrri gerðir iPhone-símanna, með fimm megadíla myndavél og ótal önnur tól. „Þetta er það besta sem við höfum búið til,“ sagði Jobs.

Forstjórinn reyndi í fjórgang að tengjast staðarneti til að ná í netútgáfu bandaríska dagblaðsins New York Times sem sýna átti mun á eldri og nýrri gerðum. Það tókst eftir að hann bað gesti á ráðstefnunni að aftengjast netinu til að koma honum að. **- jab**

## LÖGREGLAN

**Framtennur losnuðu við árás**

Ráðist var á mann inni á karlasalerni á skemmtistaðnum Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn aðfaranótt laugardags. Maður réðist aftan að honum og hélt honum á meðan annar sló hann hnefahögg í andlitið. Við höggin losnaði um framtennur fórnalamsins.

## LÖGREGLUMÁL

**Bíll og hjólhýsi brunnu**

Fólksbíll og hjólhýsi brunnu á Borgarfjarðarbrú í gær eftir árekstur. Meiðsli á fólki voru minniháttar en greiðlega gekk að slökkva eldinn. Umferð um brúna stöðvaðist um skeið en var hleypt á að nýju þegar kvöldaði.







Samfylking og Vinstri græn í Hafnarfirði staðfestu meirihlutasamstarf í gærkvöldi:

# Lúðvík Geirsson er bæjarstjóri

**HAFNARFJÖRÐUR** Nýr meirihluti Samfylkingar og Vinstri grænna var staðfestur á fundum flokkanna í Hafnarfirði í gærkvöldi. Lúðvík Geirsson mun sitja áfram í stóli bæjarstjóra til júní 2012 en Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, oddviti Vinstri grænna, tekur þá við embættinu.

Í fréttatilkynningu sem flokkarnir sendu frá sér í gærkvöldi segir að málefnasamningur flokkanna og ítarleg verkefnaskrá til næstu fjögurra ára hafi verið samþykkt. Þar kemur ekki fram hvernig tekist verður á við miklar skuldir sveitarfélagsins eða hvaða stefnu nýr meirihluti hefur í stóriðjumálum.

> Við settum okkur ekki upp á móti því enda er hann reyndur bæjarstjóri.
>
> **GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR** BÆJARFULLTRÚI Í HAFNARFIRÐI

Guðrún Ágústa sagði í viðtali við Fréttablaðið í gærkvöldi að hugmyndir um hvernig bæta ætti skuldastöðuna væri í málefnasamningi flokkanna. Eðlilegt væri að leggja hann fram áður en efni hans væri rætt í fjölmiðlum. Hún segir eðlilegt að „einhverjir reki upp stór augu“ við að Lúðvík Geirsson sitji áfram sem bæjarstjóri. Það hafi hins vegar verið ákvörðun Samfylkingarinnar. „Við settum okkur ekki upp á móti því enda er hann reyndur bæjarstjóri.“ Hún segir að oddvitarnir fái með þessu meira næði til að sinna öðrum mikilvægum verkum innan stjórnsýslu bæjarins.

Guðrún segir að atvinnumálin skipti miklu máli en þau tengist ekki endilega stóriðjuuppbyggingu. **- shá**



LÚÐVÍK GEIRSSON



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

# SJÁÐU HM Í HÁSKERPU

## NÚ ER TÆKIFÆRI TIL AÐ FÁ SÉR HÁSKERPU SJÓNVARP Á FRÁBÆRU VERÐI OG ÞÚ FÆRÐ ÁSKRIFT AÐ SPORT 2 OG SPORT 2 HD Í EINN MÁNUÐ Í KAUPBÆTI. INNBYGGÐUR MYNDLYKILL FYLGIR!*




42PJ550N

**42" LG** — DivX · HD ready · HDMI · USB

Frábær myndgæði • Upplausn 1366x768 punktar
600Hz • USB 2.0 • 2 x HDMI • Intelligent Sensor 2
Stafrænn móttakari • DivX

**40.000 kr. afsláttur**
Tilboðsverð **159.995 kr.**
Verð áður 199.995 kr.




42LD420N

**42" LG** — full HD 1080P · USB

Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar
Smart Energy Saving Plus • 2 x HDMI

**30.000 kr. afsláttur**
Tilboðsverð **179.995 kr.**
Verð áður 209.995 kr.




TX-P42S20E

**42" PANASONIC** — full HD 1080P · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar
600Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

**50.000 kr. afsláttur**
Tilboðsverð **199.995 kr.**
Verð áður 249.995 kr.




TX-P42C2E

**42" PANASONIC** — HD ready · HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1024x768 punktar
100Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

**30.000 kr. afsláttur**
Tilboðsverð **149.995 kr.**
Verð áður 179.995 kr.

**HM Í HÁSKERPU**

SPORT 2 HD · SPORT 2 · vodafone

*Viðskiptavinur þarf að hafa aðgang að útsendingu Digital Ísland eða ADSL sjónvarp frá Símanum eða Vodafone til að geta nýtt áskriftartilboðið. Möguleiki á háskerpuútsendingu er bundinn við Digital Ísland örbylgjusendingar. Kortalesari (innbyggður myndlykill) virkar eingöngu með Digital Ísland útsendingu. Sé hún ekki í boði þarf að notast við hefðbundna myndlykla frá þjónustuaðilum.

HÁTÆKNI 1985-2010

Hátækni 25 ára 1985 - 2010

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 101322

## GENGIÐ 07.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,19 | 130,81 |
| Sterlingspund | 188,70 | 189,62 |
| Evra | 155,90 | 156,78 |
| Dönsk króna | 20,959 | 21,081 |
| Norsk króna | 19,624 | 19,740 |
| Sænsk króna | 16,176 | 16,270 |
| Japanskt jen | 1,4168 | 1,4250 |
| SDR | 189,24 | 190,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

212,9651

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rykgrímur hafa bjargað miklu fyrir íbúa á öskusvæðinu:

# Flestir þola öskuástandið vel

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er ljóst að rykgrímur hafa hjálpað fólki á öskusvæðinu undir Eyjafjöllum mikið,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir.

Rannsókn á heilsufarslegum afleiðingum ösku og annarra efna frá eldgosinu í Eyjafjallajökli stendur nú yfir. Hún er á vegum sóttvarnalæknis og er unnin í samvinnu við sóttvarnalækna og heilbrigðisstarfsmenn á Suðurlandi, lækna og hjúkrunarfræðinga lungnadeildar Landspítala og fleiri. Rannsóknin mun fyrst og fremst ná til þeirra sem orðið hafa fyrir hvað mestu öskufalli í námunda við eldstöðina undanfarnar vikur. Markmiðið er að meta hugsanleg bráð heilsufarsleg áhrif gjóskunnar, gildi sóttvarnaráðstafana sem beitt hefur verið og hvort grípa þurfi til frekari ráðstafana. Einnig er áætlað að meta langtímaáhrif öskufalls á heilsufar.

„Flestir virðast þola þetta ástand vel,“ segir Haraldur. „En þarna er einnig fólk með undirliggjandi öndunarfæravanda sem þarf sérstakrar athygli við. Jafnframt eru svo sálræn vandamál sem búast má við að komi upp þegar fólk þarf að búa við aðstæður af þessu tagi. Þetta eru ekki stórir hópar, en það er sálfræðiþjónusta og áfallahjálp í boði fyrir þá sem á þurfa að halda.“ - jss

> En þarna er einnig fólk með undirliggjandi öndunarfæravanda sem þarf sérstakrar athygli við.
>
> HARALDUR BRIEM
> SÓTTVARNALÆKNIR

Nóg að gera á Alþingi:

# Yfir hundrað mál óafgreidd

**ALÞINGI Hundrað og átta mál voru í gær á lista yfir þau mál sem ríkisstjórnin vill klára á síðustu sjö starfsdögum Alþingis. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu að ekki væri forgangsraðað og sögðu nefndir að drukkna í málafjölda.**

**Jóhanna Sigurðardóttir forsætis-ráðherra segir að um sextíu óafgreidd mál séu forgangsmál, að mati ríkisstjórnarinnar, og varði skuldir heimila og fyrirtækja, fjármálamarkaðinn og stjórnlagaþing, sem hún segist leggja mikla áherslu á.** - pg



**ÚR MYNDBANDINU LEKNA** Manning er sagður hafa stært sig af lekanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Uppljóstrari handtekinn:

# Grunaður um leka í Wikileaks

**BANDARÍKIN** Bandaríski herinn handtók fyrir hálfum mánuði Bradley Manning, 22 ára hermann í greiningardeild hersins, sem sakaður er um að hafa lekið upplýsingum til vefsíðunnar Wikileaks, þar á meðal myndbandi af mannskæðri árás hersins á almenna borgara í Bagdad árið 2007 sem nýverið komst í fréttir, meðal annars fyrir tilstilli íslenskra fréttamanna.

Bandaríska tímaritið Wired skýrði frá þessu og hefur eftir ættingja Mannings að hann sé hafður í haldi í Kúveit. Hann hafi þó ekki verið formlega ákærður fyrir neitt. - gb

## LEIÐRÉTTING

Eygló Agnarsdóttir og Valdís Fjölnisdóttir, en ekki Teitur Jónasson, eru talsmenn bandaríska fjárfestisins Michaels Jenkins sem hér hefur keypt 25 íbúðir í gegn um einkahlutafélagið Þórsgarð. Þá eiga Eygló og Valdís helminginn í Þórsgarði á móti Jenkins. Teitur Jónasson er hins vegar framkvæmdastjóri Meira-leiguhúsnæðis sem annast útleigu fyrir Þórsgarð.

# Sá grasfræjum til að binda gosöskuna

**Landgræðslan mun á næstu dögum sá grasfræi á Markarfljótsaurum, undir austanverðum Eyjafjöllum og á Skóga- og Sólheimasandi. Sáning birkiskóga er tilvalin langtímaaðgerð segir skógarvörður Suðurlands.**

**NÁTTÚRA** Á næstu dögum verður byrjað að sá grasfræi í 40 ferkílómetra lands í grennd við Eyjafjallajökul. Að sögn Sveins Runólfssonar landgræðslustjóra er talið að með sáningunni verði unnt að draga úr öskufoki í byggð á þeim svæðum sem verst hafa orðið úti. Sáð verður á Markarfljóts-aurum, undir Eyjafjöllum austanverðum og enn fremur verður, í samstarfi við Vegagerðina, sáð á Skógasandi og Sólheimasandi.

„Þetta mun ekki koma í veg fyrir öskufok en mun draga úr því,“ segir Sveinn sem segir landeigendur munu sjá um sáninguna undir stjórn Landgræðslunnar. Hann segir að umhverfisráðherra muni hafa forgöngu um að kynna málið í ríkisstjórn en talið er að verkið kosti um 100 milljónir króna. Sveinn segir ekki vinnandi veg að bregðast við foki á hálendinu vegna öskunnar. „Við munum sá í um 40 ferkílómetra af landi en það er aska á um 4.000 ferkílómetrum að talið er,“ segir Sveinn.

Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi, bendir á að til framtíðar sé tilvalið að sá birki eins og verið er að gera í Heklu-skógum, en hann er verkefnastjóri þar. „Það er verið að koma upp lundum af birki en birki sáir sér auðveldlega út, einkum í góðum fræárum.“ Hreinn segir þessa leið ódýra og til framtíðar góða leið til að taka við gosösku, eins og Þórsmörk sanni.

„Inni í skógunum í Þórsmörk verður ekki sama fjúk og á bersvæðunum,“ segir Hreinn. Skógurinn þoli vel öskuna og nýti næringarefni í henni. Gróðurinn í skógarbotninum vaxi upp úr öskunni, nú þegar hafi hvönn brotið sér leið upp úr öskunni en tegundum muni fjölga er líður á sumarið. Þórsmörk hafi verið friðuð í áratugi og því sé gróður þar jafn mikill og raunin er. „Þar er mikið af sjálfsprottnu birki enda engin önnur tegund jafn dugleg að sá sér.“

sigridur@frettabladid.is



**BREYTING Á NOKKRUM DÖGUM** 20. maí var um að litast í Húsadal eins og myndin til vinstri sýnir, askan úr Eyjafjallajökli hafði myndað lag utan um trén sem var nánast eins og steypa. Hinn 25. maí höfðu tré laufgast eins og myndin til hægri sýnir.

LJÓSMYNDIR /HREINN ÓSKARSSON

## Birkið sprengdi utan af sér öskuna



Fólk sem var á ferð í Þórsmörk um hvítasunnuhelgina heyrði hvernig birkilaufið braut sér leið í gegnum hjúpinn sem askan úr Eyjafjallajökli hafði myndað utan um trén þar, segir Hreinn Óskarsson, skógarvörður á Suðurlandi. „Fíngerð askan hafði myndað hálfgerða steypu utan um trén og það heyrðust smellir þegar birkið sprengdi hana utan af sér og laufgaðist.“ Hreinn segir mjög áhugavert hafa verið að fylgjast með gróðrinum í Þórsmörk eftir öskufallið. Í ljós hafi komið hversu harðger hann er og einnig hversu birkiskógar eru góð vörn gegn öskufoki. Hreinn mælir með ferðum inn í Þórsmörk fyrir áhugafólk um náttúrufar, það sé einstakt tækifæri til að sjá hvernig náttúran bregst við fíngerðri ösku. „Á venjulegum stilltum degi er ferð í Þórsmörk einstök upplifun.“

Landkynning í Belgíu:

# Allir fengu gosösku að gjöf

**IÐNAÐUR** Gestir á kynningu á stöðu ferðamála á Íslandi sem fram fór í Brussel í gærmorgun fengu að gjöf ösku úr Eyjafjallajökli.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR**

Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra tók þátt í kynningunni sem var á vegum Útflutningsráðs og Ferðamálastofu. Fram kemur í tilkynningu að þrjátíu blaðamenn og fulltrúar ferðaheildsala í Belgíu sóttu kynninguna.

Á fundinum flutti Rikke Pedersen, forstöðumaður Norræna eldfjallasetursins, ítarlegt erindi um gos í Eyjafjallajökli og eldfjallarannsóknir auk þess sem Davíð Jóhannsson, Evrópufulltrúi Ferðamálastofu, gerði grein fyrir átakinu Inspired by Iceland. - óká

Ákærð fyrir hættulegt athæfi:

# Braut glas á andliti konu

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært konu á þrítugsaldri fyrir að brjóta glas á andliti annarar konu.**

**Atvikið átti sér stað á veitingastaðnum Prikinu í Reykjavík í ágúst á síðasta ári. Konan kastaði glasi í andlit hinnar með þeim afleiðingum að glasið brotnaði og sú sem fyrir árásinni varð fékk þriggja sentimetra skurð á efri vör sem sauma þurfti saman með fjórum sporum. Sú síðarnefnda krefst miskabóta að upphæð 500 þúsund krónur. Jafnframt krefst hún tæplega hundrað þúsund króna vegna lögmannskostnaðar.** - jss




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**SÓL OG BLÍÐA** Það verður víðast sól og blíða á landinu í dag en seinni partinn á morgun þykknar smám saman upp um vestanvert landið í fyrstu með vætu þar annað kvöld. Á fimmtudag verður dálítil rigning eða súld í flestum landshlutum en síst austanlands.



**Á MORGUN** 3-8 m/s. Þykknar upp V-til síðdegis.

**FIMMTUDAGUR** Sunnan 3-10 m/s,

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 17° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 24° |
| Orlando | 34° |
| Ósló | 16° |
| París | 21° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 16° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Henný Árnadóttir henny@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Bjarni Þór Sigurðsson bthor@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is

# ORKUVERND

VERÐVERND Á ELDSNEYTI

Nýtt!

## Sama lága verðið innan landsvæðis!

Orkuvernd er ný verðstefna Orkunnar. Hún felur í sér að Orkan leitast við að tryggja að þú fáir:

- **Lægsta eldsneytisverðið** innan hvers landsvæðis
- **Sama verð** á öllum Orkustöðvum innan sama landsvæðis*




Orkuvernd er kjarabót sem kemur öllum eldsneytiskaupendum til góða. Handhafar Orkulykilsins geta tryggt sér enn betri kjör með því að greiða fyrir eldsneytið með lyklinum.

**Sæktu um Orkulykilinn og lestu allt um Orkuvernd á orkan.is**

ORKAN

AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

* Á kortinu má sjá staðsetningu Orkustöðvanna og hvernig svæðaskiptingu þeirra er háttað.

Símanúmer þjónustuvers: **578 88 00**

ENNEMM / SÍA / NM41626

**KJÖRKASSINN**



*Líst þér vel á nýjan meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 54,3% |
| NEI | 45,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðaðir þú grillmat um nýliðna helgi?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Reynt var að fela aðild Ólafs Ólafssonar að vafasömum viðskiptum Kaupþings:

# Al-Thani fékk milljarða fyrir nafn sitt

**VIÐSKIPTI** Katarski sjeikinn Al-Thani fékk jafnvirði 6,5 milljarða íslenskra króna fyrir að lána nafn sitt í viðskiptafléttu með fimm prósenta hlut í Kaupþingi. Viðskiptin eru nú til rannsóknar hjá sérstökum saksóknara og Serious Fraud Office í Bretlandi.

DV birti í gær samtal á milli Halldórs Bjarkars Lúðvígssonar, fyrrverandi starfsmanns fyrirtækjasviðs Kaupþings, og Lilju Steinþórsdóttur, sem starfaði hjá innri endurskoðun bankans. Þar kemur fram að fléttan hafi meðal annars haft þann tilgang að fela aðild Ólafs Ólafssonar í Samskipum að málinu.



**SJEIK AL-THANI** Fékk 6,5 milljarða fyrir að lána nafnið sitt.

Í samtalinu ræða þau um það að fléttan hafi verið samin af Hreiðari Má Sigurðssyni, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, og Magnúsi Guðmundssyni, fyrrverandi forstjóra bankans í Lúxemborg. Báðir sátu þeir nýlega í gæsluvarðhaldi á Íslandi vegna rannsóknar sérstaks saksóknara á málefnum Kaupþings, meðal annars kaupum sjeiks Al-Thani og Ólafs.

Lánveitingar Kaupþings til Ólafs og Al-Thani voru ekki hluthöfum bankans til hagsbóta og hvorki Ólafur né Al-Thani virðast nokkru sinni hafa þurft að greiða krónu vegna viðskiptanna. **- sh**

Bílalán Íslandsbanka:

# Bíða niðurstöðu Alþingis

**BÍLALÁN** Íslandsbanki mun ekki lækka höfuðstól bílalána frekar en orðið er fyrr en að fenginni niðurstöðu Alþingis og Hæstaréttar.

Í yfirlýsingu bankans segir að Alþingi hafi frumvarp frá félagsmálaráðherra til meðferðar. Hæstiréttur skeri úr réttaróvissu um bílalánin um miðjan júní.

„Íslandsbanki telur mikilvægt að viðskiptavinum eignaleigufyrirtækja bjóðist samræmdar lausnir í þessum efnum," segir Íslandsbanki. **- pg**


## Á ystu nöf

**Námskeið við yfirdrifinni lofthræðslu**

- Líður þér mjög illa þegar þú ert hátt uppi eins og á svölum eða brúm, í lyftum eða stigum eða forðastu háar hæðir eins og þú frekast getur?
- Hefur lofthræðsla hamlandi áhrif á daglegt líf þitt?
- Hefur þig dreymt um að fara í fjallgöngur en ekki haft þig í það vegna lofthræðslu?

## Besti vinur mannsins

**Námskeið við hundafælni**

- Ertu mjög hrædd(ur)við hunda?
- Hefur hundahræðslan hamlandi áhrif á líf þitt?
- Áttu erfitt með að fara á staði þar sem hundar gætu verið nálægir, eins og í gönguferðir, í útilegur eða í heimsóknir til hundaeigenda?

Kvíðameðferðarstöðin stendur nú fyrir tveggja vikna námskeiðum við yfirdrifinni lofthræðslu í samstarfi við Ferðafélag Íslands og við hundafælni. Námskeiðin hefjast 14. og 15. júní 2010. Nánari upplýsingar og skráning hjá Kvíðameðferðarstöðinni, www.kms.is, í símum 534-0110/822-0043 eða með tölvupósti á kms@kms.is en skráningu lýkur 12. júní n.k.

KMS Kvíðameðferðarstöðin





# Ívilnun til Verne Holding fest í lög

**Margir þingmenn gagnrýndu að ríkið semji um skattaívilnanir við fyrirtæki með þátttöku Björgólfs Thors Björgólfssonar. Formaður Sjálfstæðisflokksins spurði um siðferði þeirra sem vilji sitja hjá í atvinnuástandinu á Suðurnesjum.**

**ALÞINGI** Heimild til að semja við Verne Holding um gagnaver í Reykjanesbæ varð að lögum á Alþingi í gær, þremur vikum eftir að umræðu um málið lauk. Þrjátíu og átta þingmenn studdu málið við lokaatkvæðagreiðslu, fimm voru á móti, sjö greiddu ekki atkvæði en þrettán voru fjarstaddir.

Þeir sem studdu málið vísuðu til mikilvægis þess að laða að erlenda fjárfestingu og tryggja atvinnu á Suðurnesjum. Tvö hundruð störf eru talin fylgja verkefninu en atvinnuleysi er hvergi meira en á Suðurnesjum. Andstæðingar og þeir sem sátu hjá gagnrýndu að með samningnum sé verið að ívilna Björgólfi Thor Björgólfssyni, eiganda hins fallna Landsbanka, sem er frumkvöðull að verkefninu.

Meðal þeirra tólf þingmanna sem tjáðu sig á þann veg voru þrír þingmenn Suðurkjördæmis, Margrét Tryggvadóttir, Hreyfingunni, sem greiddi atkvæði á móti málinu, og Sigurður Ingi Jóhannsson og Eygló Harðardóttir, Framsóknarflokki, sem sátu hjá.

Þráinn Bertelsson, óháður, sagðist ekki vera „til í að láta sama aulann plata sig tvisvar". „Við skulum fyrst klára að borga skuldirnar sem kaup hans á Landsbankanum ollu okkur."

Vigdís Hauksdóttir, Framsókn, sagði stjórnvöld eiga von á kæru frá Eftirlitsstofnun EFTA vegna þessa. Það brjóti samkeppnisreglur EES að ívilna einu fyrirtæki á þennan hátt enda hafi annað fyrirtæki getað byggt hér upp gagnaver án nokkurrar ívilnunar.

Allir viðstaddir þingmenn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks samþykktu málið, auk sex þingmanna VG og Guðmundar Steingrímssonar, Framsóknarflokki. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagðist spyrja sig um siðferði þeirra sem sitja aðgerðarlausir þegar við jafnmikinn vanda er að etja í atvinnumálum og í Reykjanesbæ. Birgir Ármannsson, Sjálfstæðisflokki, sagði erfið sjónarmið togast á í málinu. Hann geti ekki annað en stutt það vegna atvinnuleysisins á Suðurnesjum. Sigmundur Ernir Rúnarsson, Samfylkingu, sagðist í upphafi hafa goldið varhug við aðkomu Björgólfs Thors. „Síðan hefur margt vatn runnið til sjávar," sagði Sigmundur Ernir. Eftir vandaða meðferð iðnaðarnefndar hafi málið breyst til batnaðar. Með því að styðja það taki hann meiri hagsmuni fram yfir minni. **peturg@frettabladid.is**



**LÖGÐUST Á EITT** Bjarni Benediktsson og Steingrímur J. Sigfússon lögðust á eitt og samþykktu samning á Alþingi í gær við Verne Holding um gagnaver í Reykjanesbæ. Einn þingmaður Suðurkjördæmis var andvígur málinu, tveir sátu hjá vegna andstöðu við ívilnun til Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Umbótanefnd Samfylkingar kemur saman og ætlar að ljúka verki í október:

# Gefur ekki tilefni til biðleikja

**STJÓRNMÁL** Umbótanefnd Samfylkingarinnar segir í tilkynningu að starf hennar, sem á að vera lokið í október, gefi „hvorki flokknum né einstaklingum innan hans ástæðu til að bíða með að gaumgæfa eigin ábyrgð og stöðu".

Þá segir nefndin að hún muni ekki „fella dóma í einstökum málum". Hins vegar geri hún ráð fyrir að niðurstöður vinnunnar „hafi áhrif á mat flokksins og flokksmanna á stöðu þeirra sem gegna eða hafa gegnt trúnaðarstörfum fyrir flokkinn".

Ásgeir Beinteinsson, einn verkstjóra nefndarinnar, segir nefndina með þessu ekki vera að fullyrða að fólk þurfi að segja af sér. Mikil umræða hafi hins vegar verið um þetta í samfélaginu.

„Þetta er frekar svar við þeirri umræðu og að ef einhverjum finnst hann þurfa að skoða eigið hlutskipti þá komi þetta starf okkar ekki í veg fyrir það. En við erum ekki byrjuð að draga neinar ályktanir," segir hann.

Nefndin mun skoða hvað stuðlaði að því að flokkurinn sá ekki bankahrunið fyrir. Stjórnarþátttakan, ábyrgð forystumanna flokksins og þeirra sem tóku þátt í prófkjörum hans verður skoðuð. Þá mun nefndin leggja til breytingar á stefnu, skipulagi og starfsháttum flokksins, gefi niðurstöður hennar tilefni til þess. **- kóþ**



**ÁSGEIR BEINTEINSSON** Einn fjögurra verkstjóra í sextán manna umbótanefnd Samfylkingar segist ekki fullyrða fyrirfram að fólk sem hefur gegnt trúnaðarstörfum fyrir flokkinn þurfi að segja af sér. Það sé hins vegar ekki óhugsandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# OFUR TILBOÐ

## 4.-10. JÚNÍ

# 30% AF ÖLLUM
## SÓFUM OG SÓFASETTUM



## OG VIÐ MEINUM ÖLLUM SÓFUM OG SÓFASETTUM!



© ILVA Ísland 2010

**SUMARLEIKUR**
**4. júní - 19. júlí**

Komdu í verslun okkar og taktu þátt í sumarleiknum þar sem þú gætir unnið sumarhúsgögn í garðinn að andvirði **240.000,-** Dregið verður 21. júlí

**VISA Lán** - VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA kaffi
Súpa dagsins m/brauði
**690,-**



**ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is - laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30**

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Á hverju verður beitarfiskur alinn í hlývatnseldi á Flúðum?*

**2.** *Hvað gerði Anthony Gaskell, 69 ára hlaupari, sem átt besta tímann í maraþoni eldri borgara í London á dögunum?*

**3.** *Hvað strikuðu margir kjósendur Sjálfstæðisflokks yfir nafn Gísla Marteins í nýafstöðnum kosningum?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Bróðir og synir leigubílstjórans tjá sig um morðæðið í Bretlandi:

# Miður sín og furðu lostnir

**BRETLAND, AP** Ættingjar leigubílstjórans Derricks Bird, sem skaut tólf manns á norðvestanverðu Englandi í síðustu viku, segjast ekkert skilja í því hvað varð til þess að morðæðið rann á manninn.

Meðal hinna látnu er David, bróðir Derricks, og lögmaður fjölskyldunnar.

„Við erum algerlega miður okkar vegna dauða föður okkar, Derricks Bird," segja synir hans, Graeme og Jamie Bird, í yfirlýsingu sem sóknarprestur þeirra sendi fjölmiðlum.

„Gagnvart okkur var hann viðkunnanlegasti maður sem hægt var að kynnast. Hann var ástkær faðir og nýorðinn afi," segir í yfirlýsingunni. „Við viljum segja að við vitum ekki hvers vegna pabbi okkar framdi þessa hræðilegu glæpi. Við erum báðir fullir sektarkenndar."

Brian Bird, bróðir Derricks og Davids, sendi einnig frá sér yfirlýsingu þar sem hann segir fjölskylduna vera í sorg.

„Missir beggja bræðra minna er skelfilegur. Þeir voru báðir mjög umhyggjusamir fjölskyldumenn," segir hann. „Við getum ekki gefið neinar skýringar á því hvers vegna Derrick tók upp á því að fremja þessa glæpi. Við erum í áfalli og skelfingu lostin." **- gb**



**TIL MINNINGAR UM HINA LÁTNU** Maður les á kort með blómum sem lögð hafa verið á vettvang nokkurra morðanna. NORDICPHOTOS/AFP

Hlupu um naktir:

# Strípalingar teknir í Eyjum

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Vestmannaeyjum var kölluð út aðfaranótt mánudags þegar tilkynnt var um fjóra nakta karlmenn á hlaupum við ráðhús bæjarins, að því er segir á vef Eyjafrétta.**

**Lögreglan hafði hendur í hári viðkomandi manna og gáfu þeir þá skýringu á athæfi sínu að þeir hefðu manað hver annan upp í að hlaupa naktir í drykkjuleik. Var þeim gerð grein fyrir því að svona hegðun væri utan velsæmismarka.** **- mþl**

Neyðarkall frá Pakistan:

# Sjö hundruð börn án skóla

**HJÁLPARSTARF** Í fárviðri sem gekk yfir Pakistan um helgina hrundu útveggir nýjasta skóla ABC barnahjálpar í landinu. Skólinn er heimavistarskóli fyrir 700 börn.

„Flytja þurfti öll 700 börnin í burtu í skyndingu og koma þeim fyrir á öruggum stöðum," segir í tilkynningu ABC barnahjálpar. „Börnin voru í miðjum prófum þegar óveðrið reið yfir. Í því slitnuðu tré upp með rótum, bílar fuku og rafmagnslaust varð." Nemendurnir meiddust ekki en matráðskona lítillega þegar hún fauk út í skurð. „ABC barnahjálp lýsir yfir neyðarástandi og biðlar til landsmanna að hjálpa til við að endurreisa vegginn og byggja varanlegt skólahúsnæði fyrir börnin." **- óká**

Fyrsti fundur eftir kosningar:

# Sveitarstjórinn heldur starfinu

**HÚNAÞING Skúli Þórðarson hefur verið endurráðinn í starf sveitarstjóra Húnaþings vestra. Sveitarstjórn Húnaþings vestra kemur saman til fyrsta fundar eftir kosningar 15. þessa mánaðar. Framboð sjálfstæðismanna og óháðra fékk hreinan meirihluta í kosningunum, fjóra fulltrúa af sjö.**

**Leó Örn Þorleifsson gegnir embætti oddvita sveitarfélagsins og Sigurbjörg Jóhannesdóttir verður formaður byggðaráðs, að því er fram kemur í tilkynningu sveitarfélagsins.** **- óká**

# Flokkur í skugga styrkja

**Styrkjamál hafa verið Sjálfstæðisflokknum erfið og munu lita landsfund í sumar. Staða formannsins er óljós en ólíklegt er að hann fái mótframboð. Nýr varaformaður mun taka við á fundinum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvernig stendur Sjálfstæðisflokkurinn eftir kosningar?

Sjálfstæðisflokkurinn hlaut mun minna fylgi í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum en fyrir fjórum árum. Þar með er þó ekki öll sagan sögð, því flokkurinn bætti sig töluvert frá kosningum til Alþingis í fyrra, en þá galt hann mikið afhroð.

Þeir Sjálfstæðismenn sem Fréttablaðið ræddi við eru nokkuð ánægðir með útkomu kosninganna. Þeir eru á einu máli um að ósanngjarnt sé að miða við síðustu sveitarstjórnarkosningar; þá hafi flokkurinn verið í mikilli uppsveiflu í miðju góðæri. Skellurinn hafi komið eftir hrunið og úrslitin nú sýni að flokkurinn sé að endurheimta traust hjá kjósendum.

Einn viðmælenda blaðsins orðaði það svo að úrslitin sýndu að flokkurinn hefði lifað hrunið af.

Úrslitin í Reykjavík og Akureyri eru þó vonbrigði. Að einhverju leyti má skýra þau með utanaðkomandi áhrifum; Lista fólksins nyrðra og Besta flokknum syðra, en stjórnmálamenn bera engu að síður ábyrgð á niðurstöðunum. Ljóst var að Sigrún Björk Jakobsdóttir var óvinsæl í aðdraganda kosninganna og hún hefur nú sagt af sér.

Í Reykjavík var staðan allt önnur. Hanna Birna Kristjánsdóttir nýtur vinsælda í embætti sem borgarstjóri. Mun meiri vinsælda en flokkurinn sjálfur í borginni. Hún er engu að síður oddviti listans og ber að því leytinu ábyrgð á úrslitunum.

Styrkjamálin eru stóra málið hjá Sjálfstæðisflokknum um þessar mundir og heimildarmenn blaðsins eru sammála um að hann sé ekki búinn að bíta úr nálinni með þau. Á Alþingi situr Guðlaugur Þór Þórðarson, sem þáði 25 milljónir í styrki, og í Reykjavík Gísli Marteinn Baldursson, sem þáði 10,5 milljónir. Þó aðrir hafi þegið minna er þó víða um umtalsverðar fjárhæðir að ræða.



**ANNAÐ EÐA BÆÐI?** Nýr varaformaður tekur við af Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur á aukalandsfundi flokksins í lok júní. Óvíst er hvort Bjarni Benediktsson fær mótframboð í formanninn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Guðlaugur Þór er sagður ætla að sitja svo lengi sem honum er sætt. Ljóst er að formaðurinn mun trauðla leggja að honum að hætta og því er málið í raun í höndum Guðlaugs sjálfs. Ljóst er að mörgum Sjálfstæðismönnum þykir málið erfitt og nokkurrar reiði gætti í garð Guðlaugs hjá mörgum þeim sem Fréttablaðið ræddi við.

Í lok júní verður haldinn aukalandsfundur hjá flokknum og viðmælendur blaðsins telja að styrkjamálin verði áberandi þar. Þá liggur fyrir að skipta verður um varaformann, þar sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mun segja af sér. Hún hætti einnig tímabundið á þingi, en heimildir herma að hún muni snúa aftur í haust. Illugi Gunnarsson hætti einnig tímabundið á þingi, en hans mál eru óljósari, þar sem beðið er rannsóknar á peningamarkaðssjóðum bankanna. Illugi sat í stjórn Sjóðs 9 hjá Glitni.

Kjósa þarf arftaka Þorgerðar Katrínar á aukalandsfundinum. Ólöf Nordal hefur ein lýst yfir framboði, en líklegt er að fleiri geri slíkt hið sama. Þar er Hanna Birna oftast nefnd. Heimildarmönnum blaðsins ber saman um að kona verði kosin í starfið og nafn Ragnheiðar Elínar Árnadóttur hefur einnig borið á góma.

Bjarni Benediktsson tók við sem formaður í kjölfar hrunsins. Tvennum sögum fer af stöðu hans innan flokksins. Stuðningsmenn hans telja að honum hafi gengið ágætlega að endurheimta traust kjósenda. Hann hafi haldið opna fundi víða, þar sem hann fór yfir rannsóknarskýrsluna og svaraði spurningum. Þá þykir sumum ótækt að meta forystu hans eftir svo skamman tíma í embætti.

Gagnrýnendur hans telja hins vegar að honum hafi ekki gengið nógu vel að gera upp við fortíðina. Sjálfur hafi hann óheppileg tengsl við ýmsar viðskiptafléttur, sem heimildarmenn blaðsins telja þó að gert hafi verið of mikið úr, og þá hafi hann ekki sýnt skelegga forystu þegar kemur að styrkjamálum.

Annað mál er hvort einhver mun bjóða fram gegn Bjarna. Rík hefð er fyrir því innan flokksins að styðja sitjandi formann, þó Davíð Oddsson hafi rofið hana árið 1991. Þá er arftaki Bjarna ekki í sjónmáli. Kristján Þór Júlíusson bauð sig fram gegn honum í fyrra og nokkuð var rætt um að hann endurtæki leikinn. Staða hans þykir hins vegar ekki eins sterk og þá og nefna menn að úrslitin í hans heimabæ, Akureyri, hafi veikt hann.

Þá heyrist nafn Árna Sigfússonar, bæjarstjóra Reykjanesbæjar, einnig nefnt. Það þykir þó ekki líklegt, þar sem formaður flokksins verði að eiga sæti á Alþingi. Það gæti því farið svo að Bjarni sæti áfram, einfaldlega af því enginn annar fari í framboð. **kolbeinn@frettabladid.is**






Stefnir - *Samval.*
Meiri möguleikar á breytilegum markaði.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 × arionbanki.is

Verðbréfaþjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfaþjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem ákjósanlegastir eru hverju sinni – eignastýring í einum sjóði
- Virk stýring í skuldabréfum og hlutabréfum. Áhersla á ríkistryggð skuldabréf undanfarin misseri
- Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- Góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglulegan sparnað
- 13,9% meðalnafnávöxtun síðastliðin 5 ár*
- Lágmarkskaup 10.000 kr. en 5.000 kr. í reglulegum sparnaði

*Upplýsingar fengnar af www.sjodir.is fyrir tímabilið 30.04.2005-30.04.2010.

Arion banki

Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 49433 04/10

Samið um samstarf Samfylkingar, Framsóknarflokks og Vinstri grænna:

# Nýr meirihluti myndaður á Akranesi

**STJÓRNMÁL** Samið hefur verið um myndun nýs meirihluta á Akranesi. Samfylkingin, Framsóknarflokkur og óháðir og Vinstri grænir skrifuðu undir stefnuyfirlýsingu þess efnis í gær.

Nýr meirihluti ætlar fyrst og fremst að taka fjármál bæjarins til gagngerrar endurskoðunar, að því er segir í fréttatilkynningu sem flokkarnir sendu frá sér.

„Markmið meirihlutans er að skila til baka þeim niðurskurði sem hefur orðið í grunnþjónustunni í bænum. Það verður að gera með því að fara vandlega yfir allar fjármálaskuldbindingar, fara yfir rekstur bæjarins, tekjumöguleika hans og alla þá þætti er lúta að almennri fjármálastjórn,“ sagði Sveinn Kristinsson, oddviti Samfylkingarinnar á Akranesi, í samtali við Fréttablaðið.

Aðspurður hvort fyrirheit flokkanna um endurskoðun á fjármálum bæjarins feli í sér vísun í niðurskurð á komandi kjörtímabili svaraði Sveinn að slíkt stæði ekki til.

Auglýst verður eftir bæjarstjóra en að sögn Sveins var algjör samstaða um það meðal flokkanna. Hann bætti því svo við að nær engir ásteytingarsteinar hefðu komið upp í viðræðunum sem hefðu gengið vel. - mþl



**FRÁ AKRANESI** Nýr meirihluti hefur verið myndaður á Akranesi. Fjármál bæjarins verða tekin til gagngerrar endurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimasíðan Safetravel.is:

## Samvinna um öryggi ferðafólks

**ÖRYGGISMÁL Samvinnuverkefninu safetravel er ætlað að stórefla forvarnir fyrir ferðafólk hér á landi. Því hefur verið opnuð heimasíðan safetravel.is þar sem upplýsingar frá fjölda samtaka og opinberra aðila er safnað á einn stað. Fjölmiðlafyrirtækið 365 er einn samstarfsaðila verkefnisins.**

**Á síðunni eru aðgengilegar upplýsingar um akstur, gönguferðir, siglingar, köfun, sund, jöklaferðir, vélsleðaferðir, hellaferðir, hjólreiðar, skyndihjálp, hestaferðir, svo eitthvað sé nefnt.** - shá



**RYKGRÍMUR Í AFGREIÐSLUNNI** Vegna öskufalls er farið að selja rykgrímur í bókabúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Brugðist við ösku í Reykjavík:

## Rykgrímur í bókabúðum

**UMHVERFISMÁL** Rykgrímur hafa verið til sölu í Eymundsson bókaverslunum síðan á föstudag þegar mikil aska var í lofti í Reykjavík. Að sögn Theresu O'Brien hjá Eymundsson í Austurstræti var verið að bregðast við ástandinu og því að ekki er hægt að fá rykgrímur víða í miðbænum þar sem ferðamenn eru helst á ferli. Nokkrar grímur höfðu selst þegar Fréttablaðið kannaði málið. Rykgrímur eru einnig seldar í apótekum og byggingarvöruverslunum svo dæmi séu tekin. Í Byko var rífandi sala í grímunum bæði á föstudag og laugardag samkvæmt upplýsingum frá versluninni. - sbt

Nýjar tölur frá Hagstofunni:

## Launavísitala hækkað um 1%

**EFNAHAGSMÁL Regluleg laun voru að meðaltali 1,0 prósenti hærri á fyrsta ársfjórðungi ársins 2010 en ársfjórðunginn á undan, samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofunni.**

**Laun á almennum vinnumarkaði hækkuðu um 1,3 prósent að meðaltali en laun opinberra starfsmanna um 0,3 prósent.**

**Á ársgrundvelli hafa laun því hækkað um 3,5 prósent að meðaltali. Þau hafa hækkað um 4,4 prósent á almennum vinnumarkaði að meðaltali og 1,4 prósent hjá opinberum starfsmönnum.** - mþl

Verðlaun fyrir framfarir:

## Isavia hlýtur verðlaun

**SAMGÖNGUR** Isavia hlaut í gær verðlaun frá IATA, alþjóðasamtökum flugfélaga, fyrir mestu framfarir í flugumferðarþjónustu. Fimm aðilar í alþjóðlegri flugleiðaþjónustu og flugvallarrekstri hlutu viðurkenningu en hún er veitt fyrir framúrskarandi frammistöðu á síðasta ári, að því er segir í fréttatilkynningu frá Isavia.

Viðurkenningin sem Isavia hlaut nefnist Eagle Award og var veitt á ársfundi IATA í Berlín. Isavia bar áður nafnið Flugstoðir og sér um rekstur allra flugvalla landsins að Keflavíkurflugvelli undanskildum. - mþl





**MENN Í MOSA** Mosamenn („Hombres de Musgo“) tóku venju samkvæmt þátt í Corpus Christi-hátíðinni í spænska þorpinu Bejar þetta árið. Það hafa þeir gert frá árinu 1397.
NORDICPHOTOS / AFP

Ráðherra opinn fyrir breytingu á lögum um skattaafslátt vegna hlutafjárkaupa:

# Sprotalögin eru lifandi ferli

**VIÐSKIPTI** „Við vorum sammála um að þetta væri gott fyrsta skref. Við munum vakta hvernig útfærslurnar reynast. En það er ekkert undir sólinni sem bannar að gagnrýna lögin. Þetta er lifandi ferli og klárt frá upphafi að við þurfum að vinna áfram með löggjöfina,“ segir Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra.

Fram kom í Fréttablaðinu í gær gagnrýni á lög um skattaafslátt vegna kaupa á hlutafé í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem tóku gildi um síðustu áramót. Lögin taka ekki til afsláttar vegna kaupa á hlutdeild í sjóðum sem fjárfesta í nýsköpunarfyrirtækjum.




**SPROTARÁÐHERRA** Stuðningur við sprotafyrirtæki er lifandi ferli, segir iðnaðarráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þeir sem Fréttablaðið ræddi við segja lögin gölluð og skila litlu. Nær væri að veita svipaðan skattaafslátt vegna kaupa í sjóðum og var í gildi fyrir áramót. Þá væri sjóðafyrirkomulagið best til þess fallið að draga úr áhættu fjárfesta auk þess sem hætt sé við að núverandi lög geti þyngt rekstur sprotafyrirtækja.

Katrín segir mikilvægt að styðja frekar við sprotafyrirtækin og útilokar ekki að lögin verði bætt við endurskoðun þeirra undir lok næsta árs. „Ég útiloka ekkert,“ segir hún. **- jab**

Úrslit í tölvuleikjakeppni:

# Geiminnrás í fyrsta sætið

**TÆKNI Tölvuleikurinn Path to Ares sigraði í fyrstu árlegu tölvuleikjakeppni Samtaka leikjaframleiðenda á Íslandi á dögunum. Ellefu hugmyndir að tölvuleikjum bárust í keppnina frá tæplega þrjátíu þátttakendum.**

**Sigurleikurinn fjallar um innrás geimvera og sá sem spilar leikinn tekur að sér hlutverk prófessors sem vaknar upp við það að verið er að breyta honum í erfðafræðilegan hermann, að því er segir í tilkynningu. Þá fékk leikurinn Fly on the Wall sérstök aukaverðlaun. - jab**

Afstaða menntamálaráðuneytisins skýr:

# Leiðsöguskóli MK ekki á háskólastigi

**MENNTAMÁL** „Afstaða ráðuneytisins er alveg skýr: Menntaskólinn í Kópavogi er framhaldsskóli og framhaldsskólar geta ekki boðið nám á háskólastigi nema það sé viðurkenndur háskóli sem standi að baki,“ segir Friðrika Harðardóttir á háskólaskrifstofu menntamálaráðuneytisins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á laugardag hefur MK auglýst Leiðsöguskóla sinn sem nám á háskólastigi. Endurmenntunarstjóri hjá endurmenntun Háskóla Íslands sagði þessa skilgreiningu ranga og villandi fyrir nemendur. Umsjónarmaður Leiðsöguskóla MK hafnaði því. Nú hefur upplýsingum á heimasíðu MK um leiðsögunámið hins vegar verið breytt þannig að ekki er lengur fullyrt að námið sé á háskólastigi heldur að það sé eins árs starfsnám.

Fleiri dæmi af svipuðu tagi eru til athuganar í ráðuneytinu. „Samkvæmt tuttugustu grein nýrra laga um framhaldsskóla geta þeir boðið upp á nám að loknu stúdentsprófi. Það er samt sem áður ekki háskólanám. Sumir framhaldskólar hafa kallað þetta fagháskóla en það er skólastig sem er ekki til á Íslandi. En ráðuneytið er að skoða þessi mál og ætlar að skýra betur hvað reglur gilda um það hvaða nám telst vera á háskólastigi. Það verður sent bréf á framhaldsskólana á næstunni varðandi þetta,“ segir Friðrika Harðardóttir. **- gar**



Leiðsöguskóli sagður afvegaleiða nemana

Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands segir Menntaskólann í Kópavogi villa um fyrir fólki með því að segja leiðsögunám við skólann vera á háskólastigi. Umsjónarmaður Leiðsöguskóla MK segist vísa öllum slíkum ásökunum á bug.

MENNTAMÁL „Það er ranglega farið með á hvaða menntunarstigi þetta nám er,“ segir Kristín Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands. Hún gagnrýnir Menntaskólann í Kópavogi fyrir að kynna Leiðsöguskóla MK sem nám á háskólastigi.

„Til þess að nám teljist háskólanám þarf það að vera við, eða í samstarfi við, og á faglega ábyrgð viðurkenndrar háskólastofnunar. Menntaskólinn í Kópavogi hefur enga samninga um það við neinn. Þarna er því vísvitandi verið að villa um fyrir fólki,“ segir Kristín Jónsdóttir.

Umsjónarmaður Leiðsöguskóla MK er Kristín Hrönn Þráinsdóttir. Hún hafnar fullyrðingum um að námið í leiðsöguskólanum sé ekki á háskólastigi og að verið sé að villa um fyrir nemendum með því að kynna námið sem slíkt. Stúdentsprófs sé krafist, eins og gildi í hótelstjórnunarnám og Ferðamálaskóla MK. Um sé að ræða nám sem sé lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna og námskráin sé viðurkennd af menntamálaráðuneytinu.

„Árið 2004 var undirritaður samningur við Hólaskóla í ferðagreinum og það er samvinna við César Ritz Hotel Management.

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR Endurmenntunarstjóri Háskóla Íslands segir óheiðarlegt að villa um fyrir fólki sem hyggst stunda leiðsögunám. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Að sögn Kristínar Jónsdóttur er námskrá Leiðsöguskólans útgefin af menntamálaráðuneytinu fyrir framhaldskóla. Ráðuneytið hafi gert athugasemdir við að MK auglýsi námið á háskólastigi. Námið sé námslánshæft sem sérnám á framhaldsskólastigi.

Námið í Leiðsöguskóla MK er ekki metið inn í Háskóla Íslands.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á LAUGARDAG** Menntaskólinn í Kópavogi segir ekki lengur að nám í Leiðsöguskóla MK sé á háskólastigi.




Hver veit?

Við vitum aldrei hvað dregur á daga OKKAR. Því er gott að vita að það séu traustar undirstöður til staðar þegar við þurfum á þeim að halda.

4% barna fötluð eða langveik

Á Íslandi eru um 4% barna fötluð eða langveik. Þessir einstaklingar gætu þurft að lifa við lágmarksbætur frá Tryggingarstofnun ríkisins frá 18 ára aldri s... 100% örorku tæpum 1... króna á mánuði (nóvemb... það fé er ungu fólki ætla... þaki yfir höfuðið og lifa... það sem eftir er ævinnar... vegna ...undum ... Fyrir ...ma sér ...u lífi ...ur því augaleið að fjárhagsleg staða þeirra sem ekki geta fullnýtt tækifæri sín til menntunar eða þátttöku á vinnumarkaði er afar bág. Möguleikar til að standa á eigin fótum í fjárhagslegu tilliti eru í raun engir. Við áfall sem leiðir til örorku blasir ávallt við nýr raunveruleiki. Eigi barn eða ungmenni í hlut, stendur fjölskyldan öll frammi fyrir nýjum verkefnum og álagi. Fjármál heimilisins eru þar engin undantekning.




Ef þú ættir gæs sem verpir gulleggjum, hvort væri skynsamlegra að tryggja eggin eða gæsina? Gæsina að sjálfsögðu, þar sem hún verpir gulleggjunum ... teknanna. Ísle... tryggja gulleg... bílinn en all... ...tta að ...ið, að tryggja uppsprettu teknanna, þá sjálfa.

Líf og ábyrgð einstaklinga breytist og það er mikilvægt að tryggingarvernd þín taki mið af því.

Hafir þú gengið í hjónaband, keypt stærra húsnæði eða orðið foreldri, þarf að huga að tryggingaverndinni. Sýndu ábyrgð og kannaðu hvort hlutirnir eru í lagi hjá þér.




**EINN HINNA DÆMDU** Keshub Mahindra, fyrrverandi stjórnarformaður fyrirtækisins á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Dómar felldir vegna Bhopal:

# Sjö loks dæmdir

**INDLAND, AP** Sjö fyrrverandi yfirmenn eiturefnaverksmiðju Union Carbide í Bhopal á Indlandi hafa hlotið dóma fyrir stærsta umhverfis- og iðnaðarslys sögunnar, sem varð þar fyrir rúmum aldarfjórðungi.

Mennirnir, sem eru sumir komnir á áttræðisaldur, fengu tveggja ára fangelsisdóm, en voru allir látnir lausir gegn tryggingu strax og dómur var felldur. Einnig þurfa þeir að greiða um 300 þúsund krónur í sekt hver, auk þess sem fyrirtækið þarf að greiða 1,5 milljónir.

Leki eiturefna úr verksmiðjunni í desember 1984 kostaði nærri fjögur þúsund manns lífið, en að auki er talið að um 15 þúsund manns hafi látist af völdum slyssins á næstu árum. **- gb**



**JÓHANNA** Brást hart við gagnrýni Sigurðar Kára Kristjánssonar og minnti á að þingmaðurinn hefði ekki upplýst hverjir styrktu hann í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segir bankaráð halda sínu striki

**Ásakanir um smjörklípur og einelti gengu á víxl í þingsal í umræðum um laun Seðlabankastjóra. Sigurður Kári heldur því fram að Seðlabankastjóri eigi að fá 400 þúsund krónur umfram álit Kjararáðs.**

**ALÞINGI** Það gekk maður undir manns hönd í forsætisráðuneyti, bankaráði Seðlabanka og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að tryggja Má Guðmundssyni 400 þúsund krónum hærri laun en kjararáð hafði ákveðið að seðlabankastjóri skyldi þiggja, sagði Sigurður Kári Kristjánsson, Sjálfstæðisflokki, á Alþingi í gær.



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON**

Sigurður Kári og Birkir J. Jónsson, Framsóknarflokki, gerðu að umtalsefni kjaramál Seðlabankastjóra. Birkir spurði hvort Jóhönnu fyndist eðlileg stjórnsýsla að menn véluðu um launamál seðlabankastjóra bak við tjöldin.

Jóhanna Sigurðardóttir ítrekaði að hún hefði engin afskipti haft af launamálum seðlabankastjóra og engin fyrirheit gefið um þau mál. Seðlabankastjóri, ráðuneytisstjóri og formaður bankaráðs hafi staðfest það á fundum efnahags- og viðskiptanefndar þingsins.

Hins vegar kæmi það spánskt fyrir sjónir ef það væri rétt sem Sigurður Kári staðhæfði í umræðunni, að bankaráð ætli að greiða Má 400.000 krónum hærri laun á mánuði en Kjararáð ákvað. Fyrir því væri engin heimild.

Jóhanna brást hart við gagnrýni Sigurðar Kára og beindi spjótum að Morgunblaðinu, sem sagði fyrst frá tölvupóstum frá Má til Jóhönnu, sem lagðir voru fram á fundi þingnefndar máli Jóhönnu til stuðnings. Hún sagði að 400 þúsund krónur væri einmitt sú launahækkun á mánuði sem Davíð Oddsson hefði skammtað sjálfum sér eftir að hann varð seðlabankastjóri. Nú hefði hann hrökklast frá Seðlabankanum en stýrði Morgunblaðinu og skemmti sér þar við að leggja forsætisráðherrann hvarvetna í einelti.

Jóhanna taldi líka rétt að minna á að Sigurður Kári hefði ekki upplýst hverjir styrktu hann um 4,6 milljónir króna í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Hann væri því ekki trúverðugur talsmaður gagnsæis og opinbar stjórnsýslu.

Sigurður Kári sagði þessi orð Jóhönnu „einhverja aumustu smjörklípu“ sem hann hefði orðið vitni að í þingsal. Jóhanna bæri ábyrgð á pólitískri spillingu varðandi laun seðlabankastjóra.

Jóhanna sagði að Sigurði Kára færi illa að ræða um smjörklípur meðan hann væri sjálfur að sóa mörgum klukkustundum af tíma önnum kafins Alþingis í þetta mál þótt þeir sem að því komu hafi allir skýrt frá því að Jóhanna hefði engin fyrirheit gefið.

peturg@frettabladid.is

Oddviti VG í Reykjavík telur að ómaklega hafi verið vegið að sér í kosningunum:

# Sóley kannar réttarstöðu sína

**STJÓRNMÁL** Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn Reykjavíkur, segist ætla að kanna réttarstöðu sína vegna ummæla sem látin voru um hana falla í kosningabaráttunni fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

„Það eru ákveðin ummæli sem ég er með í huga en ég held að það sé ekki ráðlegt að gefa þau upp að svo stöddu,“ sagði Sóley í samtali við Fréttablaðið.

Spurð um hvaða einstaklingar það væru sem hefðu vegið ómaklega að henni sagði Sóley aðallega hafa verið um að ræða pólitíska andstæðinga sína. Hún taldi þá umræðu sem orðið hefði um hana hafa átt sinn þátt í þeim útstrikunum sem hún varð fyrir en 8,4 prósent kjósenda Vinstri grænna strikuðu hana út.

„Mér finnst líklegt að það sé vegna femínískra áherslna minna. Mér finnst það umhugsunarefni að fólk sé strikað út vegna pólitískra skoðana. Ég minnist þess ekki að það hafi verið gert áður. Venjulega er það vegna styrkja, spillingarmála eða jafnvel lögbrota,“ sagði Sóley enn fremur og bætti því við að þau ummæli sem hún hefði í huga hefðu bæði birtst í fjölmiðlum og í netheimum.



**SÓLEY TÓMASDÓTTIR**

Sóley er ekki komin með formlegan lögmann en hefur talað við lögfræðinga. Henni hefur verið ráðlagt að láta á þetta reyna og telur grundvöll vera fyrir málssókn. - mþl





29. júní eða 10. júlí

Bodrum í Tyrklandi

Án fæðis eða með „öllu inniföldu“

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til sumarleyfisperlunnar Bodrum í Tyrklandi 29. júní í 11 nætur og 10. júlí í 10 nætur. Í boði eru frábær sértilboð á gistingu á Queen Apartments og Hotel Bitez Garden Life ****, í hinum skemmtilega Bitez bæ. Queen Apartments er gott og notalegt fjölskyldurekið íbúðahótel sem býður góðan aðbúnað og mjög góða staðsetningu. Í boði er að kaupa sérstaklega fæði (bæði morgunverð og kvöldverð).
Hotel Bitez Garden Life er fallegt og gott hótel sem býður einstaklega góðan aðbúnað og fjölbreytta þjónustu. Hótelið var endurnýjað á smekklegan hátt fyrir um tveimur árum. Örstutt að ganga á ströndina og í miðbæinn. Á hótelinu er „allt innifalið“ sem felur m.a. í sér morgun-, hádegis- og kvöldverð auk innlendra óáfengra og áfengra drykkja. Fyrir ýmsa aðra þjónustu á hótelinu getur þurft að greiða sérstaklega.
Bodrum býður þín með einstakan menningararf, stórbrotna náttúrufegurð, töfra Eyjahafsins, frábæran mat og ótrúlega hagstætt verðlag! Sumarleyfisstaðurinn Bodrum í Tyrklandi er einn eftirsóttasta áfangastaður Tyrklands. Gríptu tækifærið og bókaðu strax frábært frí á hreint ótrúlegum kjörum.

**Kr. 109.900**
**Queen Apartments ***
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með 1 svefnherbergi í 10 eða 11 nætur. Sértilboð 29. júní og 10. júlí. Aukalega fyrir hálft fæði kr. 2.000 kr. á dag fyrir fullorðna og kr. 1.000 fyrir börn (að 12 ára aldri). Sértilboð.

**Kr. 149.900**
**Hotel Bitez Garden Life ****
með „öllu inniföldu“
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í fjölskylduherbergi með „öllu inniföldu“ í 11 nætur. Sértilboð 29. júní. Aukalega m.v. 10 nátta ferð 10. júlí kr. 8.000 á mann. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu“ í 11 nætur kr. 164.900. Sértilboð 29. júní. Aukalega m.v. 10 nátta ferð 10. júlí kr. 8.000 á mann.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is



# Úrval ríkisskuldabréfasjóða

Enginn munur á kaup- og sölugengi fram til 1. júlí

| Ríkisskuldabréfasjóðir | |
|---|---|
| Reiðubréf ríkistryggð | 7,09%* |
| Sparibréf stutt | 9,56%* |
| Sparibréf meðallöng | 13,24%* |
| Sparibréf löng | 15,05%* |
| Sparibréf verðtryggð[1] | – |
| Sparibréf óverðtryggð[1] | – |

Sjóðir sem bera ávöxt

Landsbankinn býður upp á sex ríkisskuldabréfasjóði sem fjárfesta nær eingöngu í ríkistryggðum skuldabréfum. Sjóðirnir eru með sömu fjárfestingarstefnu en mismikla vaxtaáhættu. Munurinn felst aðallega í lengd þeirra skuldabréfa sem fjárfest er í og hlutfalli verðtryggðra og óverðtryggðra ríkisskuldabréfa. Sjóðirnir hafa skilað betri ávöxtun en almennir innlánsreikningar síðasta árið og henta vel fyrir reglubundinn sparnað.

**FJÁRMÁLARÁÐGJÖF** | landsbankinn.is | 410 4040

Landsbankinn

Ríkisskuldabréfasjóðir Landsbankans eru verðbréfasjóðir samkvæmt lögum nr. 30/2003 og lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. og vörslufélag þeirra er NBI hf. (Landsbankinn). Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Nánari upplýsingar um sjóðina má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr þeim á landsbankinn.is og á landsvaki.is.

Fjárfestum er bent á að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna áður en fjárfest er í þeim.

* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 28. maí 2010.
1. Sjóðurinn tók til starfa þann 7. maí 2010 og þar af leiðandi liggja upplýsingar um nafnávöxtun ekki fyrir.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

ENNEMM / SÍA / NM42492

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stjórnmálamenn verða að hafa kjark í tiltektina.

## Að þora ekki að veðja á hið þekkta

Nýliðnar sveitarstjórnarkosningar sýndu glöggt að íslenskir kjósendur hafa misst trú á stjórnmálamönnum. Um það ber vitni lítil kosningaþátttaka, einkum í þeim sveitarfélögum þar sem eingöngu voru í boði listar gömlu flokkanna. Sömuleiðis árangur nýrra framboða, þar á meðal grínframboða, og talsvert miklar útstrikanir og tilfæringar á frambjóðendum á listum.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Yfir 40 prósent kjósenda í Reykjavík vildi frekar verja atkvæði sínu til flokks sem þeir vissu ekkert fyrir hvað stæði heldur en að kjósa einn hinna gömlu flokka sem þeir töldu sig líklega vita of vel fyrir hvað stæðu því ekki buðu þeir upp á endurnýjun svo nokkru næmi, utan Framsóknarflokks sem náði þó engum slagkrafti.

Og hvernig bregðast svo flokkarnir við þessum niðurstöðum? Í Reykjavík reynir Samfylkingin að vera hress með Besta flokknum og hefur kynnt myndun meirihluta þar sem engin stefnumál eru ljós en upplýst hver verður borgarstjóri og formaður borgarráðs.

Á sama tíma engist Sjálfstæðisflokkurinn vegna styrkjamála Guðlaugs Þórs. Guðlaugur neitar að víkja og sveit hans ver hann vasklega sem út af fyrir sig er skiljanlegt. Hitt er síður skiljanlegt að forysta flokksins skuli kjósa að beina blinda auganu að málinu, vitandi þó að áframhaldandi þingseta Guðlaugs Þórs hlýtur að laska flokkinn verulega og til langs tíma.

Formaðurinn hefur reynt að varpa frá sér boltanum með því að segja að það sé kjósenda að velja hvort þeir veita Guðlaugi áframhaldandi umboð. Nú er það svo, eins og kunnugt er, að ekki er hægt að gera ráð fyrir þingkosningum fyrr. Viðbrögð formannsins bera þannig vott um að hann ráði ekki við að taka ábyrgð á flokki sínum og þeim sem til ábyrgðar er kjörnir í hans nafni.

Rök þingflokksformannsins um að ekki megi nota mælistiku ársins 2010 á atburði sem áttu sér stað árið 2006 eru ekki heldur vænleg til árangurs fyrir flokkinn. Er það ekki einmitt það sem er að gerast í íslensku samfélagi um þessar mundir að við erum að hafna þeim mælikvörðum sem þóttu góðir og gildir árið 2006 og á árunum þar í kring, í það minnsta í stórum hluta samfélagsins og stjórnmálaheimsins? Það er einmitt þess vegna sem krafan um endurnýjun og breytingar er svona sterk.

Þessi skilaboð verður Guðlaugur Þór að skilja og taka til sín. Formaður hans og þingflokksformaður verða að liðsinna honum við að taka þá einu ákvörðun sem hægt er að taka, jafnvel þótt þar með hverfi brjóstvörn fleiri flokkssystkina sem einnig þáðu styrki, þótt ekki væri í sama mæli og Guðlaugur.

Sá fjáraustur fyrirtækja og efnafólks í prófkjörsbaráttu innan stjórnmálaflokka sem viðgekkst hér er hluti af fortíð sem skal kært kvödd. Til þess að nægileg reisn sé yfir þeirri kveðju verða þeir stjórnmálamenn sem ekki standast siðferðiskröfur ársins 2010 að yfirgefa sviðið og hleypa að nýju fólki með ný viðmið.

Einungis þannig er von til þess að stjórnmálalífið endurheimti það traust að almenningur leggi í að kjósa þá flokka sem hann veit fyrir hvað standa.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enn eitt grínið?

Tilvonandi borgarstjóri, Jón Gnarr, fullyrti í samtali við Stöð 2 á sunnudaginn að alþjóðleg dýraverndunarsamtök hefðu sýnt því mikinn áhuga að koma ísbirni í Húsdýragarðinn í Reykjavík. Nefndi hann sérstaklega til sögunnar World Wildlife Foundation, sem væru ein þau stærstu í heimi, sem hefðu sýnt málinu mikinn áhuga. Hvernig sem leitað er finnst hvorki haus né sporður á þessum risastóru samtökum sem borgarstjórinn telur að muni greiða umtalsverðar fjárhæðir svo hægt sé að koma ísbirni í búr. Spurning hvort þetta sé enn eitt grínið hjá Jóni?



### Misskilningur?

Svo allar sanngirni sé gætt gæti borgarstjórinn verið að tala um World Wildlife Fund, sem í dag heitir World Wide Fund for Nature. Þau samtök hafa það á stefnuskrá sinni að vernda villt dýr í náttúrulegu umhverfi sínu. Og þrátt fyrir heitið er ekki um neinn sjóð að ræða, heldur frjáls félagasamtök sem lifa á styrkjum og ekki það miklum. Ólíklegt er að ísbjörn í búri sé ofarlega á forgangslista þeirra.



### Seyðið sopið

Menn hafa farið mikinn vegna umræðunnar um launakjör seðlabankastjóra og velt því upp hver sagði hvar hvenær og hvernig. Allt snýst málið um hver vildi að Már Guðmundsson væri með hærri laun en Jóhanna Sigurðardóttir. Stjórnvöld súpa þarna seyðið af þeirri undarlegu ákvörðun sinni að enginn ríkisstarfsmaður megi vera með hærri laun en forsætisráðherra. Formaður jafnaðarmannaflokksins er nefnilega æðstur allra.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Beint lýðræði - ný stjórnarskrá

Stjórnmál

Tryggvi Gíslason

Fyrrverandi skólameistari Menntaskólans á Akureyri



Skammt er öfga milli. Eftir alræði íslenskra stjórnmálaflokka heila öld – eða frá upphafi þingræðis, er farið að tala um beint lýðræði þar sem öll meginmál skal ákveða með þjóðaratkvæðagreiðslu. Jafnframt er talað um að fjórflokkurinn sé dauður og flokkakerfið hafi runnið sitt skeið á enda. Þetta er enn eitt dæmið um öfgar í íslenskri umræðu þar sem heimurinn er annaðhvort svartur eða hvítur.

Beint lýðræði krefst þess að kjósendur setji sig inn í öll mál, þekki allt, skilji allt og viti allt. Slíkt er óhugsandi af þekkingarfræðilegum ástæðum. Enginn getur þekkt allt, skilið allt og vitað allt, heldur verðum við kjósendur að treysta kjörnum fulltrúum til þess að ráða fram úr málum samfélagsins og sveitarfélaga. Í slíku felst eðlileg verkaskipting í þjóðfélagi sérfræðinnar – þjóðfélagi þekkingarinnar. Auk þess er beint lýðræði þunglamalegt og kostnaðarsamt. Í þriðja lagi – og það sem skiptir mestu máli: í beinu lýðræði ber enginn ábyrgð, en ábyrgð er það sem skiptir máli.

Eftir sviksemi viðskiptalífsins, dugleysi fjölmiðla og blindingsleik leiðtoga stjórnmálaflokka skiptir mestu máli, að fólk – ungt og gamalt, konur og karlar verði krafið um að bera ábyrgð á gerðum sínum og sé gert kleift og að bera ábyrgð á sér sjálft: í skólum, á heimilum og vinnustöðum, í umferðinni, í samskiptum við annað fólk – og í stjórnmálum.

Til þess að auka ábyrgð almennings þurfum við ekki síst ábyrga stjórnmálaflokka og virkt fulltrúalýðræði, opna umræðu og algera upplýsingaskyldu. Ábyrgir stjórnmálaflokkar eiga að ráða því sjálfir, hverja þeir bjóða fram og ekki nota prófkjör – sem er blekking, upphaflega fundin upp til þess að slá ryki í augun á fólki og láta það halda að það ráði sjálft, en endaði með spillingu og því að hlaupandi strákar úr íþróttafélögum eða allt öðrum stjórnmálaflokkum réð framboðslistum. Stjórnmálaflokkar eiga að kynna stefnumál sín og viðhorf á einfaldan, skýran og skiljanlegan hátt og fjölmiðlar eiga að veita flokkum og frambjóðendum aðhald á grundvelli þekkingar á lögmálum samfélagsins – það þarf sem sagt menntaða blaðamenn og hlutlæga fjölmiðla.

Hins vegar á nú að nota beint lýðræði til að setja landinu ný grundvallarlög – nýja stjórnarskrá, þar sem kjörið er til stjórnlagaþings beinni persónukosningu með landið allt sem eitt kjördæmi þar sem virðing fyrir manninum er fyrsta boðorðið eins og er í stjórnarskrá Þýskalands þar sem segir: Die Würde des Menschen ist uantastbar – „virðing mannsins er ósnertanleg“.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Allir sem einn

Í DAG



Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður

Hinn 21. maí árið 1979, nokkrum dögum fyrir þingslit, ríkti sérstök stemning á löggjafarsamkomunni þegar fundur var settur í sameinuðu alþingi. Þingpallar voru þéttsetnir og mátti þar kenna nokkra nafntogaða menn. Í fréttamannastúkunni voru fleiri fréttamenn en maður átti að venjast og eftirvænting í loftinu. Í síðdegisblöðunum hafði þingmaður upplýst almenning um að fjármálaráðherra landsins yrði látinn svara til saka utan dagskrár þennan dag. Hafði hann tekið lán til bifreiðakaupa hjá ríkissjóði eða ekki? Ef mig misminnir ekki, var þetta í samræmi við nýjar reglur um hlunnindi ráðherra, og til þess gerðar að bifreiðin væri á þeirra ábyrgð, þótt reksturinn væri ríkisins. Hér var því ekki um lögbrot að ræða. Frést hafði að einn ráðherra hefði nýtt sér þetta, en ekki gefið upp hver það var.

Þegar fundi var slitið í sameinuðu þingi, áttuðu menn sig á að uppákoman væri í efri deild, og þyrptust í stúkuna þar. Þingmaðurinn steig í pontu og útlistaði með tilþrifum erfiðleika sína við að fá upplýsingar um bílamál ráðherra, einkum hver hefði fengið þriggja milljón króna lán. Sagði að það væri með nokkrum trega að hann héldi uppi þessum málflutningi utan dagskrár, en það hefði verið krafa almennings í síðustu kosningum að spillingu á æðstu stöðum linnti.

Hljómar þetta ekki dálítið kunnuglega?

Fjármálaráðherra tók síðan til máls, rakti fríðindi ráðherra til bílakaupa á liðnum árum og benti á að þessar nýju reglur væru til þess gerðar að draga úr þeim.

Um þetta hefði verið alger samstaða í ríkisstjórninni. Þegar hann hafði lokið máli sínu, stóðu þrír ráðherrar upp til að hreinsa sig af þeim ávirðingum, að þeir létu ríkið gera upp bifreiðar sínar fyrir háar upphæðir og seldu þær síðan. Svo var fundi slitið.

Þetta vor hafði ríkisstjórnin lýst því yfir að efnahagslíf þjóðarinnar væri í rúst.

Ekki hafði tekist að ná samstöðu í launa- og kjaramálum, sáttanefnd ekki tekist að leysa verkfallshnútinn og framhaldskólafrumvarpið beið eftir umræðu og afgreiðslu.

Nokkrir dagar til þingslita, og bílafríðindi ráðherra er það sem vekur mestan áhuga hjá fréttamönnum og almenningi!

**Styrkir til frambjóðenda**

Frambjóðendur til Alþingis og sveitarstjórna voru lengst af valdir til ábyrgðar í samræmi við skipulag eigin flokks eða hreyfingar. Gjarnan var reynt að láta listann endurspegla samfélagið á þann hátt, að innan hans væri að finna þekkingu og reynslu á sem flestum sviðum samfélagsins, sem og fólk á öllum aldri. Margir þeirra sem báru ábyrgð á uppstillingum á lista, fögnuðu því þegar prófkjörin komu til sögunnar.

Bæði vegna þess að almennir flokksmenn völdu nú sjálfir þá fulltrúa sem þeir treystu, en einnig var talið að þessi tilhögun myndi skapa meiri hreyfingu á listunum og örari endurnýjun. Það hefur ekki gengið eftir.

**Auglýsingamennska tók völdin.**

Takist frambjóðendum ekki að kynna sig í fjölmiðlum, dregur það úr líkum á því að þeir komist áfram. Oftar en ekki man fólk aðeins eftir þeim sem það sér og les um í fjölmiðlum. Þess vegna hafa þekktir fjölmiðlamenn og listamenn forskot þegar kemur að prófkjörum. Ef vinir og stuðningsmenn venjulegra frambjóðenda hefðu ekki farið á stúfana og safnað fjármunum til að kynna þá, er ekki ólíklegt að flestir frambjóðendanna hefðu verið auðkýfingar eða ættingjar slíkra manna. Styrkir til frambjóðenda voru einkamál, en eru það ekki lengur, og á því nærast nú lýðskrumarar og pólitískir trúboðar. Upphæðin skiptir ekki máli

Ef stjórnmálamenn sem þáðu styrki þegar það var almennt viðurkennd leið til að koma sér á framfæri, eru allt í einu orðnir óþægilegir í nafni heiðarleikans og ýtt við þeim bæði í eigin flokki, bloggfærslum og fjölmiðlum, þá verður að ganga alla leið.

Ef sá sem fær tuttugu og fjórar milljónir gefins, fyrst og fremst af því að hann er vinsæll og honum er treyst, og sú sem fær sjö eða átta milljónir af sömu ástæðu, eiga að víkja, þá eiga allir að víkja sem þáðu styrki. Allir sem einn. Upphæðin skiptir ekki máli. Það þýðir ekkert að stæra sig af að hafa aðeins þegið fimm hundruð þúsund eða milljón. Annað hvort er þetta ekki liðið, og þá verða allir að standa upp, eða leggja niður þetta tal.

Eða eins og litla stelpan sagði um árið: Ef þú stelur tíu krónum ertu alveg jafn mikill þjófur og sá sem stelur meiru".

## AF NETINU

### Atkvæði endurheimt fyrir dómstólum?!



Hvernig á þetta meiðyrðamál að fara fram, og hvernig í ósköpunum getur það orðið til annars en að skemma meira fyrir Sóleyju og VG? Svo man ég ekki heldur eftir því að hafa áður séð þessa tegund af viðbrögðum við skilaboðum kjósenda. Hvernig væri að Sóley tæki þessum útstrikunum sem skilaboðum um að hún hafi ekki staðið sig nógu vel? [...] Kannski þarf hún að leggja meira á sig til að vinna málstað sínum fylgi innan flokksins? Kannski er það ekki femínisminn heldur hún sjálf sem kjósendur VG eru ósáttir við?

blog.eyjan.is/freedomfries

**Magnús Sveinn Helgason**

### Horfnu milljónirnar



Guðlaugur Þór hefur sent frá sér yfirlýsingu um hverjir studdu hann í prófkjörunum miklu … eða öllu heldur, hann gefur upp þá sem gáfu honum 2/3 hluta peninganna. Hins vegar er hann enn þögull um síðasta þriðjunginn. Í ljósi þess að meðal þeirra sem hann þorir að gefa upp eru: Fons, FL Group, Milestone og Baugur … hverjir í andskotanum geta hinir þá verið? Erum við að tala um Halim Al? Mafíuna? Pedófílasamtökin?

kaninka.net/stefan

**Stefán Pálsson**

NORDISK MILJØMÆRKNING
527 040




Neutral í sátt við umhverfið

Með því að velja Neutral vörur með Svansmerkinu vottar þú umhverfinu virðingu þína.
Auk þess að vera umhverfisvænar eru Neutral vörurnar án litarefna, ilmefna, bleikiefna og annarra aukaefna og vernda því viðkvæma húð.

Veldu Neutral fyrir þig, barnið þitt – og umhverfið

Neutral vörurnar eru viðurkenndar af Ofnæmis- og astmasamtökum Norðurlanda

Neutral®
verndar viðkvæma húð

ENNEMM / SÍA / NM42446



Svanhvít Sverrisdóttir
viðskiptastjóri Ármúla

Yfir 70% viðskiptavina okkar **mæla með MP banka** við ættingja sína og vini.* Það eru ánægjuleg meðmæli.

*skv. þjónustukönnun MP banka febrúar 2010

Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.
**Þannig á banki að vera.**

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

MP BANKI

www.mp.is • 540 3200 • Ármúla 13a • Borgartúni 26

# - EITT HJARTA – EITT LÍF

HjartaHeill
Öll þjóðin -eitt hjarta
Bíllinn fer í skoðun einu sinni á ári - hversu oft ferð þú í skoðun?

## *Þökkum öllum þeim hjartanlega fyrir sem hjálpuðu okkur í þessu átaki:*

Strendingur ehf.
Tannlæknastofa Jóns M. Björgvinssonar
Tækni - Stál ehf.
Úthafsskip ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélaverkstæði Hjalta Einarssonar ehf.
Vörubílastöð Hafnarfjarðar ehf.
**Keflavík**
Árbak ehf.
DMM Lausnir ehf.
Efnalaug Suðurnesja - BK hreinsun ehf.
Fagtré ehf.
Grímsnes ehf.
Húsagerðin hf.
Húsanes ehf.
Málverk sf.
Reykjanesbær
Samkaup hf
Sjúkraþjálfunarstöðin Átak ehf.
Skipting ehf.
Starfsmannafélag Suðurnesja
T.S.A. ehf.
Tannlæknastofa Einars Magnússonar ehf.
Triton sf. - Tannsmíðastofa
Verslunarmannafélag Suðurnesja
**Keflavíkurflugvöllur**
Miðnesheiði ehf.
**Grindavík**
E.P. verk ehf.
EVH Verktakar ehf.
Grindavíkurbær
Grindin ehf.
Hafsteinn Sæmundsson
Jens Valgeir ehf.
Stjörnufiskur ehf.
Söluturninn Víkurbraut
Vísir hf.
**Sandgerði**
Sandgerðisbær
**Garður**
Sveitarfélagið Garður
**Njarðvík**
ÁÁ Verktakar ehf.
Fitjavík ehf.
Plexigler ehf.
Trausti Már Traustason, múrarameistari
Vökvatengi ehf.
**Mosfellsbær**
Bílapartar ehf.
Bílaverkstæði Sigurbjörns Árnasonar
Garðplöntustöðin Gróandi
Glertækni ehf.
Hákon og Pétur - Verktakar
Ísfugl ehf.
Mosfellsbær
Vélsmiðjan Orri ehf.
**Akranes**
Almenni Ökuskólinn
Golfklúbburinn Leynir
Grastec ehf.
GT tækni ehf.
Haukur Sigurbjörnsson ehf.
MVM ehf.
Runólfur Hallfreðsson ehf.
Straumnes ehf., rafverktakar
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf.
Vignir G. Jónsson ehf.
**Borgarnes**
Bókhalds og tölvuþjónustan
Ensku húsin, gistiheimili við Langá
Framköllunarþjónustan ehf.
Gösli ehf.
Jörvi ehf. vinnuvélar
Kristý sf.
Landnámssetur Íslands
Velverk ehf.
Vélabær
Þjónustumiðstöðin Húsafelli ehf.
**Stykkishólmur**
Farfuglaheimilið
Heimahornið ehf.
Rannsóknarnefnd sjóslysa
**Grundarfjörður**
Eyrbyggja - Sögumiðstöð
GG-Lagnir ehf.
**Ólafsvík**
Brauðgerð Ólafsvíkur hf.
Fiskiðjan Bylgja hf.
Fiskmarkaður Íslands hf.
Valafell ehf.
**Hellissandur**
Esjar ehf.
Nónvarða ehf.
Reykhólahreppur
Steinver sf.
**Ísafjörður**
Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf.
H & B verslunarrekstur ehf.
Hafnarbúðin
Skipsbækur ehf.
Stál og Hnífur ehf.
Tréver sf
Útgerðafélagið Kjölur
Vélsmiðja Ísafjarðar hf.
Þröstur Marsellíusson ehf.
**Bolungarvík**
Fiskmarkaður Bolungarvíkur og Suðureyrar ehf.
Sérleyfisferðir
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur
**Súðavík**
Súðavíkurhreppur
**Flateyri**
Grænhöfði ehf.
Sytra ehf.
**Patreksfjörður**
Einherji ehf.
Fiskvon ehf.
Fjölval Verslun
Nanna ehf.
Vesturbyggð
**Þingeyri**
RKÍ Dýrafjarðardeild
Tengill sf.
**Brú**
S.G. Verkstæði ehf
Hólmavík
Grundarás
Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Strandabyggð
**Norðurfjörður**
Hótel Djúpavík ehf.
**Hvammstangi**
Bílagerði ehf.
Húnaþing vestra
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar sf.
**Blönduós**
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda
Húnavatnshreppur
Stéttarfélagið Samstaða
VA ehf.
**Skagaströnd**
Marska ehf.
Rafmagnsverkstæðið Neistinn ehf.
Skagabyggð
Vélaverkstæði Skagastrandar
Vík ehf.
**Sauðárkrókur**
Bifreiðaverkstæði Kaupfélags Skagfirðinga
Kaupfélag Skagfirðinga
K-Tak hf.
Trésmiðjan Ýr
Verslun Haraldar Júlíussonar
Vinnuvélar Guðmundar og Skúla sf.
**Varmahlíð**
Akrahreppur - Skagafirði
Hestasport - Ævintýraferðir ehf.
Langamýri fræðslusetur
**Fljót**
Víkurver ehf.
**Akureyri**
Bílasala Akureyrar hf.
Blikkrás ehf.
Bókaútgáfan Tindur - www.tindur.is
Dragi ehf.
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Friðjón Jóhannsson
G.V. gröfur ehf.
Index tannsmíðaverkstæði ehf.
K.B. bólstrun
Kælismiðjan Frost ehf.
Litblær ehf.
Ljósgjafinn ehf.
Lostæti ehf.
Miðstöð ehf.
Netkerfi og tölvur ehf.
Peka ehf.
Rofi ehf.
Samvirkni ehf.
Tannlæknastofa Björns Rögnvaldssonar ehf.
Tölvís sf.
Verkstjórafélag Akureyrar og nágrennis
Vélsmiðja Steindórs hf.
Viðskiptahúsið ehf.
**Grenivík**
Darri ehf.
Jónsabúð ehf
**Dalvík**
dóttir Skraddarans - Gallery og vinnustofa
G. Ben. Útgerðarfélag ehf.
Hýbýlamálun
**Ólafsfjörður**
Brimneshótel ehf.
Íþróttamiðstöð Ólafsfjarðar
Raftækjavinnustofan sf.
Sjómannafélag Ólafsfjarðar
**Hrísey**
Veitingahúsið Brekka ehf. www.brekkahrisey.is
**Húsavík**
Heiðarbær veitingar sf.
Höfðavélar ehf.
Jarðverk ehf.
Minjasafnið Mánárbakka
Trésmiðjan Rein ehf.
Vermir sf.
Vélaverkstæðið Árteigi
Ökuskóli Húsavíkur ehf.
**Reykjahlíð**
Eldá ehf.
**Kópasker**
Rifós hf.
**Raufarhöfn**
Önundur ehf.
**Þórshöfn**
Trésmiðjan Brú
**Vopnafjörður**
ES - vinnuvélar ehf.
Sláturfélag Vopnfirðinga
**Egilsstaðir**
Bílamálun Egilsstöðum ehf
Fljótsdalshérað
G. Ármannsson ehf.
Grænafell ehf. kranaþjónusta
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Hótel Svartiskógur
Miðás hf.
PV - pípulagnir ehf.
Trésmiðja Guðna Þórarinssonar
Unnar Elísson
Verkfræðistofa Austurlands hf.
**Seyðisfjörður**
Gullberg ehf.
RKÍ Seyðisfjarðardeild
Seyðisfjarðarkaupstaður
**Eskifjörður**
Bókabúðin Eskja
Egersund Ísland ehf
Eskja hf.
Tandraberg ehf
**Neskaupstaður**
Rafgeisli Tómas R. Zoéga ehf.
Síldarvinnslan hf.
**Fáskrúðsfjörður**
Loðnuvinnslan hf.
Vöruflutningar Óskars Gunnarssonar
**Höfn**
Ferðaþjónusta Brunnavöllum
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands
Hornabrauð ehf.
Hvanney SF 51
Málningarþjónusta Hornafjarðar sf.
Skinney - Þinganes hf.
**Selfoss**
ATGEIR invest ehf.
Bakkaverk ehf.
Bifreiðastöð Árborgar
Bifreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bílaþjónusta Péturs ehf.
Bjarnabúð
Bókaútgáfan Björk
Búnaðarfélag Grafningshrepps
Búnaðarsamband Suðurlands
Byggingarfélagið Árborg ehf.
Do-Re-Mi
Fossvélar ehf.
Framsóknarfélag Árnessýslu
Grímsnes & Grafningshreppur
Kvenfélag Grímsneshrepps
Nesey ehf.
Pípulagnir Helga ehf.
Set ehf.
Tískuverslunin Lindin
Veiðisport ehf - www.veidisport.is
Verslunin Íris, Kjarnanum
**Hveragerði**
Bílaverkstæði Jóhanns Garðarssonar
**Þorlákshöfn**
Fagus ehf.
Fiskmark ehf.
Frostfiskur ehf.
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Hafnarvogin
Járnkarlinn ehf.
Þorlákshöfn
**Stokkseyri**
Flóð og fjara ehf.
**Flúðir**
Áhaldahúsið Steðji
Ástríður Guðný Daníelsdóttir
Flúðasveppir ehf.
**Hella**
Hestvit ehf.
Raffoss ehf.
Varahlutaverslun Björns Jóhannssonar
**Hvolsvöllur**
Búaðföng / bu.is ehf.
Krappi ehf.
**Vík**
Hótel Höfðabrekka ehf
Hrafnatindur ehf.
Klakkur ehf.
Mýrdalshreppur
Þórisholt ehf. - Þórisholtsgulrófur
**Kirkjubæjarklaustur**
Icelandair Hotel Klaustur
RKÍ Klausturdeild
**Vestmannaeyjar**
Bessi ehf.
Bifreiðaverkstæði Muggs
Bílaverkstæði Sigurjóns
Frár ehf.
Hárstofa Viktors
Ísfélag Vestmannaeyja hf.
Miðstöðin ehf.
Net hf.
Ós ehf.
Pétursey ehf.
Prentsmiðjan Eyrún ehf.
Vestmannaeyjabær
Vélaverkstæðið Þór hf.

Hjartaheill, Landssamtök hjartasjúklinga • Síðumúla 6 • 108 Reykjavík • Sími 552 5744 • Fax 562 5744 • www.hjartaheill.is


PAPPÍR HF
icepharma
VM Félag vélstjóra og málmtæknimanna
græni hlekkurinn
Virðing Réttlæti VR
HRAÐFRYSTIHÚS HELLISSANDS HF
VESTFIRSKIR VERKTAKAR
BT
MJÓLKURSAMSALAN
LYRA
Eirberg
LYSI
LYFJAVER
Katla
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS vænlegast til vinnings
SOS Tölvuhjálp Er tölvan biluð? Við lögum hana! s: 86 409 31 • sos@alf.is
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA
Office1
Alþýðusamband Íslands
RioTintoAlcan ISAL-STRAUMSVÍK
KORNAX
RÆSTING OG BÓN ehf.
FASTUS
SAMBAND GARÐYRKJUBÆNDA
GÁSKI SJÚKRAÞJÁLFUN
Icelandexcursions Allrahanda
PRENTSMIÐJAN VIÐEY Sími 577 4646 - videy@videy.is
íslenskt grænmeti
ILVA einfaldlega betri kostur

# Af tækifærum í niðurskurði

Fjármál

Árni Páll Árnason

félags- og tryggingamálaráðherra



Við lifum sérkennilega tíma. Eftir innistæðulausa góðærisveislu er komið að skuldadögum. Samfélagið hefur eytt um efni fram. Við þurfum á næstu þremur árum að eyða fjárlagagati sem nú stendur í 90 milljörðum króna. Á næstu þremur árum þurfum við að spara 1 krónu af hverjum 6 sem við eyðum nú.

Fjárlagagerð fyrir árið 2011 verður flóknasta verkefnið. Gatið sem þarf að loka er að minnsta kosti 43 milljarðar. Til samanburðar má nefna að öll framlög til sendiráða erlendis eru um 5 milljarðar og framlög til búvörusamninga mjólkur- og sauðfjárbænda eru um 9 milljarðar. Allar vaxtabætur í landinu eru 10 milljarðar. Það eru því engar einfaldar lausnir sem duga til að ljúka þessu verkefni.

Heildarútgjöld ríkisins eru um 500 milljarðar. Ef tekin eru saman útgjöld til mikilvægustu grunnþjónustunnar, heilbrigðis- og félagsmála, menntamála og grunnlöggæslu, taka þau til sín 70 prósent tekna ríkisins.

Þetta erfiða verkefni getur alls ekki beðið. Vaxtagreiðslur eru nú næststærsti liður ríkisútgjalda – minni en framlög til félags- og tryggingamála en meiri en framlög til heilbrigðismála. Við greiðum nærri eina krónu af hverjum fimm sem við öflum í vexti. Þetta ástand getur ekki gengið lengur og við getum ekki varpað þessum vanda á kynslóð barnanna okkar.

Við tölum oft um að forgangsraða í þágu velferðar og getum sýnt umtalsverðan árangur í því efni. Almennt aðhald í ríkisrekstrinum var samtals um 15-16 prósent árin 2009 og 2010. Á sömu tveimur árum var samdráttur fjárveitinga í þjónustu við fatlaða einungis um 2,6 prósent. Það er erfitt að gera mikið meiri aðhaldskröfu á velferðarþjónustu þar sem launakostnaður er stærsti útgjaldaliðurinn og þorri starfsfólks er á lægstu launum. Velferðin verður ekki varin nema við treystum okkur til meiri og harkalegri forgangsröðunar en við höfum áður reynt.

### Hvað getum við gert?

Ríkisstjórnin hefur lagt upp með 5 prósent aðhaldskröfu á velferðarþætti og 9 prósent á aðra rekstrarþætti ríkisins. Það er skynsamlegt. En ríkisrekstur er misjafnlega í stakk búinn til að bera samdrátt. Við getum að ósekju skorið niður í ýmsum merkum verkefnum á sviði samgöngumála, lokað Þjóðmenningarhúsi og fækkað í starfsliði á vegum utanríkisþjónustunnar erlendis. Allt truflar þetta okkur með einum hætti eða öðrum en enginn líður óbætanlegt tjón. Þolum við ekki sama þjónustustig á vegum landsins og var 2006 – nú eða 2002? Getum við ekki verið jafn fáliðuð í hverju sendiráði landsins erlendis nú og við vorum 1993-1994?

Við getum farið þá leið að láta niðurskurð í fjárframlögum bitna á velferðarþjónustunni. Þá þurfum við að segja upp fólki í þjónustu við fatlaða og aldraða. Fatlaður einstaklingur fær þá ekki þá þjónustu sem honum er nauðsyn til að leggja af mörkum í samfélaginu og nýta hæfileika sína okkur öllum til góðs. Aldraður íbúi á hjúkrunarheimili fær þá verri þjónustu, missir hreyfigetu og heilsu. Við viljum ekki samfélag sem tjóðrar fatlaða við myllustein eða lætur aldraða liggja í rúmum sínum á hjúkrunarstofnunum vegna manneklu. Við græðum ekkert til lengri tíma á að fækka lágt launuðu fólki í nauðsynlegum þjónustustörfum. Uppsögn kallar á greiðslu atvinnuleysisbóta, sem eru lítið eitt lægri en lægstu laun. Slík ráðstöfun sparar ríkinu ekkert ef um stöðugildi er að ræða sem nauðsynlega þarf að manna þegar samdrættinum lýkur.

Þess vegna þurfum við að forgangsraða. Lokun Þjóðmenningarhúss sparar bara 100 milljónir, en þær 100 milljónir duga fyrir 20 störfum í þjónustu við fatlaða. Sameiningar stofnana fækka fólki, en sú fækkun leiðir ekki til skertrar þjónustu og unnt er að mæta henni að stórum hluta með eðlilegri starfsmannaveltu.

### Ný þjóðarsátt

Við þurfum þjóðarsátt. Það er engin innstæða fyrir kauphækkunum hjá hinu opinbera til ársloka 2013. Kauphækkanir opinberra starfsmanna við núverandi aðstæður kalla einfaldlega á fækkun starfa – það þarf þá að segja upp fólki til að standa undir kauphækkunum til þeirra sem hafa vinnu. Því miður gildir það sama um verðbætur á lífeyrisgreiðslur til lífeyrisþega. Við höfum litið á greiðslur úr almannatryggingum sem endurgjald fyrir það tryggingariðgjald sem við öll greiðum með sköttum á starfsævinni. En þegar innstæðunni hefur verið eytt með óábyrgum skattalækkunum og óráðsíu ríkisstjórna undanfarinna ára verður að horfast í augu við veruleikann og viðurkenna að innstæða er ekki fyrir hækkunum næstu árin.

> Fækkun ráðherra og þar með ráðuneyta er forgangsverkefni, enda mikilvægt að ríkisstjórnin gangi á undan með góðu fordæmi og veiti raunverulega leiðsögn.

Það besta sem hægt er að tryggja við núverandi ástand er frysting launa og lífeyrisgreiðslna fram til ársloka 2013, þegar við ætlum okkur að hafa lokað gatinu. En á móti verður eitt yfir alla að ganga. Sama regla verður að gilda um allar verðbætur sem ríkið greiðir á afkomutengdar greiðslur, svo sem innan búvörusamninga.

Á móti verðum við að sameinast um að verja velferðarkerfið. Verja þjónustuna við aldraða og fatlaða. Verja sem kostur er millifærslukerfin – barnabætur, vaxtabætur og húsaleigubætur sem nýtast fólki með lágar- og meðaltekjur. Við þurfum líka að leita leiða til að draga úr kostnaðarhækkunum fyrir þá sem eru með lægstu launin og mestu framfærslubyrðina eða tryggja þeim stærri hlut með nýju barnatryggingakerfi og húsnæðisbótakerfi. Við þurfum sérstaklega að gæta að áhrifum hækkandi lyfjakostnaðar á lífeyrisþega.

Samhliða þessu þurfum við að ganga hart fram til að spara hvarvetna í ríkiskerfinu – hvarvetna þar sem sparnaður leiðir ekki til tjóns. Í sameiningum ríkisstofnana liggja gríðarleg hagræðingartækifæri, sem í flestum tilvikum munu einungis bæta þjónustu við fólkið í landinu. Smákóngaveldi fortíðarinnar verður að heyra sögunni til. Fækkun í stjórnkerfi ríkisstofnana skilar mestum árangri og þarf ekki að leiða til skertrar þjónustu. Best er að byrja á toppnum. Sameining ráðuneyta og fækkun í yfirstjórn ráðuneyta gefur tóninn í öllu ríkiskerfinu. Fækkun ráðherra og þar með ráðuneyta er forgangsverkefni, enda mikilvægt að ríkisstjórnin gangi á undan með góðu fordæmi og veiti raunverulega leiðsögn.

Við getum kviðið þessu verki eða tekist á við það af kappi. Í verkefninu felst mikið tækifæri. Við getum byggt upp skilvirkt, einfalt og ódýrt ríkiskerfi sem samt tryggir hágæða þjónustu. Ef vel tekst til eigum við þá velferðarkerfi sem skilar miklum árangri fyrir hlutfallslega lítið fé og það er mikilvæg forsenda samkeppnishæfni landsins og efnahagslegrar endurreisnar. Þegar hagur vænkast munu aukin framlög til velferðarmála nýtast beint til að bæta þjónustu við þá sem þurfa á henni að halda, í stað þess að fara til að næra úrelt og alltof stórt stofnanakerfi. Það er keppikefli allra nágrannaríkja okkar sem kenna sig við norræna velferð að hagræða í rekstri ríkisins og skila íbúum meiri gæðum fyrir minna fé. Það er eftirsóknarvert fyrir okkur að freista þess að verða í fararbroddi á þeirri vegferð.

AF NETINU

## Fyrirsjáanleg niðurstaða

Mér kemur ekki á óvart, að ríkissaksóknari telji ástæðulaust að hefja sakamálarannsókn á hendur þremur bankastjórum Seðlabankans fyrir hrun, þeim Davíð Oddssyni, Eiríki Guðnasyni og Ingimundi Friðrikssyni. Um hvaða lögbrot áttu þeir að vera sekir? [...]

Jafnvel þótt einhverjir væru sammála nefndinni um, að seðlabankastjórarnir hefðu gerst sekir um vanrækslu í starfi, eins langsótt og það er, leiddi ekki af því, að þeir hefðu brotið lög. Vanræksla er ekki lögbrot, nema í henni felist stórfellt og vítavert gáleysi. Þegar af þeirri ástæðu var niðurstaða ríkissaksóknara fyrirsjáanleg.

pressan.is/pressupennar/Lesa_Hannes

**Hannes Hólmsteinn Gissurarson**

## Óhæf þingmannanefnd

Þingmannanefnd undir forystu Atla Gíslasonnar til að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis er óhæf og ætti að segja af sér. Það sem nefndin hefur afrekað til þessa er að afgreiða samhljóða að ráða flokkssystur formanns nefndarinnar til að kyngreina rannsóknarskýrsluna jafn gáfulegt og það nú er og síðast að senda sérstaka beiðni til sérstaks ríkissaksóknara að taka nú fyrir mál fyrrverandi Seðlabankastjóra og fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlits.

Nú skil ég vel að Atli Gíslason vilji slá pólitískar keilur í starfi sínu sem nefndarformaður og sýna fram á ötula kvenfrelsisbaráttu í anda öfgafemínista eins og Sóleyjar Tómasdóttur. Þá er honum einnig ljúft að kasta steinum úr glerhúsi sínu á pólitíska andstæðinga. Það kemur ekki á óvart. [...]

Það sem hins vegar kemur á óvart er að þeir tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins þær Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Unnur Brá Konráðsdóttir sem sitja í nefndinni skuli standa að og eiga hlutdeild í ómerkilegri pólitískri aðför að fyrrum formanni Sjálfstæðisflokksins, fyrrum starfsbræðrum hans og fyrrum forstjóra Fjármálaeftirlits. Hvað gekk þeim eiginlega til?

jonmagnusson.blog.is

**Jón Magnússon**





# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Meirapróf



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Upplýsingar og innritun í síma 567 0300 / 894-2737
NÝTT NÁMSKEIÐ HEFST 9. JÚNÍ



Það kostar vinnu að vera jafn vel á sig kominn og Annie Mist Þórisdóttir, en sjálf er hún heilbrigðið uppmálað og ötul að þjálfa kroppinn, enda að miklu að stefna á komandi heimsleikum í CrossFit. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hékk ung í borðplötum

**Annie Mist Þórisdóttir er kappsöm í meira lagi og jafnvíg á flestar íþróttagreinar, enda öruggur Íslandsmeistari og Evrópumeistari í CrossFit, og í júlí keppir hún á heimsmeistaramóti CrossFit í Los Angeles.**

„Ég sekk mér dálítið vel ofan í hlutina og set markið alltaf hátt. Er þannig kappsöm keppnismanneskja og hætti ekki fyrr en ég er orðin verulega góð,“ segir Annie Mist Þórisdóttir sem um helgina sigraði í meistaraflokki kvenna á CrossFit-leikunum 2010, annað árið í röð.

„Ég hef alltaf verið orkumikil og þurft útrás. Þá varð ég fljótt handsterk og farin að hanga í borðplötum löngu áður en ég fór að ganga,“ segir Annie hlæjandi, en sjö ára byrjaði hún að æfa fimleika hjá Gerplu undir strangri þjálfun rússneskra þjálfara.

„Að mínu mati eru fimleikar besti grunnurinn að hvaða íþrótt sem er. Maður er fljótur að ná tæknilegum hlutum og þeim aga sem er nauðsynlegur til að ástunda íþróttir af kappi,“ segir Annie sem eftir fimleikaárin var orðin háð miklu álagi og æfingum.

„Fyrst á eftir byrjaði ég að æfa listdans og síðan stangarstökk en það var ekki nóg svo ég byrjaði í Boot Camp líka, sem ég hef ástundað síðan ásamt ólympískum lyftingum,“ segir Annie sem stöðugt tileinkar sér nýja hluti fyrir keppni í CrossFit þar sem einstaklingurinn þarf að vera búinn undir hið óvænta og fær um að ráða við þungar, tæknilegar lyftingaæfingar samhliða erfiðum þrek- og þolæfingum.

„CrossFit samanstendur af hlaupi, ólympískum lyftingum, róðri, ketilbjöllum, fimleikum og þolæfingum, en mestu skiptir að hafa mikið þol og vera sterkur.“

Í maí síðastliðnum vann Annie Evrópumeistaratitil kvenna á CrossFit-leikunum í Svíþjóð, en tveir aðrir Íslendingar unnu sér einnig rétt til þátttöku í heimsleikunum sem senn fram fara í Los Angeles.

„Æfingar eru verulega tímafrekar en alls æfi ég einu sinni til tvisvar á dag, sex daga vikunnar,“ segir Annie sem með stífri íþróttaiðkun stundar nám í lífefnafræði við Háskóla Íslands og stefnir á læknisnám í framtíðinni.

„Það kemur alltaf á óvart að sigra því maður veit aldrei hverjum maður mætir eða hvernig keppnin verður fyrirfram. Á Evrópuleikunum voru til dæmis greinar sem voru mér óhliðhollar, en styrkleikar mínir felast í þoli og löngum æfingum sem blandast við þungar tækniæfingar.

Og áfram stefni ég á sigur, eins og alltaf. Á því verður engin breyting nú.“

*thordis@frettabladid.is*

Patti.is
Landsins mesta úrval af sófasettum



Man 8356 sett
199.900kr
Láttu þér líða vel í sófa frá Patta
Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opið: Mánud. - Föstud. frá 9 til 18 og Laugard. frá 11 til 16

;ALLT
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447
Á FERÐINNI
Miðvikudaga

KRINGÓMA



SURROUND

Ný tækni . Betra verð . Fagleg þjónusta

SURROUND SOUND by ReSound

Nýju ReSound heyrnartækin endurvekja tilfinningu fyrir hljóðum sem berast úr hvaða átt sem er á svipaðan hátt og þegar skipt er úr einföldum steríótækjum með tveimur hátölurum í kringóma (surround) heimabíó með hátalara til allra átta.

ReSound heyrnartækin setja mann í miðpunkt hljóðheimsins sem maður hrærist í. Þegar maður getur fylgst betur með hljóðum sem berast úr öllum áttum nýtur maður góðs hljóms mun betur. Auðveldara er að átta sig á hvaðan hljóðið berst og maður getur notið þess að tala við fólk þó hávaði sé í umhverfinu.



dot by ReSound

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA
Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Frí ráðgjöf í maí
Tímapantanir
534 9600

ReSound
rediscover hearing

# VEIÐI

**FLUGUHNÝTINGAR** er iðja sem margir veiðiáhugamenn hafa gaman af. Fluguhnýtinganámskeið eru haldin reglulega og verkæri og efni til fluguhnýtinga má til dæmis fá í Veiðihorninu.




Charon fluguveiðissett frá A Jensen. Stöng, hjól, flot og sökklína einnig níðsterkur Cordura hólkur
Verð 39.500 kr.



Vatnshelt flugubox fylgir í júní og júlí.
ICEFIN Nóatúni 17 • S. 534 3177 • www.icefin.is



ALLT TÍSKA

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447

Fimmtudaga




Veiðistangir eru meðal mikilvægustu verkfæra stangveiðimanna. Arnar eyðir drjúgum hluta frítíma síns í að skoða og meta slíkar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stillir væntingum í hóf

**Stangveiðimaðurinn Arnar Knútsson vonast eftir góðri veiði í sumar en óttast þó hita, vatnsleysi og öskumengun. Hann ætlar tvisvar í Miðfjarðará og er til í að taka að sér embætti Borgarveiðimanns.**

„Veiðin í sumar verður vonandi góð. Ég er dálítið hræddur við viðvarandi hita, vatnsleysi og mögulega öskumengun þannig að ég hef ákveðið að stilla væntingum mínum í hóf, en ég mun hafa gaman af þessu. Veiðin gengur mikið út á góðan félagsskap og útiveru, að veiða vel er bara bónus," segir Arnar Knútsson, stangveiðimaður og eigandi kvikmyndafyrirtækisins Filmus, um veiðisumarið fram undan.

Arnar hefur veitt á stöng síðan hann var ungur drengur og alla tíð þótt veiðimennska spennandi. Hann kýs fallvötn fram yfir stöðuvötn og frá árinu 1995 hefur hann eingöngu veitt á flugu, bæði silung og lax. „Með flugunni opnaðist fyrir mér nýr heimur og ég hef verið forfallinn stangveiðimaður síðan," segir hann.



Hér heldur Arnar á „tuttugu-pundara úr Laxá í Aðaldal".

Veiðidagskrá Arnars í sumar er eitthvað á þá leið að hann hyggst renna fyrir silungi í Brunná í Öxarfirði hjá frændfólki sínu á Ærlæk og urriða í Laxá í Mývatnssveit, auk stuttrar ferðar á Arnarvatnsheiði. Þá fer hann tvisvar í Miðfjarðará, fyrst í byrjun júlí og aftur um miðjan ágúst.

Hann segir Miðfjarðará orðna eina af sínum eftirlætis ám, sérstaklega vegna fjölbreytninnar sem hún hefur upp á að bjóða. „Áin samanstendur af þremur ám sem hver um sig hefur eigin karakter," segir Arnar. „Það má segja að maður nái allri flórunni í laxveiði þarna. Auk þess er Miðfjarðará ein af fáum „hreinum" laxveiðiám landsins. Þarna eru ekki stundaðar sleppingar eða seiðaeldi, náttúran fær algerlega að ráða þessu og vil ég þakka afskiptaleysi mannsins góðu ástandi á lífríkinu í ánni. Ég sleppi megninu af öllum fiski sem ég veiði en passa þó að taka eitthvað í soðið, og því má segja að ég stundi hóflega veiði. En ég sleppi öllum stórlaxi, undantekningalaust."

Arnar vill svo koma þeim skilaboðum til Besta flokksins að hann sé reiðubúinn að taka að sér embætti Borgarveiðimanns Reykjavíkur. „Ég myndi þá opna Elliðaárnar með borgarstjóra og ég er tilbúinn til að bæta samskipti við vinabæi Reykjavíkur með því að ferðast um og veiða víðs vegar um veröldina. Í sumar myndi ég til dæmis bæta samskiptin við Nanortalik og Narsarsuaq á Grænlandi með bleikjuveiði, það má eflaust rækta laxveiðisambandið við ýmsa vinabæi í Skotlandi, Noregi, Alaska og Rússlandi," segir hann.

*kjartan@frettabladid.is*


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki







Vel veiddist í Blöndu á opnunardaginn.

# Byrjar vel í Blöndu

**Alls voru dregnir 22 laxar á land og allnokkrir sem slitu eða losnaði úr á opnunardegi Blöndu á laugardaginn. Sá stærsti var 90 sentimetra langur.**

Á vefsíðunni lax-a.is kemur fram að þótt Blanda sé vön að skila slatta af löxum á opnunardegi megi þessi afli teljast óvenju góður. Þá telja vefsíðuhaldarar að þessar fyrstu vísbendingar bendi eindregið til góðs stórlaxasumars í kjölfar hins mikla smálaxasumars í fyrra.

Eitthvað ku enn vera til af júníleyfum í Blöndu 1 en þeim fer fækkandi.

*- kg*




Góðar fréttir
fyrir veiðimenn og konur!




Ný sérhæfð fluguveiðiverslun á Kambsvegi 33

Hjá okkur finnur þú eitt mesta úrval landsins af bestu fáanlegum laxa og silungaflugum. Veiðimenn þekkja gæði!

Flugulínur, hjól, flugustangir, veiðiföt ofl.
Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta.

GUIDELINE

Bendum einnig á heimasíðu okkar
Veidiflugur.is

Kambsvegi 33 - 104 Reykjavík
hilmar@veidiflugur.is - S: 568 2127

# Íslenskar ár á internetinu

**Íslenskar laxveiðiár og veiðivötn hafa löngum verið draumur erlendra stangveiðimanna og með tilkomu Íslandsbúðar veiðileyfa á netsíðunni FishPal hefur aðsókn útlendinga í íslenska veiði aukist enn á ný.**

„Í Skotlandi er veiðitímabilið níu mánuðir í stað þriggja hér heima og þar sem ég fékk ekki nóg af veiðimennskunni heima fór ég að veiða í skosku ánum á vorin og haustin, eftir að hafa keypt veiðileyfi af skoska fyrirtækinu FishPal,“ segir Jón Sigurðsson, kerfisfræðingur og framkvæmdastjóri FishPal á Íslandi, þar sem seld eru veiðileyfi í íslenskar ár, vötn og sjó á Netinu.

„Við veiðarnar ytra hitti ég mennina á bak við FishPal sem nýtur mikillar virðingar. Umferð á FishPal er gríðarleg og bara í maí yfir milljón flettingar og þúsundir að kaupa veiðileyfi. Ég spurði því hvort þeim hefði dottið í hug að færa út kvíarnar og nefndi sérstaklega Ísland sem er heimsþekkt vörumerki í lax- og silungsveiði. Þeim þótti það spennandi en þekktu engan og þar sem ég er ágætlega tengur í bransanum datt mér í hug að koma Íslandi á FishPal-kortið,“ segir Jón sem eftir bankahrunið beið ekki boðanna.

„Í góðærinu keyptu bankar og stórfyrirtæki veiðileyfi til að bjóða viðskiptavinum sínum í laxveiði, en við það rauk upp verð og eftirspurn, sem gerði það að verkum að engin veiðileyfi sem varið var í voru laus og þá dró verulega úr komum útlendinga til veiða. Í hruninu sá ég mér svo leik á borði og bauð íslenskum veiðileyfasölum að selja á FishPal til að ná aftur útlendingum til landsins og fá betra jafnvægi í innlenda og útlenda eftirspurn. Því var hvarvetna mætt fagnandi,“ segir Jón sem þar með opnaði Íslandsbúð innan FishPal, þar sem finna má upplýsingar um hvern og einn veiðistað, myndir, lýsingu á veiðisvæðum, veiðitölur síðustu ára, skýrslur, veðurfar, veiðihorfur og fleira.



Jón Sigurðsson er landskunnur íþróttamaður og einn besti körfuknattleiksmaður sem þjóðin hefur átt. Hann er einnig forfallinn veiðimaður og rekur nú Íslandsbúð FishPal fyrir íslenska veiðileyfissala. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Í Íslandsbúð FishPal hefur nú opnast tækifæri fyrir íslenska veiðileyfissala að opna sína eigin búð sér að kostnaðarlausu, en ég hjálpa þeim með enskan texta og heimasíðugerð fyrir hvert ársvæði. Undirtektir hafa verið frábærar því konseptið er sniðugt og þægilegt að geta séð allar upplýsingar, bókað veiðileyfi og borgað í gegnum Netið. FishPal auðveldar veiðimönnum einnig að finna sinn veiðistað, því vefsíðan er eini staðurinn þar sem sjá má yfirlit yfir alla veiðistaði á landinu og frá öllum veiðileyfasölum.“

Nánari upplýsingar á www.fishpal.com og jon@fishiceland.com.

*thordis@frettabladid.is*

# Konur kasta til bata

**Kastað til bata er endurhæfing fyrir konur sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini.**

Krabbameinsfélag Íslands býður konum sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini upp á endurhæfingu undir heitinu Kastað til bata. Markmið þessa boðs Krabbameinsfélagsins er að veita konum tækifæri til að styrkja sig á líkama og sál með því að æfa fluguköst í þriggja daga ferð í júlí norður í Laxárdal. Í fallegu umhverfi Laxár geta þær notið samvista við veiðifélaga með svipaða reynslu. Vanir fluguveiðimenn kenna konunum að kasta flugu og með í för verður sjúkraþjálfari sem einnig er vanur fluguveiðimaður en í kastæfingum verður að sjálfsögðu tekið mið af líkamlegri getu hverrar og einnar.

Gert er ráð fyrir að fjórtán konur geti tekið þátt í ferðinni. Flogið verður til Akureyrar að morgni 12. júlí, þar sem aðeins verður staldrað við og sóttur veiðibúnaður sem Ellingsen lánar og síðan verður ekið að Rauðhólum í Laxárdal. Á Rauðhólum verður gist í tveggja manna herbergjum og boðið verður upp á hollan og góðan mat svipaðan þeim sem er að finna í matreiðslubókinni Bragð í baráttunni. Félagar úr Samhjálp kvenna, félagi til stuðnings konum sem fengið hafa brjóstakrabbamein, og starfsfólk Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins verða á staðnum.

Umsóknir þurfa að berast Krabbameinsfélaginu ekki síðar en 25. júní. *- eö*



Kastæfingarnar fara fram í fallegu umhverfi Láxár í Aðaldal.




**BAÐHÚSIÐ** kynnir nýjar Body Combat-æfingar í dag klukkan 17.20. Brasilískt újítsú er meðal þess sem er nýtt í æfingunum. Byrjendur eru hvattir til að mæta í tímann.




Heilbrigð hreinsun




Notaðu *Easy Cleance* við

DETOX

now

Hágæða næring fyrir heilbrigt líf

maður lifandi

Borgartúni 24, Hæðarsmára 6 og Hafnarborg Hafnarfirði

Sími 58 58 700 www.madurlifandi.is


# Færri í ljós

**Samkvæmt nýrri könnun frá Capacent-Gallup fer ljósabekkja-notkun minnkandi hér á landi**

Nýlega gerði Capacent-Gallup árlega könnun þar sem spurt var hvort viðmælandinn hefði nýlega farið í ljós. Úrtakið var 1.300 Íslendingar á aldrinum 17 til 75 ára. Átján prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni sögðust hafa notað ljósabekki síðustu tólf mánuði sem er svipað og á síðasta ári en töluvert minna en árið 2004 þegar um þrjátíu prósent sögðust hafa farið í ljós síðasta árið.

Hlutfall þeirra sem fara oft í ljós eða að minnsta kosti einu sinni í mánuði hefur líka lækkað úr rúmlega sjö prósentum árið 2004 í rúmlega eitt prósent nú í ár.

*- eö*





Ball verður í Iðnó á föstudagskvöld í tengslum við námskeiðið þar sem sving og rokk verður í aðalsalnum en salsa á efri hæðinni. Hér eru Eiríkur og Edda Katrín Rögnvaldsdóttir í rokna sveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Dans, dans, dans

**Háskóladansinn heldur heljarmikið dansnámskeið frá 15. til 20. júní sem stendur öllum opið. Kennararnir koma frá Noregi, þar eru heims- og Norðurlandameistarar fremstir meðal jafningja.**

Sex til sjö mismunandi dansar verða kenndir á sumarnámskeiði Háskóladansins sem hefst á þriðjudag í næstu viku og stendur fram á sunnudag. Það samanstendur af æfingatímum og dansiböllum, meðal annars í Iðnó. Eiríkur Guðmundsson er aðalmaðurinn í að skipuleggja námskeiðið og segir það opið öllum. „Fólk þarf hvorki að hafa háskólaskírteini, dansfélaga né dansreynslu. Áhuginn einn nægir,“ segir Eiríkur og tekur fram að námskeiðið sé bæði fyrir þá sem hafi áður verið með í háskóladansinum og hina sem vilji prófa eitthvað nýtt. „Dansarnir eru til dæmis Boogie Woogie, Lindy Hop, Salsa og Hip Hop og námskeiðin fara fram í íþróttahúsi Háskóla Íslands, síðdegis á virkum dögum og laugardagurinn og sunnudagurinn verða undirlagðir í dansi. Svo verður alls konar húllumhæ, danskvöld og böll,“ lýsir Eiríkur og tekur fram að hópur kennara komi frá Noregi og í honum séu bæði heims-og Norðurlandameistarar í Boogie Woogie.

Sjálfur er Eiríkur búinn að iðka dans í þrjú ár. „Ég var enginn dansmaður en vinur minn dró mig af stað í þennan hóp sem nefnist Háskóladansinn og nú er dans mín helsta líkamsrækt,“ segir hann. Frekari upplýsingar er að finna á www.haskoladansinn.is

*gun@frettabladid.is*





Jazzballett - Innritun er hafin fyrir skólaárið 2010-2011!

FRAMHALDSNEMENDUR OG NÝNEMAR
Rafræn skráning er á www.jsb.is, upplýsingar í síma 5813730.

FRAMHALDSNEMENDUR ATHUGIÐ... ...að staðfesta fyrir 10. júní!

Almenn braut – jazzballett
- Skemmtilegt og fjölbreytt dansnám fyrir stelpur og stráka frá 7 ára aldri
- Góð og uppbyggileg líkamsþjálfun sem veitir mikið frelsi til tjáningar
- Dansbikarinn - Árleg danskeppni í skólanum fyrir þá sem vilja spreyta sig
- Skólaárinu lýkur með glæsilegri nemendasýningu í Borgarleikhúsinu

Nám og kennsla
Danslistarskóli JSB er viðurkenndur af mennta- og menningarmálaráðuneytinu sem listdansskóli á grunn- og framhaldsskólastigi. Nánari upplýsingar um nám við skólann er að finna á www.jsb.is undir Danslistarskóli JSB.

Kennslustaðir:
- *Danslistarskóli JSB í Kópavogi, Íþróttahúsi Digraness.* Almenn braut.
- *Danslistarskóli JSB í Reykjavík, Lágmúla 9 og Laugardalshöll.* Almenn braut og listdansbraut.



Danslistarskóli JSB er samstarfsaðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar.

DANSLISTARSKÓLI JSB

*Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730*
*Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is*

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Frjókorn túnfífla geta valdið ofnæmi; kláða í augum og nefrennsli.

# Nefrennslið byrjað

**Helsta tímabil frjókornaofnæmis er að ganga í garð en mest ber á ofnæmiseinkennum í júní, júlí og ágúst.**

Þau frjókorn sem valda algengasta ofnæmi hér á landi eru grastegundir, birki og túnfíflar og súrur, svo sem hundasúrur. Magn frjókorna er mest á hlýjum og þurrum dögum og eykst þegar hvasst er.

Einkenni frjókornaofnæmis lýsa sér einkum sem kláði í augum, augun verða rauð og rennur gjarnan úr þeim. Önnur einkenni eru kláði í nefi og hnerri og nefrennsli og getur slímhúð í nefi bólgnað svo erfitt er að anda gegnum nefið.

Á vefsíðunni doktor.is er að finna ráð gegn frjókornaofnæmi svo sem að takmarka gróður í nánasta umhverfi, hengja ekki þvott út þegar mikið er af frjókornum í loftinu og útiloka plöntur innandyra ef þær valda ofnæmi. Eins skal ekki láta barnavagna standa úti og safna í sig frjókornum.

Ef einkenni frjókornaofnæmis eru slæm er hægt að nálgast lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld, svo sem augndropa og nefúða en ráðlegt er að ráðfæra sig við lækni áður en lyf eru tekin inn. Nánar á doktor.is *- rat*

# landið mitt

ÞRIÐJUDAGUR 8. JÚNÍ 2010

## Ný tjaldsvæði

**Glæsilegir áfangastaðir fyrir tjaldbúa.**

SÍÐA 2






MYND/ÞORVALDUR ÖRN KRISTMUNDSSON





**● NOTALEG NESTISSTUND Í NÁTTÚRUNNI**
Á ferð um Ísland er mikilvægt að gera hlé á langkeyrslu til að njóta náttúrunnar beint í æð og setjast niður á grasbala til að rétta úr skrokknum og anda að sér sveitaloftinu yfir góðu nesti. Spennandi er að nostra við óvenjulegt nesti fyrir langþráð ferðalag, sem unun er að gæða sér á í sveitasælu þegar maginn kallar á sitt bensín. Vitaskuld verður að hafa eitthvað fyrir alla, en smurt brauð, kaldar kótelettur í raspi, ostar og kex hitta ferðalangana örugglega í hjartastað. Gleymið ekki að bera nestið fram á fallegum dúk og hafa meðferðis huggulegt drykkjarmál, diska og servíettur..



**● FJÖLBREYTT DAGSKRÁ** Sólseturshátíðin í Garði verður haldin dagana 25. til 27. júní. Dagskráin er fjölbreytt að vanda og er hátindur hátíðarinnar varðeldur þar sem allir koma saman og njóta stundarinnar. Hátíðin er haldin á Garðskaganum þar sem er góð aðstaða er fyrir húsbíla, fellihýsi, tjöld og hjólhýsi. Stutt er inn í þéttbýlið sjálft í meiri þjónustu. Nánar á www.reykjanes.is.



Nýtt tjaldsvæði er við Sólbrekku í Mjóafirði á Austfjörðum.



Tjaldstæðið í Grindavík er 13.500 fermetrar með fullkominni aðstöðu fyrir ferðamenn.



Egilsstaðir. Þar er verið að leggja lokahönd á nýtt tjaldsvæði.



Eftir samverustundir við náttúruna er fátt sem jafnast á við góða hvíld í tjaldi.

# Tjaldað á nýjum áfangastað

**Íslendingar eru útileguglaðir og árlega spretta upp nýir áfangastaðir fyrir ævintýragjarna tjaldbúa.**

Tjaldmiðstöðin á Flúðum tók í fyrra í notkun nýtt og glæsilegt tjaldsvæði, á einkar fallegum stað við Litlu-Laxá. Tjaldstæðið er margfalt stærra og fullkomnara en forverinn og eitt frumlegasta tjaldstæði landsins með tveimur fótboltavöllum, flugdrekavelli og tveimur blakvöllum, svo eitthvað sé nefnt. Sérstakt stæði fyrir húsbíla er í brekkunum, með góðu útsýni yfir næsta nágrenni. Vatn og rafmagn er á stæðunum.

Í Grindavík verður boðið upp á nýtt og glæsilegt tjaldsvæði í sumar. Tjaldsvæðið er 13.500 fermetrar, með snyrtingum, leiktækjum og grillaðstöðu. Þá er þjónustuhús á tjaldsvæðinu í undirbúningi, en áætlað er að húsnæðið verði tilbúið síðar í sumar. Tjaldsvæðið er fjögurra stjörnu, en eina skilyrðið sem vantar upp á til að komast í 5 stjörnu flokkinn er að sólarhringsvakt sé á svæðinu.

Nýtt tjaldstæði er við Sólbrekku í Mjóafirði á Austfjörðum, en tjaldsvæði eru nú í öllum sex fjörðum Fjarðabyggðar. Einnig má fá gistingu í tveimur tveggja manna sumarhúsum og í svefnpokaplássi á Sólbrekku, þar sem er eldunaraðstaða, borðstofa, setustofa með sjónvarpi, þvottavél, þurrkari og þrjár snyrtingar með sturtum. Heitir pottar eru í sérhúsi og möguleiki á sjóstangveiði og bátsferðum um fjörðinn, ásamt skemmtilegum gönguleiðum og útreiðartúrum í ægifegurð Mjóafjarðar.

Á Egilsstöðum er verið að leggja lokahönd á nýtt tjaldstæði. Þar er rafmagn fyrir húsbíla- og hjólhýsaeigendur og skemmtilegt leiksvæði fyrir börn. Tjaldstæðið er á fallegum stað undir Hömrunum þar sem búið er að taka gamalt trésmíðaverkstæði og breyta í aðstöðu fyrir ferðamenn en í hinum helmingi hússins verður kaffibar og matsalur. Í þjónustuhúsinu eru þvottavélar og þurrkari, snyrtingar og bað. *- þlg*


**Veiðikortið 2010**

Veiddu í 32 vatnasvæðum vítt og breitt um landið fyrir aðeins

**6.000 kr.**

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti




Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is

Fæst hjá N1, veiðibúðum, www.veidikortid.is og víðar!
Frí heimsending þegar keypt er á www.veidikortid.is


# Safnahúsið endurnýjað

Safnahúsið á Húsavík verður opnað aftur eftir breytingar nú á laugardaginn 12. júní. Sett hefur verið upp ný grunnsýning úr munum og myndum safnsins sem ber heitið Mannlíf og náttúra – 100 ár í Þingeyjarsýslum.

„Sýningin fjallar um sambúð manns og náttúru á árunum 1850 til 1950. Yfirleitt eru náttúruminjasöfn og menningarminjasöfn sitthvor hluturinn en á þessari sýningu blöndum við saman bæði náttúruminjum og menningarminjum til þess að sýna fram á þetta margslungna samband,“ útskýrir Sigrún Kristjánsdóttir, safn- og sýningarstjóri Safnahússins.

Eftir breytingar hefur verið opnuð lítil safnbúð og kaffihús þar sem hægt er að tylla sér og fara á netið og einnig er að finna ný sýningarrými. „Hér er sjóminjasafn líka og listasalur þar sem settar verða upp breytilegar listsýningar svo við opnum nýtt og fjölbreytt safn um helgina,“ segir Sigrún.



Ný sýning í endurnýjuðum sýningarsal í Safnahúsinu á Húsavík. MYND/FINNUR ARNAR

Opnunarhátíð verður nú á laugardaginn og ókeypis verður inn á safnið frá sunnudeginum 13. júní til sunnudagsins 20. júní.

Heimasíða safnahússins er www.husmus.is. *- rat*

www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil






# ómissandi í gönguferðina

**Hvort sem þú ætlar í langa og stranga hálendisferð** eða í skreppitúr á Esjuna þá er upplagt að byrja leiðangurinn í Lyfju. Hjá okkur færðu göngutösku sem er sérstaklega útbúin fyrir göngugarpa af öllu tagi. Hentar vel hvort sem er til að festa í beltið eða í bakpokann. Við höfum einnig allt sem þarf til að fylla á sjúkrakassann í bílnum eða bústaðnum. Njóttu öryggis á ferðum þínum í allt sumar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 50306 06/10

## Ný vídd í sólarvörn




**Eucerin sólarvörn** er ofnæmisprófuð og örugg fyrir mjög viðkvæma húð og börn.

## Frábær í ferðalagið




**John Frieda sjampó og næring.**
50 ml henta vel í ferðalagið.

## Vulkan stoðhlífar



VULKAN®

**Vulkan hita- og stuðningshlífar.**
Mikið úrval fyrir hæl, kálfa, hné, læri og nára. Gott verð.

## Nauðsynlegt með í gönguna

Heelen



Gelhlíf fyrir hæl
Liðhlíf fyrir litlutá
Liðhlíf fyrir stórutá

## Lóritín




**Loritin 10 mg**
**10 stk.**

**489 kr.** +

## Udo's Omega fitusýrur




**Fjallgöngugarpar og annað útivistafólk** veit hversu mikilvægt er að smyrja liðina vel innan frá með Omega olíu. Hreysti, úthald og vellíðan.
**Omega fitusýrur alla daga.**

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

**● BLÁSIÐ TIL SÆLUVIKU Í SKAGAFIRÐI** Frestun Landsmóts hestamanna sem fara átti fram 27. júní til 5. júlí á Vindheimamelum í Skagafirði er mikið áfall fyrir hestamennsku og ferðaþjónustu í landinu og samfélagið allt, þó sérstaklega í Skagafirði, þar sem búið var að skipuleggja móttöku þúsunda gesta.

**▲SUMARSÆLA Í STAÐ LANDSMÓTS HESTAMANNA.**

Eins og flestir vita var Landsmóti hestamanna, sem fara átti fram dagana 27. júní til 5. júlí frestað, en Sveitarfélagið Skagafjörður, Félag ferðaþjónustunnar í Skagafirði, hestamannafélögin í Skagafirði og Hrossaræktarsamband Skagfirðinga hafa ákveðið að snúa vörn í sókn og blása til Sæluviku að sumri á þeim tíma sem halda átti landsmótið. Þetta kemur fram á vefsíðunni skagafjordur.is.

Meðal þess sem í boði verður fyrir þá sem sækja Skagafjörð heim þessa viku verða Lummudagar með glæsilegum skemmtiatriðum, knattspyrnumót fyrir stúlkur á Sauðárkróki, rútuferðir og gönguferðir um slóðir Sturlunga og Barokkhátíð á Hólum. Þá verður haldið afmælismót Golfklúbbs Sauðárkróks á Hlíðarendavelli og stórdansleikir með hestamannaívafi í Miðgarði, auk kynbótasýningar sem fer fram á Vindheimamelum á vegum Hrossaræktarsambandsins.

Fjölbreytta afþreyingu er að finna víða í Skagafirði og því von á að margir sæki fjörðinn heim þessa daga.











Biking Viking skipuleggur mótorhjólaferðir vítt og breitt um landið, bæði um hálendið og láglendið. MYND/ ÞORVALDUR ÖRN KRISTMUNDSSON

# Krómhippar á mölinni

**Mótorhjólaferðir eru fyrirtaks leið til að upplifa fegurð og hin ýmsu undur landsins á nýjan og skemmtilegan máta.**



Eyþór fyrir miðri mynd ásamt hópi vaskra mótorhjólamanna hjá Markafljóti.

Fyrirtækið Biking Viking við Langholtsveg 111 leigir út mótorhjól og skipuleggur mótorhjólaferðir um land allt. Þrátt fyrir eldgos, öskuryk og annað tilheyrandi sjá starfsmenn þess fram á annasamt sumar.

„Útlitið var í fyrstu ekki gott, ég tala nú ekki um eftir að forsetinn hélt sína ræðu á BBC. Margir ætluðu að afbóka eftir það, en okkur tókst að fá menn ofan af því og nú bendir allt til þess að mikil aukning verði í útleigu á hjólum,“ segir Eyþór Örlygsson framkvæmdastjóri og bendir á, máli sínu til stuðnings, að hundrað prósent aukning hafi orðið á bókunum frá því í fyrra.

„Að vísu sameinaðist Biking Viking öðru fyrirtæki, Riding Iceland, síðastliðið vor og eru bókanir fleiri núna en þær voru fyrir sameiningu hjá þessum fyrirtækjum samanlagt,“ tekur hann fram og rekur aukninguna helst til mikillar umfjöllunar erlendra fjölmiðla um gosið og eftirköst þess.



Íslendingar geta valið um styttri ferðir en erlendir ferðamenn allt að sjö daga túra.

En hvers konar hjól og ferðir er boðið upp á? „Við bjóðum í grunninn upp á tvenns konar gerðir hjóla, BMW á 18.000 krónur og svo japönsk hjól á 16.000 krónur,“ segir Eyþór. „Skipulagðar ferðir hefjast svo í ágúst, þar sem Íslendingar geta valið um dags- eða kvöldferðir í Landmannalaugar, út á Reykjanes eða upp í Borgarfjörð, en útlendingum standa til boða allt að sjö daga ferðir vítt og breitt um landið.“

Eyþór segir marga upplifa mikið frelsi þegar út fyrir malbikið er komið. „Stór hluti viðskiptavinanna eru krómhippar á miðjum aldri sem hafa kannski aldrei komið út fyrir malbikið og uppgötva svo á ferðalagi með okkur að fyrir utan það leynist afar spennandi heimur.“ Nánar á www.bikingviking.is. *- rve*

# Kjötsúpa í Gamla bæ

Gamli bærinn svokallaði er veitingastaður, rekinn af Hótel Reynihlíð í Mývatnssveit.

Húsið er með elstu steinhúsum landsins en það var byggt árið 1911. Húsið var byggt sem íbúðarhús og í því bjuggu fjórar fjölskyldur. Mikill gestagangur var í Reynihlíð þá eins og nú og því var húsið haft stórt. Það má því segja að Gamli bærinn sé aftur kominn í sitt gamla hlutverk, að sinna gestagangi, en húsinu var breytt í veitingastað árið 1996. Staðurinn var innréttaður eins og gömul íslensk sveitastofa og tekur hátt í 75 manns í sæti. Á boðstólum eru þjóðlegir réttir eins og silungur og rúgbrauð og Gamli bærinn var einn af fyrstu veitingastöðum landsins til að bjóða upp á íslenska kjötsúpu. *- rat*



Gamli bærinn er eitt af elstu steinhúsum landsins, byggður árið 1911. MYND/REYNIHLID.IS



Ölfusá hefur yfir sér dulúð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Skrímsli og huldufólk

Ótal þjóðsögur eru til um skessur, skrímsli, óvættir, álfa og huldufólk á Íslandi. Þegar ferðast er um landið er gaman að rifja þær upp og tengja við söguviðið. Jón R. Hjálmarsson skrifaði bækurnar Þjóðsögur við þjóðveginn og Skessur, skrímsli og furðudýr við þjóðveginn. Hér eru glefsur úr þeim bókum báðum.

### KAUPMAÐURINN Í BÚÐARBREKKUM

Þórður hét maður sem bjó á Þrastarstöðum á Höfðaströnd í Skagafirði. Vetrardag einn ætlaði hann í kaupstað á Hofsósi. Snjódrífa var svo mikil að mönnum þótti óratandi en Þórður heldur engu að síður með vörupoka sinn suður yfir mýrarnar fyrir ofan Hofsós. En brátt varð hann villtur í hríðinni og gengur þannig allan daginn til kvölds. En allt í einu þykist hann sjá sölubúðir skammt frá sér og svo háar að furðu gegndi. Í sölubúð þessari var alls konar varningur og verðið helmingi lægra en venja var í Hofsósverslun. Þórður keypti í poka sinn korn, léreft og ýmsa kramvöru. Að lokum gaf kaupmaður honum sjal handa konu sinni og brauð handa börnunum og sagði að hann skyldi njóta þess að hann hefði hjálpað syni sínum í lífsháska. Þórður kvaðst ekki vita til að hann hefði gert það en kaupmaður sagði honum þá eftirfarandi sögu:

„Einu sinni varstu staddur með fleiri mönnum undir Þórðarhöfða og biðuð þið byrjar út í Drangey. Félagar þínir fóru að leika sér að steinkasti og vildu hæfa klett einn. Sólskin var og heitt í veðri og sonur minn hafði lagst til hvíldar undir þessum kletti, af því að hann hafði vakað um nóttina. Þú bannaðir mönnunum steinkastið og sagðir það vera óþarfagaman. Þeir hættu að vísu, en höfðu þig í skimpi fyrir tiktúrur þínar og kváðu þig jafnan hafa undarlegan verið. En ef þú hefðir ekki bannað þetta mundu þeir hafa drepið son minn.“



### SJALDSÉÐ DÝR Í ÖLFUSÁ

Um aldamótin 1900 bjó á Selfossi Símon Jónsson, athugull maður og greinargóður í hvívetna. Eftirfarandi frásögn skráði hann um atburð sem hann og þrír menn aðrir urði vitni að við Ölfusá, örskammt upp með ánni frá Ölfusárbrú, sumarið 1906:

Skammt fyrir innan hið áður sagða grunn, þó nær því en landinu, sáum við, á að giska eina alin undir yfirborði vatnsins, afarstórt, svart flykki, aflangt, tifa áfram jafnt en silalega. Eftir ágiskun okkar var lengdin á flykki þessu 6-10 álnir, en breiddina gátum við ekki vel giskað á, því kúpuvaxið virtist það allt. Þó er sennilegast að það hafi ekki verið mjórra en 4-5 álnir.

Glöggt sást hversu straumbólur komu upp á yfirborðið, einkum út undan hliðunum. Mest bar á því um leið og það sneri sér við og straumþunginn lagðist á það flatt. Og einnig þá sá ég glöggt hvernig randir hliðarbarðanna kipruðust greinilega og hve þunglamalegt og ákveðið skrið kvikindi þetta hafði fram í ána.















HVAÐ ER Í MATINN?
Á VÍSIR.IS

vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is



vísir.is
...ég sá það á vísir.is




Bæði grófur og fínn saumaskapur fer fram á saumaverkstæði Seglagerðarinnar Ægis. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Þegar viðgerða er þörf

**Útilegufiðringurinn gýs upp þegar sumarið heilsar með sól og yl. Almenningur fer þá að huga að viðlegubúnaðinum, meðal annars tjöldum og yfirbreiðslum yfir vagna.**

Vorið er annatími á saumaverkstæði Seglagerðarinnar Ægis. Það staðfestir Björgvin Barðdal, seglasaumari og framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Á verkstæðinu starfa tólf til fjórtán manns við saumaskap, bæði fínan og grófan. „Þetta verkstæði er starfrækt allt árið enda höfum við undanfarin 30-40 ár gert við tjöld og alls konar hluti sem þarf að sauma,“ lýsir Björgvin og nefnir sem dæmi yfirbreiðslur yfir heita potta, dýnur í leikfimi-sali og segl fyrir togara, sem komið sé með í viðgerð, umfram útilegubúnaðinn.

Seglagerðin framleiðir sjálf tjöld en Björgvin segir gert við allar gerðir og stærðir tjalda, og bætir við að miklar breytingar hafi orðið á síðustu áratugum í útilegubúnaðinum og þess gæti á verkstæðinu. „Fyrir tuttugu árum voru bara tjöld í umferð en nú hafa fortjöldin, tjaldvagnarnir og fellihýsin bæst við. Við erum með verkstæði líka fyrir hjólalegur, bremsubúnað og allan pakkann þannig að fólk getur komið hingað með tjaldvagninn eða fellihýsið og við gerum við dúkinn meðan undirvagninn er tekinn í gegn,“ lýsir hann.



„Viðgerðir á útilegubúnaði byrja í lok apríl því margir taka vagnana úr geymslum um það leyti,“ segir Björgvin Barðdal.

En hvað er það helst sem gefur sig? „Það eru einna helst rennilásarnir og gluggarnir. Á fellihýsum eru pokaskyggni og á þeim er algengt að rennilásar gefi sig, þeir eru ekki alveg gerðir fyrir íslenskar aðstæður og við höfum þurft að skipta þeim út í mörgum tilvikum því við erum með öfluga rennilása.“

Slysagöt vegna bruna koma stöku sinnum inn á borð Seglagerðarinnar. „Þá hefur grillinu eða hitaranum verið stillt upp einum of nálægt tjaldinu,“ segir Björgvin en tekur fram að bómull sé í mörgum tjöldum og hún þoli vel hita. „Það er frekar að tjöldum úr næloni hætti til að bráðna,“ bendir hann á.

Algengt er að vikubið sé eftir viðgerð á saumastofu Seglagerðarinnar að sögn Björgvins. „Þetta er ákveðið ferli,“ segir hann. „Og við aukum við mannskapinn ef með þarf.“ *- gun*

# Síld og sjóminjar á Sigló

Á Siglufirði er að finna stærsta sjóminja- og iðnaðarsafn landsins, Síldarminjasafnið. Þar má upplifa hafnarstemninguna frá síldarárum Íslendinga á sjötta áratugnum og liggja síldarbátar við festar við safnið.

Eins býður ferðaþjónusta Siglufjarðar upp á bátsferðir og er meðal annars hægt að fara í hvalaskoðunarferðir, á línuveiðar og bregða sér í sjóstangveiði. Miðnætursiglingar og siglingar yfir heimskautsbaug eru einnig vinsælar yfir sumartímann.

Á heimasíðunni www.siglufjordur.is er þeim sem ekki vilja skipulagðar ferðamannaferðir bent á að á Ólafsfirði séu trillukarlarnir greiðviknir og ferðamenn skuli því ekki vera feimnir að spyrja eftir fari með þeim. *- rat*



Siglufjörð er gaman að heimsækja. MYND/ÚR EINKASAFNI



„Hér er bara stanslaus gleði – sumargleði," segir kjarnakonan Stína kokkur í markaðinum á Flúðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Minn tími er kominn

Kærleikskrásir og kruðerí er nafnið á nýjum markaði á Flúðum. Þar býður Kolbrún Kristín Daníelsdóttir, sem gengur undir nafninu Stína kokkur, upp á ferskt grænmeti, sveppi, jarðarber og fleira sem ræktað er á næstu grösum, ásamt alls kyns kruðeríi í krukkum, úr sama hráefni. „Þetta er ástríða hjá mér," segir Stína brosandi. „Ég fæ grænmetið milliliðalaust og er líka með holdanautakjöt og svínakjöt úr sveitinni. Nautakjötið frá Langholtskoti og svínakjötið frá Laxárdal." Sjálf hefur hún bakað brauðin sem fást á markaðinum og kveðst nota ýmsar kryddjurtir í þau, bæði ræktaðar og villtar.

Stína kennir heimilisfræði við skólann á Flúðum yfir veturinn, meðal annars valáfanga sem heitir Framandi eldhús. Einnig tekur hún að sér veislur. „Ég er orkubolti, fæ endalausar hugmyndir og verð aldrei þreytt. Nú er ég að láta gamlan draum rætast með því að opna þennan markað. Ég nota frasann hennar Jóhönnu en breyti honum aðeins: „Minn tími er kominn!" segir hún og kveðst ánægð með viðtökurnar. *-gun*



Það er leitun að ferskari sveppum en á Flúðum!




# Sumarið komið á Minjasafni Akureyrar

Minjasafnið á Akureyri er nú opið alla daga frá klukkan 10 til 17 en sumaropnun hófst þann 1. júní og stendur til 15. september.

Á safninu gefur á að líta bæði ljósmyndir og muni sem lýsa lifnaðarháttum fyrri tíma í Eyjafirði. Sumarsýning safnsins í ár ber heitið Fjársjóður – tuttugu eyfirskir ljósmyndarar 1858-1965. Þar gefst einstakt tækifæri á að skoða frummyndir margra elstu ljósmynda sem teknar hafa verið á Íslandi.

Í safnbúð minjasafnsins er að finna íslenska hönnun og handverk. Nánar má forvitnast um um þjónustu safnsins og sýningar á heimasíðunni www.akmus.is. *-rat*



Mynd af Grími Bjarnasyni í Dunhaga tekin gegnum gat í hurð, án þess að Grímur vissi. MYND/MINJASAFNIÐ Á AKUREYRI/JÓN J ÁRNASON



Á Minjasafninu á Akureyri eru munir og ljósmyndir frá fyrri tíð í Eyjafirði. MYND/HEIDA.IS






# Ætlum að hafa opið í sumar

„Við ætlum að þrjóskast við og hafa opið í sumar þótt mikið sé um afbókanir," segir Jón Guðmundsson, ferðaþjónustubóndi í Drangshlíð undir Eyjafjöllum. Þrátt fyrir mikinn fjárhagslegan skell sem af eldgosinu leiðir lætur hann ekki deigan síga heldur er að tengja hitaveitu í bæinn.

Jón og hans fólk hefur mætt öskurykinu með aukamannskap í þrifum og kveðst suma daga vera með fleira starfsfólk en gesti. „Svo verðum við að fara með allan þvott á Rauðalæk í þvottahús því ekki getum við hengt út eins og undanfarin ár," segir hann.

Í Drangshlíð er gisting í 32 herbergjum með baði í þremur húsum. Mörg herbergin eru stór fjölskylduherbergi og fatlaðir eiga greiðan aðgang. Í áttatíu manna veitingasal eru hádegis- og kvöldverðir fram reiddir allt sumarið eftir þörfum. *- gun*



**Í Drangshíð er gist í vistlegum húsakynnum.** MYND/FERÐAÞJÓNUSTA BÆNDA



**Tjalda.is geymir alls kyns fróðleik.**

## Vefsíða um tjaldsvæði

Þeir sem hyggja á útilegur í sumar gætu gert margt vitlausara en að líta á vefsíðuna Tjalda.is, en þar er að finna ýmsar fréttir og fróðleik, um flest allt sem kemur útilegum á Íslandi við.

Nú snemmsumars eru, eðli málsins samkvæmt, fréttir af opnunum tjaldsvæða víða um land fyrirferðarmestar á Tjalda.is. Þar er tekið fram hvaða tjaldsvæði hafa þegar opnað og greint frá því þegar ný slík bætast í hópinn. Ferðalöngum er þó ekki minni akkur í ýmsum listum yfir afþreyingu í námunda við tjaldsvæði, fróðleik um útilegur og ekki síst girnilegum uppskriftum af ýmsu tagi sem henta vel á grillið. Þar eru eftirréttirnir ekki undanskildir.

Þá er að finna á vefsíðunni tengla á útilegutengdar síður, meðal annars varðandi tjaldvagna og fellihýsi og eldgosasvæði.



**Margt forvitnilegt ber fyrir augu í Höfða.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sögufrægt hús haft til sýnis

Höfði var opnaður fyrir ferðahópa í þessari viku en hingað til hafa þeir orðið að láta sér nægja að virða húsið fyrir sér utan frá. Höfði verður opinn þrjá morgna í viku en nauðsynlegt er að panta heimsóknirnar fyrirfram. Leiðsögumaður mun taka á móti gestum og sýna þeim þetta dularfulla hús með öllum sínum gögnum og gæðum og tekur slík heimsókn um 40 mínútur.

Höfði hefur verið í eigu Reykjavíkurborgar frá 1958 og notaður undir móttökur á vegum hennar. Hann er búinn glæsilegum húsmunum, suma þeirra hafa helstu leiðtogar heims umgengist og brúkað. *- gun*

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is


Göngubækur fyrir átak UMFÍ er hægt að nálgast á bensínstöðvum N1 um allt land að sögn Sigurðar Guðmundssonar, umsjónarmanns verkefnisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stimplað fyrir alla hreyfingu

**Ungmennafélags Íslands stendur fyrir átaki í sumar sem miðar að því að hvetja fólk til að hreyfa sig. Þátttakendur skrá niður hreyfingu sína eða safna stimplum og eiga kost á veglegum vinningum.**

Yfirskrift átaksins er Hættu að hangsa! Komdu að hjóla, synda eða ganga! Verkefnið stendur yfir frá 5. júní til 15. september 2010, í 103 daga, sem eru jafnmargir þeim árum sem liðin eru frá stofnun UMFÍ. Öllum er heimil þátttaka en keppnin fer bæði fram í einstaklingsflokki og svo milli fyrirtækja. Keppa má í báðum hópum.

„Þátttakendur skrá niður hreyfingu sína inni á vefslóðinni ganga.is eða safna stimplum í göngubók, sem hægt verður að nálgast á flestum N1 bensínstöðvunum í sumar og einnig í sundlaugum landsins. Stimpil fyrir sína hreyfingu geta þátttakendur fengið í afgreiðslu sundlauganna,“ segir Sigurður Guðmundsson, landsfulltrúi UMFÍ og umsjónarmaður verkefnisins. Hann segir vefinn mjög aðgengilegan fyrir skráningar og sú hreyfing sem hægt er að skrá á vefinn eða fá stimpil fyrir er fimm kílómetra hjólatúr, 500 metra sundferð, þriggja kílómetra löng ganga eða skokk og fjallgöngur. „Þátttakendur fá bronsmerki fyrir þrjátíu stimpla, silfurmerki fyrir sextíu og loks gull fyrir áttatíu stimpla og dregið verður úr þátttakendahópi og heppnum einstaklingum veitt vegleg verðlaun, gjafabréf frá Zo-on. Þeir sem eru með göngubók þurfa að passa að senda bókina til þjónustumiðstöðvar UMFÍ fyrir 1. október næstkomandi.“

Sigurður segir fyrirtækjakeppnina sniðuga fyrir hópa sem skrá sig þá til leiks á vefnum og hægt er að skrá niður þegar einhver úr hópnum stundar einhverja af þeirri hreyfingu sem miðað er við í átakinu. Þeir þrír hópar sem hreyfa sig mest og í flesta daga, fá verðlaun. „Fyrirtæki keppa einnig í fjallgöngum þar sem fjallgöngufólk innan fyrirtækisins getur látið skrá göngur, sem það annaðhvort fer eitt eða í hóp. Einnig verður boðið upp á að fjallgöngufólk geti sett myndir og smá ferðasögu inn á síðuna ganga.is. Verðlaun verða einnig veitt í þessum flokki og þau fær það fyrirtæki sem á ötulasta fjallgöngufólkið.“ *juliam@frettabladid.is*





matar og kaffistell í úrvali
laufblaðastellið
bolli með undirskál
krónur 1390,-
í bústaðinn - á heimilið
Opið: má-fö. 12:30-18
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is
Dalvegi 16a,
nóra á Facebook
Nóra


Það er engin skömm að því að vera fýlupúki því geðvonska er gott veganesti á lífsins gangi.

# Geðillska gott mál

**Ertu í vondu skapi? Engar áhyggjur; það gerir þér gott.**

Fúllynt fólk á auðveldara með að taka ákvarðanir en lukkulegri manngerðir. Þetta sýna niðurstöður rannsókna við Háskólann í New South Wales í Ástralíu, sem ástralski sálfræðingurinn Joe Forgas sá um.

Sköpun, sveigjanleiki og samstarfshæfni eru fylgifiskar góðs skaps, en geðillsku fylgir nákvæm hugsun þar sem einstaklingurinn gefur betri gaum að umhverfi sínu og gerir færri mistök.

Fyrri rannsóknir Joe Forgas sýna að veður hefur svipuð áhrif á mannfólkið; blautir og þungbúnir dagar skerpa minnið en sólríkir dagar gera okkur gleymnari. *- þlg*

LAGERSALA
Mikið úrval af nýjum skóm!

no 19 - st 36 - 41 kr. 5.995.-
no 38 - st 19 - 24 kr. 4.295.-
no 31 - st 24 - 35 kr. 4.795.-
no 13 - st 36 - 41 kr. 5.995.-
no 45 - st 24 - 35 kr. 4.795.-
no 41 - st 19 - 24 kr. 4.295.-
no 2 - st 36 - 41 kr. 8.995.-
no 27 - st 29 - 35 kr. 4.995.-
xena
Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

Kynning

# Skemmir ekki tennurnar og er náttúrulega gott

**Nýlega voru þrjár tegundir af Latabæjarvatni settar á markað, ein án bragðefna, önnur með jarðarberjakeim og sú þriðja með sítrónukeim. Vatnið er hugsað fyrir börn og unglinga og er til dæmis með sérhönnuðum tappa.**

„Vatnið kemur úr Kaldárbotnum. Þetta er eini drykkurinn á Íslandi sem er sérstaklega hannaður fyrir börn og unglinga. Hann hentar vel sykursjúkum og skemmir ekki tennur í börnum og unglingum,“ segir Tómas Hilmar Ragnars, upplýsingafulltrúi hjá Nordic Water, framleiðanda Latabæjarvatnsins.

Ástæðuna fyrir því að vatnið skemmir ekki tennur barna segir Tómas vera hátt pH-gildi og að drykkurinn sé án sykurs. „pH gildið skiptir miklu um sýrustigið í drykknum. Sýrustigið í okkar drykkjum er það hátt, pH-gildið er frá 7,2 til 8,8, að það hefur ekki skaðleg áhrif á tennur þótt þeir séu bragðbættir eins og aðrir drykkir sem eru ætlaðir fyrir börn, hvort sem þeir eru með eða án kolsýru. Þess vegna teljum við að þegar fólk kaupir Latabæjar Go-vatnið sé það að fjárfesta í framtíð barnanna með því að skemma ekki tennur þeirra.“

Latabæjarvatnið er laust við aukaefni eins og sykur, E-efni og rotvarnarefni og bragðefnin sem notuð eru í vatnið eru náttúruleg. „Þetta er hundrað prósent náttúruleg vara en samt bragðgóð og holl,“ segir Tómas en unnið var að rannsóknum á drykknum á íslenskum börnum í heilt ár. „Það þýðir ekki að bjóða börnum upp á eitthvað sem er vont þótt það sé hollt. Sú leið var farin að bjóða upp á sykurlausan, náttúrulegan og hollan drykk sem hefur tekist.“

Hönnun vatnsflöskunnar er hugsuð fyrir litlar hendur og sérstakur verðlaunatappi hennar kemur í veg fyrir að börn helli niður. „Flaskan er auðvitað hönnuð með það í huga að smellpassa inn í lófa barna. Tappinn er settur á markað í fyrsta skipti í heiminum á Latabæjarvatninu og hann lekur ekki. Það hellist ekki úr honum nema drukkið sé af honum þannig að það sullast ekki yfir allt. Það má samt alveg sullast því það eru ekki sykur og litarefni í þessu eins og í öðrum drykkjum,“ segir Tómas.

**PH GILDI Í VINSÆLUM DRYKKJUM Á ÍSLANDI**

| | |
|---|---|
| LazyTown íslenskt vatn | 8,8* |
| LazyTown LemonTwist | 8,0* |
| LazyTown StrawberryTwist | 7,2* |
| Kók | 2,49 |
| Egils Kristall – hreinn | 5,92 |
| Trópí – appelsínu | 3,83 |
| Frissi fríski – appelsínu | 3,71 |
| Svali – appelsínu | 3,49 |
| Tommi & Jenni- appelsínu | 2,73 |
| LGG – MS | 4,10 |
| Aquarius | 2,82 |
| Magic | 2,90 |
| Orka | 2,67 |

*[illegible]
[illegible]


Ein tegund Latabæjarvatnsins er með jarðarberjabragði en öll bragðefnin eru náttúruleg.

pH-gildið í Latabæjarvatninu er hátt sem Tómas segir að sé betra fyrir tennurnar.

„Sú leið var farin að bjóða upp á sykurlausan, náttúrulegan og hollan drykk sem hefur tekist,“ segir Tómas.

## Fasteignir

# Björt og falleg íbúð í Fossvoginum

Til sölu 2ja herbergja íbúð á jarðhæð á frábærum stað í Fossvoginum í Reykjavík. Íbúðin er mikið endurnýjuð og til afhendingar strax. Gott verð.

**Nánari upplýsingar í s. 897-7660.**

## Atvinna

REGNBOGINN – leikskóli –

# Leikskólakennari óskast

Ráðningartími er frá 12. ágúst nk.

Leitum að leikskólakennara sem er ljúfur í lund og samstarfsfús v. fæðingarorlofs eins af kennurum skólans. Um framtíðarstarf gæti verið að ræða. Áherslur skólastarfs eru á gæði í samskiptum og skapandi starf í anda Reggió-stefnunnar. Rík áhersla er á virðingu og gleði í öllum samskiptum og eru það lykilhugtök í daglegu starfi. Einkunnarorð skólans eru **Börn eru merkilegt fólk**.

Áhugasamir sendi tölvupóst á regnbogi@regnbogi.is eða hafið samband við undirritaða í síma 899 2056 eða 557 7071

Lovísa Hallgrímsdóttir, leikskólastjóri

## Fundir/ Mannganaður

Byggðastofnun

# Ársfundur Byggðastofnunar

**11. júní 2010 Miðgarði, Skagafirði.**

**DAGSKRÁ:**

**Kl. 13:00** Setning fundarins, Anna Kristín Gunnarsdóttir, formaður stjórnar Byggðastofnunar.
**Kl. 13:05** Ávarp iðnaðarráðherra Katrínar Júlíusdóttur.
**Kl. 13:20** Anna Kristín Gunnarsdóttir, ræða formanns stjórnar Byggðastofnunar.
**Kl. 13:35** Aðalsteinn Þorsteinsson, skýrsla forstjóra Byggðastofnunar.

**Byggðastefna, alþjóðavæðing og samkeppnishæfni.**

**Kl. 14:00** Samkeppnishæfni þjóða – Runólfur Smári Steinþórsson, prófessor við Háskóla Íslands.
**Kl. 14:15** Framkvæmd byggðastefnu ESB – Snorri Björn Sigurðsson, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar.
**Kl. 14:30** Umsókn Íslands um aðild að ESB, hvernig gengur umsóknarferlið fyrir sig – Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, deildarstjóri í Utanríkisráðuneytinu.
**Kl. 14:45** Sóknaráætlun Ísland 2020, hvert stefnir Ísland – Dagur B. Eggertsson, formaður stýrihóps 2020 sóknaráætlunar.

**Kl. 15:00** **Umræður og fyrirspurnir.**

Fundarstjóri verður Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður stjórnar Byggðastofnunar.

**Kl. 16:00** **Fundarlok.**

***Allir velkomnir***

**Vinsamlega tilkynnið þátttöku fyrir fimmtudaginn 10. Júní í síma 455 5400 eða lovisa@byggdastofnun.is**

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

**NUDD - Tilboð - NUDD**
**Nudd kr. 3500,-**
Skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, alhliða snyrting, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Ekkert sex nudd. No sex massage. Uppl. - pantanir s. 4455000 & 57 8 57 57 JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SIGLINGANÁMSKEIÐ**
Námskeið fyrir börn og fullorðna. Skráning á www.brokey.is & s: 895 1551 Siglingafélag Reykjavíkur

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Til Sölu: Leðursófi, Eldhúsborð, Sófaborð, Kommóða, Ískápur m/Frysti, Hilluskápur. uppl 7703133 Heimir

## Dýrahald



**Yndislegir dverg Schnauzer hvolpar til sölu.**
Afhendast ættbókafærðir frá HRFÍ, heilsufarsskoðaðir, örmerktir og bólusettir. Foreldrar hafa unnið til verðlauna á sýningum. Upplýsingar í 697 8333.

4 mánaða svartir gull hamstrar fást gefins á gott heimili. S. 820 2074.

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934.

## Ýmislegt

Viltu losna við gangséttarhellur? Kem og sæki þér að kostnaðarlausu. Vantar ca. 30m2. Guðjón sími 895 2485

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Sumarhús í Flóahreppi, 10 min frá Selfossi. Mikið privat. S. 899 5863 www.starplus.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

2ja Herb. íbúð á svæði 105 til leigu með eða án innbús. Uppl. í s. 862 0209.

3 herb. íbúð til leigu í Grafarvogi á þriðju hæð, dýr ekki leyfð og reyklaus íbúð. 12 mán. eða lengur. Losnar frá lok júlí/ágúst. V. 130 þ. Uppl. í s. 662 8261.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

ROOM for/RENT w/FURNITURE IN 108 REYKJAVÍK AND IN 109 AND 111 BREIÐHOLT 897 3611.

Til leigu frá 1 júlí, 93fm 3 herb. íbúð m. þvottah. á 2.h í Norðlingaholti. Stæði í bílakj. og geymsla fylgja. Leiga 125þ + húsgj. Nánari uppl. á nordlingah@gmail.com

Til leigu glæsileg 2ja herb. nýuppgerð íbúð á besta stað í Þingholtunum. Íbúðin er með sérinngang og er á jarðhæð. Eignin er 92,9 fm og þar af 31,2 fm kjallari/geymsla. Hægt er að skoða myndir inná www.flickr.com/photos/thorsgata v. 130 þús. Frekari uppl. veitir Björn í s. 669 9372 & á bjornmasson13@hotmail.com

Glæsileg 3-4 herb lúxusíbúð í Skuggahverfinu til leigu. Uppl: skuggaibud@gmail.com, 694 3113

Til leigu 50 fm vel skipulögð íbúð í Vesturbæ Kópavogs. Laus strax. Uppl. í síma 897 6350.

## Húsnæði óskast

Læknir óskar eftir 3ja herbergja íbúð til langtímaleigu í Vesturbænum. Án húsgagna. Leiguverð allt að 150 þúsund á mánuði. Hafið samband í síma 825 35 85.

## Sumarbústaðir

Sumarhús á Seyðisfirði til leigu. Viku í senn, hægt að sjá nánar á facebook-sumarhús á Seyðisfirði. Uppl. 895 4948 & 846 1206.

Til leigu sumarhús í Borgarbyggð, gisting fyrir allt að 10.manns, skjólgóður garður, heitur pottur,veiði. V. kr 30þ. vikan. Uppl hjá eignaland@gmail.com

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

## Til leigu




**Til leigu 250 fm verslunarhúsnæði í Ögurhvarfi 2 Kópavogi**

Mikil lofthæð sem hefur annarstaðar í húsinu verið nýtt sem milliloft.
Húsnæðið er bjart og er góð aðkoma að því.
**Upplýsingar gefur Guðlaugur í síma 693-3783.**

## Þjónusta




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ræstingar**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í ræstingar í verslunum í bæði dag og næturvinnu. Skilyrði; góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

**Öryggisfélagið**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í dag & næturvinnu í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Starfskraftur óskast á kúabú á suðurlandi uppl. í síma 4876576 milli kl 12 -13 og eftir kl 20.

Óska eftir vönum manni í hellulagnir og lóðavinnu. Frekari uppl. á hellur@visir.is.

Óska eftir að ráða 14-17 ára ungling í sveit . Upplýsingar í S: 865 8104.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar




**Auðlindir í þágu þjóða**
Fundur um þjóðmál. Fundarstaður Catalina Hamraborg 11 Kópavogi kl. 20.00 þann 8. júní. Ætlar þjóðin að nýta auðlindir sínar til þess að endurreisa efnahag landsins eða fyrst og fremst til ávinnings fyrir erlenda aðila og hagsmunahópa, sem farið hafa ránshendi um íslenskt þjóðfélag ? Einnig verður rætt um ýmis stóralvarleg þjóðmál sem brenna á þjóðinni. Undirbúningsnefnd félagsstofnunar.

## Ýmislegt

**Lán**
Get lánað allt að kr 500þús í 30-90 daga gegn veði í lausafé. Uppl hjá smabjarg@gmail.com

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1616**

**Opið þegar þér hentar.**

**908 1616.**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS **GOTT VERÐ Í BÓNUS** GOTT VERÐ Í BÓNUS

## ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 898 KR.KG

**898** KR. KG

ALI FERSKAR GRÍSAKÓDILETTUR 898 KR.KG

## UNGNAUTAHAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.

100% NAUTAKJÖT

**599** KR. PK

FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G 4 STK M/BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR/KG. 25% AFSLÁTTUR

## 13 KR.STK

**198** KR. PK

BÓNUS FROSTPINNAR 15 STK.
GULIR OG GRÆNIR

**29** KR. PK

ROOKEE NÚÐLUR 85g ***ALLAR TEG.*** *29 KR. PAKKINN*

**1598** KR. KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
MERKT VERÐ 1998 KR.KG ***20% AFSLÁTTUR***

MATUR FYRIR CA. FJÓRA

**998** KR. KG

BÓNUS FERSKT LASAGNE 1 KG

BEST FYRIR JÚLÍ 2010

**29** KR. DS

E.S MAÍSKORN 340g 29 KR. DÓSIN.

**39** KR. DS

E.S KATTAMATUR 100g *ALLAR TEG*

**565** KR. KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
MERKT VERÐ 664 KR.KG ***15% AFSLÁTTUR***

**598** KR. PK

BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR

## PYLSA Í BRAUÐI CA. 50 KR.

**198** KR. FL

HEINZ TÓMATSÓSA 567g

**111** KR. PK

BÓNUS PYLSUBRAUÐ
5 STK.

CA. 28 KR. PYLSAN

**599** KR. KG

BÓNUS PYLSUR
**25% afsláttur**

**98** KR. 500 ML

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



*Okkar ástkæra*

**Magnþóra Kristín Þórðardóttir**

lést að morgni 2. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram frá Neskirkju fimmtudaginn 10. júní kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Sveinbjörn Árnason**
**Ingibjörg Þ. Sveinbjörnsdóttir Guðmundur B. Jóhannsson**
**Árni Sveinbjörnsson Marianne Sveinbjörnsson**
**Sigrún I. Petersen Ingolf J. Petersen**
**Díana S. Sveinbjörnsdóttir Jón Þ. Traustason**
**Kolbrún L. Sveinbjörnsdóttir Stefán Halldórsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og afi, sonur okkar og bróðir,*

**Lárus Hrafn Kvaran**

flugmaður,

lést á Hospital Kirchberg í Lúxemborg þann 5. júní. Útför hans fer fram í Lúxemborg 10. júní.

**Gitty Kvaran**
**Anna Sugila Kvaran Tara Lee Gloden**
**Einar Artin Kvaran**
**Talla Björk Kvaran**

Minningarathöfn um Lárus verður haldin í Reykjavík og verður tilkynnt um hana síðar.

**Ragnar G. Kvaran**
**Hrefna Lárusdóttir Kvaran**
**Anna Ragnhildur Kvaran**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Þorleifur Þorláksson**

Langhúsum, Fljótum, Skagafirði,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Fjallabyggðar, Siglufirði 5. júní 2010. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju föstudaginn 11. júní kl. 13.30. Jarðsett verður að Barði í Fljótum. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur nr. 0310-13-703015 kt. 561179-0189.

**Sigurbjörn Þorleifsson Bryndís Alfreðsdóttir**
**Guðný Ó. Þorleifsdóttir Elías Æ. Þorvaldsson**
**Jóhanna Þorleifsdóttir Hallgrímur S. Vilhelmsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ásgerður Sigurbjörnsdóttir**

sjúkraliði, Byggðavegi 86, Akureyri,

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 1. júní. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju í Garðabæ, fimmtudaginn 10. júní kl. 15.00.

**Haraldur Magnússon**
**Anton Haraldsson**
**Sigurbjörg Haraldsdóttir**
**Þorvaldur Rafn Kristjánsson**
**Sverrir Haraldsson**
**Magnús Orri Haraldsson**
**Sigurbjörn Haraldsson**
**og barnabörn.**



*Hjartans þakkir fyrir þá vináttu og hlýhug sem okkur hefur verið sýnt við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Halldóru Sigurðardóttur.**

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki 3-A á Dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir alúð og umhyggju sem hún naut þar.

**Arnór Þorgeirsson Rósa Pálsdóttir**
**Þorgeir A. Þorgeirsson Jóna Rebekka Högnadóttir**
**Stefán Stefánsson Erla Gunnarsdóttir**
**Kristín Huld Harðardóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langlangömmubarn**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Emilsson**

Álfaskeiði 90, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. maí. Jarðarförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 10. júní kl. 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**
**Jón Jónsson**
**Emil Jónsson**
**Örn Jónsson**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem auðsýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts,*

**Jóhönnu Sæmundsdóttur**

fyrrverandi handavinnukennara og húsmóður á Ísafirði,

sem lést 17. maí s.l. og jarðsett var frá Neskirkju þriðjudaginn 1. júní s.l.

**Sighvatur og Björk**
**Elín og Sigþór**
**Björgvin og Dóra Valdís**
**Rúnar og Alma**
**Bryndís og Nicolas**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Gunnar Helgason**

hæstaréttarlögmaður

lést þann 4. júní á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Jarðarför auglýst síðar

**Kristján Tómas Gunnarsson Beverly Gunnarsson**
**Gunnar Gunnarsson Gunilla E. Gunnarsson**
**Margrét Gunnarsdóttir Vilhjálmsson Vilhjálmur Hörður**
**Hallgrímur Helgi Gunnarsson Guðrún Högnadóttir**
**Guðjón Halldór Gunnarsson Henríetta Guðrún Gísladóttir**
**og barnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**NANCY SINATRA ER SJÖTUG Í DAG.**

*„Það sem gerist í tónlistarbransanum er að ef þú bregður þér frá í örskotsstund til að sinna einhverju öðru þá fyllir sandurinn sporin þín og þú ert horfin, liðin tíð.“*

***Nancy Sinatra er dóttir hins heimsfræga söngvara Franks Sinatra og hefur látið að sér kveða í tónlistarheiminum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AFMÆLI** Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, ásamt selunum góðkunnu sem hafa verið í garðinum frá upphafi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN: FAGNAR TUTTUGU ÁRA AFMÆLI

# Hefur verið ævintýri líkast

„Vissulega er þetta langur tími, en hann hefur liðið mjög hratt og í raun má segja að þetta hafi verið ævintýri líkast,“ segir Tómas Óskar Guðjónsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, en garðurinn fagnaði tuttugu ára afmæli sínu fyrir skemmstu.

Tómas hefur starfað við garðinn frá upphafi og segir það standa upp úr hversu blessunarlega vel hafi gengið þann tíma þótt töluverðar breytingar hafi orðið á rekstrinum. „Ég réði mig til starfa í Húsdýragarðinum en svo bættist Fjölskyldugarðurinn við þremur árum síðar og svo sjávardýrasafn og vísindaveröld í kjölfarið, þannig að barnið er að þroskast. Starfið er í öllu falli orðið mun fjölbreyttara en það var í upphafi,“ segir Tómas.

Að sögn Tómasar hefur eitthvað á fjórðu milljón gesta heimsótt garðinn á þessum tuttugu árum og aðsóknin verið mjög stöðug. „Skýringin er líklega sú að Íslendingar eru duglegir að eignast börn og nýjar kynslóðir bætast í hóp gesta. Það er ekki hægt annað en að vera bjartsýnn á framtíðina.“

Afmælishátíð garðsins stendur yfir allt árið og hluti hennar er opnun nýs vaðleikjasvæðis, en því gamla var lokað vegna sýkingarhættu á sínum tíma. Einnig fékk garðurinn eitt stærsta safn uppstoppaðra fugla á landinu til varðveislu á afmælisdaginn og þá er von á slöngum og eðlum í garðinn á næstu vikum. „Annars er aðalverkefnið alltaf að halda því við og gangandi sem byrjað hefur verið á. Það þarf endalaust að breyta og bæta í stórum garði,“ segir Tómas.

Aðspurður segist forstöðumaðurinn ekki eiga eftirlætisdýr í garðinum því hann geri ekki upp á milli barnanna. Lengst af öllum dýrunum í garðinum hafa verið þrír selir, Særún, Kobba og Snorri, sem hafa verið í honum frá fyrsta degi. „Selirnir eru ættaðir að vestan, frá Rauðasandi og urturnar hafa kæpt á hverju ári frá því þær urðu kynþroska. Það er mjög ánægjulegt því það er ekki svo algengt að urtur kæpi í dýragörðum,“ segir Tómas. kjartan@frettabladid.is



*Elskulegur eiginmaður minn*

**Hrólfur Hafsteinn Guðjónsson**

frá Heiðarbæ

andaðist 4. júní á Heilbrigðisstofnuninni Hólmavík. Útförin fer fram frá Hólmavíkurkirkju 11. júní kl. 14.00. Jarðsett verður í Kollafjarðarneskirkjugarði.

**Gerður Hentze Pálsdóttir**
**Ívar Örn Hrólfsson og aðrir ættingjar.**




VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




# Innskeifar og þokkafullar

**BAKÞANKAR**
**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir**



Einu sinni, fyrir ekki svo langa löngu, var ég lítill og fáránlega útskeifur krakki. Mér fannst ekki töff að vera eins og kvenkyns barnaútgáfan af Chaplin og æfði mig stundum í laumi að ganga beint eftir línu. Hins vegar þakkaði ég fyrir að fæturnir á mér sneru þó ekki inn á við. Í barnæsku minni tilheyrðu þeir innskeifu nefnilega varnarlausum minnihlutahópum, settir í hóp með rauðhærðum og freknóttum, feitabollum og gleraugnaglámum. Þeim mátti stríða.

**EITTHVAÐ** hefur breyst frá því ég var krakki. Kannski eru mömmur hættar að gleðjast yfir hraustlegum dætrum beinum í baki með eplakinnar. Kyssa stelpurnar sínar bless á morgnana, eftir að hafa vigtað ofan í þær sojamorgunbaunir, ýta herðunum um leið aðeins fram á við og kalla á eftir þeim „inn með tærnar elskan!“

**Í** dag þykir nefnilega flott að vera innskeifur með kryppu. Guðdómlega fallegu risarnir á síðum tískutímaritanna eru líka orðnir innskeifir og svo hoknir í herðum að þeir líta út fyrir að vera að bugast undan kílóunum fjörutíu sem beinin ein bera uppi. Það er ekki á þeim að sjá að þeir séu duglegir að drekka mjólk og borða ost.

**ÞAÐ** er ekkert nýtt að konum sé í auglýsingum stillt upp eins og það sé eitthvað að hjá þeim. Að líkamstjáningin bendi til þess að þær séu þroskahamlaðar, ægilega saklausar og varnarlausar. En þær er víðar að finna en í tímaritunum. Til dæmis á tískubloggunum sem eru orðin lífsnauðsynleg nútímakonum sem vilja fylgjast með. Á þeim birta bloggarar, oftast sjúklega sætar gyðjur sem venjulegar stelpur vilja líkjast, myndir af sjálfum sér. Þar er ritstjórinn yfirleitt bara einn, sú hin sama og situr fyrir á myndunum og jafnvel smellir af líka. Og alltaf er hún innskeif.

**ÉG** vildi að ég gæti með góðri samvisku sagt og meinað: „Usss! hvað þetta er asnaleg stelling sem þetta stelpugrey er í. Hverjum dettur í hug að þetta sé flott?“ En það er nú ekki svo. Þó ég sé fyrir löngu hætt að láta mig dreyma um að stólparnir sem ég hef fyrir fætur breytist í pinna og bífurnar breyti um stefnu er ég einkennilega skotin í þessum afkáralegu stelpum. Á meðan skynsemin segir mér að það sé eitthvað athugavert við það sem ég er að horfa á, finnst mér þær bæði sætar og flottar. Getur verið að innst inni langi mig að vera innskeifur kroppinbakur?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Stúlknakór í Hallgrímskirkju

Stúlknakór Kaupmannahafnar kemur fram á tónleikum í Hallgrímskirkju í kvöld kl. 20. Kórinn flytur fjölbreytta efnisskrá, meðal annars verk eftir norrænu tónskáldin Knut Nystedt, Trond Kverno, Ola Gjelo, Michael Bojesen auk verka eftir Olivier Messiaen, J. Rheinberger, John Rutter og fleiri. Stjórnandi kórsins er Claus Vestergaard Jensen, en Philip Schmidt-Madsen organisti leikur á Klais-orgel Hallgrímskirkju.

Kórinn tók um helgina þátt í kórastefnu við Mývatn þar sem hann vakti mikla athygli fyrir góðan söng. Þetta er eina tækifærið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins til að hlýða á söng þessa rómaða kórs að þessu sinni.

Stúlknakór Kaupmannahafnar, sem kennir sig við Sankt Annæmenntaskólann er talinn vera einn besti stúlknakór Danmerkur. Kórinn var stofnaður árið 1973. Kórinn starfar við Kirkju heilags anda á Strikinu í Kaupmannahöfn. Samstarf þessarar kirkju við hirðina og menntaskóla heilagrar Önnu á sér aldagamla hefð.

Á efnisskrá kórsins eru verk af ólíkum stíltegundum, bæði hefðbundin kórtónlist og dægurtónlist og höfðar kórinn því bæði til yngri og eldri áheyrenda. Af höfundum sem kórinn flytur oft verk eftir má nefna Fauré, Poulenc, Brahms, Schubert og Rheinberger. Stúlknakór Kaupmannahafnar hefur sungið inn á marga hljómdiska og komið fram á tónleikum víðs vegar um heim, nú nýlega í Bandaríkjunum, Kanada og Kína. - pbb



**TÓNLIST** Stelpurnar úr Sankt Annæ-skólanum syngja venjulega við Heilagsandakirkju en koma fram í Hallgrímskirkju í kvöld.




**Stúlknakór Kaupmannahafnar - Copenhagen Girls' Choir**

**Helligåndskirken- Kirkju heilags anda við Strikið í Kaupmannahöfn**
**Tónleikar í Hallgrímskirkju þriðjudaginn 8. júní klukkan 20.00**

**Fjölbreytt efnisskrá, m.a. verk eftir Knut Nystedt, Trond Kverno, Ola Gjelo, Michael Bojesen, Olivier Messiaen, J. Rheinberger, John Rutter o.fl.**

Stjórnandi Claus Vestergaard Jensen.
Philip Schmidt-Madsen organisti leikur á Klais-orgel Hallgrímskirkju.
Miðasala við innganginn, miðaverð kr. 2000,-/ 1500.

**Listvinafélag Hallgrímskirkju 28. starfsár**
**www.listvinafelag.is**


# Athugasemd frá ráðherra

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur gert athugasemd vegna fréttar í menningu á laugardag um fjárveitingar á síðustu ellefu árum til ýmissa aðila vegna bókaútgáfuverkefna af ýmsu tagi. Segir Katrín að ranghermt sé í fréttinni að fjárveitingar þessar séu af ráðstöfunarfé mennta-málaráðuneytis, heldur komi þær inn í fjárlög ár hvert frá fjárveitinganefnd. Hún hafi þá stefnu að slíkar fjárveitingar skuli alfarið vera á vegum fagnefnda. Raunar séu fjárveitingar til ýmissa safnastofnana sem vitnað var til í fréttinni líka komnar til innan fjárveitinganefndar og hennar sjónarmið sé að þær eigi líka að vera á valdsviði fagaðila. Ríkisendur-skoðun hafi í skýrslum sínum til Alþingis lagt það til. Í svari ráðuneytis síns við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur hafi þetta ekki komið fram. Er þessari athugasemd ráðherra hér með komið á framfæri og beðist velvirðingar á þessu ranghermi. - pbb



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**


**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**
**Löggiltur rafverktaki**
**Sími:**
**553 5600**
**rafsol@rafsol.is**
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!




Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.




**Allt sem þú þarft...**

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán.-lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv 2009 - apr 2010.

> FAGURT PAR

Fjölmiðlar vestra halda því fram að leikararnir Ryan Gosling og Charlize Theron séu að stinga saman nefjum. Nýlega sást til parsins á skemmtistað í Los Angeles þar sem þau dönsuðu vangadans og döðruðu. Sé orðrómurinn sannur er víst að Gosling og Theron verða eitt myndarlegasta par Hollywood.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Hitti átrúnaðargoðið í Noregi

„Hann var ferlega flottur," segir Samúel Jón Samúelsson sem hitti eitt af átrúnaðargoðum sínum, nígeríska trommuleikarann Tony Allen, á Nattjazz-tónlistar-hátíðinni í Noregi. Þar spilaði Samúel ásamt Stórsveit sinni deginum á undan Allen við góðar undirtektir.

Trommarinn er þekktur fyrir að hafa spilað með landa sínum Fela Kuti í rúman áratug og er einn af mönnunum á bak við „afrobeat-" tónlistarstefnuna. Undanfarin ár hefur hann spilað með ýmsum flytjendum, þar á meðal Damon Albarn, Sebastian Tellier og hljómsveitinni Air.

„Við fórum baksviðs eftir tónleikana hans með nokkur plötuumslög til að láta hann krota á þau. Ég spjallaði við hann og var óbeint að reyna að fá hann til að koma hingað einhvern tímann að spila," segir Sammi. Allen tók vel í það og setti það sem skilyrði að hann fengi að kynnast hinu víðfræga íslenska næturlífi. „Hann var ferlega viðkunnanlegur og alveg á jörðinni. Honum fannst leiðinlegt að fara þegar skipuleggjandi tónleikaferðarinnar vildi draga hann á hótelið."

Sammi segir að Allen hafi haft mikil áhrif á sína tónlistarsköpun. „Hann er alveg einstakur músíkant og einstakur trommuleikari. Hann kom með algjörlega nýja nálgun á trommusettið. Ef einhverjir tónlistarmenn hafa ekki tékkað á honum eiga þeir að setja það efst á listann." - fb



**GÓÐIR SAMAN** Samúel J. Samúelsson ásamt átrúnaðargoðinu Tony Allen á tónlistarhátíðinni í Noregi.


FORNBÓKAMARKAÐUR
8.- 11. júní
Næstum allar bækur á 300 kr. stk
Dýrari bækur með 50% afslætti
Opið frá kl. 13 – 18
Bækur og leikföng
Langholtsvegur 42
ÚTIMARKAÐUR ef veður leyfir


# Hafnaði Coke og Pepsi

**Breska söngkonan M.I.A hefur hafnað tilboðum frá gosdrykkjarisunum Coke og Pepsi um að gerast andlit auglýsingaherferða þeirra. M.I.A segist ekki vera reiðubúin að selja listrænt frelsi sitt, hún vilji bíða í tíu ár og þróa feril sinn enn frekar. „Einn daginn mun ég segja já og hvað með það? En ég vil þá að þeir peningar nýtist fólkinu í kringum mig og því sem það er að gera," sagði M.I.A en hún hefur verið dugleg við að koma á framfæri ungu fólki í tónlistarbransanum**



**VILDI EKKI SELJA FRELSIÐ** M.I.A vildi hvorki semja við Coke né Pepsi.



**VAR EINI HOMMINN Í BÆNUM** Vilhjálmi Þór Davíðssyni var fagnað sem þjóðhetju í heimabæ sínum Ólafsfirði en hann var eini opinberi homminn þegar hann kom út úr skápnum á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Kastað til bata
12.-14. júlí

**Endurhæfing getur orðið að skemmtilegu ævintýri**
Einstakt boð fyrir konur sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini.

Krabbameinsfélag Íslands býður konum sem lokið hafa meðferð við brjóstakrabbameini í nýstárlega endurhæfingu
- þriggja daga ferð, 12.-14. júlí, að Laxá í Laxárdal – perlu veiðiáa.
Markmiðið er að veita þeim tækifæri til að styrkja sig á líkama og sál, gleyma sér í einbeitingu yfir skemmtilegu verkefni og sækja styrk í góðan félagsskap í stórkostlegu umhverfi Laxár.
Vanir fluguveiðimenn kenna þátttakendum að kasta flugu og sjúkraþjálfari og stuðningsaðilar verða til halds og trausts.

Ferðin tekur þrjá daga, flogið á Akureyri og gist að Rauðhólum í Laxárdal. Umsóknarfrestur er til og með 25. júní og sendist til Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins.

**Umsóknareyðublað og frekari upplýsingar á www.krabb.is**

Krabbameinsfélagið

**Þessi ævintýraferð er þátttakendum með öllu kostnaðarlaus.**

Samstarfsaðilar Krabbameinsfélagsins í þessu verkefni eru:
Stangaveiðifélag Reykjavíkur | Ellingsen | Veiðihornið | Flugfélag Íslands | Veiðihúsið Rauðhólum | Vífilfell | Heilsa | Nettó | Lýsing | Landsnet | Alþýðusamband Íslands og Bjarni Höskuldsson og félagar leiðbeina um veiðisvæðið.


# Ætlar að skrá sig í Lögregluskólann

**Vilhjálmur Þór Davíðsson, nýkrýndur Hr. Hinsegin, hyggst sækja um í Lögregluskólanum í haust. Hann var 130 kíló, inni í skápnum og óánægður með lífið fyrir fimm árum en er nýr og breyttur maður í dag sem nýtur lífsins.**

„Mér líður afskaplega vel skal ég segja þér. Kvöldið var æðislegt í alla staði og alveg einstök upplifun. Eiginlega eitt af betri kvöldum lífs míns, ef ekki það besta," segir Vilhjálmur Þór Davíðsson. Hann er nýkrýndur Herra Hinsegin en þetta er í fyrsta sinn sem keppnin er haldin hér á landi. Vilhjálmi var fagnað sem þjóðhetju í heimabæ sínum Ólafsfirði en þar tróð hann óvænt upp á sjómannadagsskemmtuninni. „Ég á hreinlega ekki orð yfir þeim viðtökum sem ég fékk," segir Vilhjálmur sem er einhleypur eins og staðan er í dag.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fyrir helgi valdi Vilhjálmur að taka þátt í Herra Hinsegin til að vera fyrirmynd fyrir ungt fólk sem er að hugsa um að koma út úr skápnum. Vilhjálmur segir að þegar hann kom út úr skápnum hafi hann verið eini opinberi homminn í sínum heimabæ og því vantað fyrirmynd af þessu tagi. Svo virðist sem þessu takmarki hans sé náð því að morguninn eftir keppnina hafði honum borist fyrsti pósturinn í gegnum samskiptavefinn Facebook þar sem honum var þakkað fyrir að vera eins og hann er.

„Önnur ástæða fyrir því að ég tók þátt er sú að fyrir um fimm árum var ég 130 kíló, inni í skápnum og virkilega óánægður með sjálfan mig. En ég tók málin í mínar hendur og breytti til. Ég vildi því einnig taka þátt í keppninni til að sýna sjálfum mér og mínum nánustu hvaða takmarki ég hef náð. Ég held að fáum hefði dottið í hug fyrir fimm árum að ég myndi standa uppi á sviði og vinna keppni eins og þessa." Vilhjálmur sagði Fréttablaðinu frá því fyrir helgi að draumastarfið hans væri innan lögreglunnar. Og hann hyggst sækja um inngöngu í lögregluskólann í haust. „Ég stefni á að ná að fara bæði í lögregluskólann og bera titilinn ef það er hægt. En ef ekki, vel ég titilinn því hér er um að ræða einstakt tækifæri."

linda@frettabladid.is

# Willis auglýsir vodka

Leikarinn Bruce Willis hefur að undanförnu birst í auglýsingum á netinu fyrir pólska vodkategund. „Ég er ekki bara fjallmyndarleg hasarmyndahetja með sönghæfileika," grínast Willis í einni auglýsingunni. Willis, sem er 55 ára, á hlut í fyrirtækinu Belvedere SA, sem framleiðir vodkann. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins Willis hafa verið valinn vegna þess að hann væri alvöru náungi



**BRUCE WILLIS** Hasarmyndahetja auglýsir pólska vodkategund á netinu.

# Fjármagnar plötu á netinu

„Í raun er ég að selja diskinn fyrirfram,“ segir djasspíanistinn Sunna Gunnlaugsdóttir sem notar síðuna Kickstarter.com til að fjármagna plötu sem hún hljóðritaði í New York í fyrra. Hún ætlar einnig að nota peningana í útvarpsherferð í Bandaríkjunum.

Á síðunni geta stuðningsmenn og tónlistarunnendur heitið vissum upphæðum á Sunnu og fengið fríðindi í staðinn, það er ef takmarkið næst að ná inn 2.500 dollurum fyrir 10. júní. Sunna hefur þegar náð inn rúmlega 60% fjármögnun og vantar bara herslumuninn.

„Ég var búin að melta þetta með mér í langan tíma. Ég hafði heyrt að fólk hefði verið að gera þetta en þetta er mun algengara í rokk, urban- og indítónlist,“ segir Sunna. Á meðal fríðinda sem stuðningsmenn Sunnu geta fengið er frítt niðurhal á plötunni, áritað eintak, stuttermabolur og iPad Nano-spilari. Einnig getur fólk pantað hvaða lag sem er og fengið Sunnu til að taka það upp og senda viðkomandi. Það er dýrast og kostar 100 dollara. Ef fjármögnunin næst ekki að fullu fyrir 10. júní fá þeir sem hafa heitið á Sunnu peningana sína til baka.

Sunna er að leggja af stað í tónleikaferð um Bandaríkin. Þar stígur hún á svið með kvartetti sem hún spilaði með áður en hún flutti heim til Íslands eftir þrettán ára búsetu í Bandaríkjunum.
-fb


**SUNNA GUNNLAUGSDÓTTIR** Sunna notar síðuna Kickstarter.com til að fjármagna plötuna sína.

# Formið kemur með kynlífi

Robbie Williams hefur upplýst hvernig hann heldur sér í svona góðu formi. Fyrir utan að hlaupa nokkra kílómetra á dag og borða hollt þá er lykillinn kynlíf. Robbie er reyndar ekki fyrsta stjarnan sem lýsir þessu yfir því Cameron Diaz hefur einnig talað opinberlega um hversu gott það er fyrir línurnar að stunda kynlífið.

Robbie sagði við breska blaðið Daily Star að hann og unnusta hans, Ayda Field, elskist eins oft og þau geti. „Ef þú vilt spyrja mig út í formið þá er svarið kynlíf. Við stundum það eins mikið og við getum,“ sagði Robbie. Söngvarinn hefur smám saman verið að koma sér á beinu brautina eftir mikinn öldudal og hann er meðal annars einn aðstandenda Soccer Aid-leiksins þar sem stjörnur og fyrrverandi knattspyrnuhetjur etja kappi fyrir gott málefni. „Þessi viðburður hvetur mig áfram, ég vil vera í góðu formi þegar að leiknum kemur, ég er duglegur að hlaupa og spila fótbolta,“ sagði Robbie.

Söngvaranum hefur oft verið legið á hálsi fyrir að vera of feitur. En Robbie segist með æfingum sínum ekki hafa misst neitt rosalega mikið af kílóum. „Vöðvamassinn er bara orðinn meiri og það er frábært að hafa eitthvað til að stefna að,“ segir Robbie.


**KYNLÍFIÐ GOTT** Robbie Williams segist halda sér í formi með því að stunda mikið kynlíf, hlaupa og spila fótbolta.









# Claudia Schiffer hneykslar

**Claudia Schiffer hefur ekki verið þekkt fyrir að ganga fram af fólki heldur þykir fyrirsætan fremur hefðbundin. Samstarf hennar og Karls Lagerfeld gæti þó breytt þeirri ímynd.**




**TÍSKUTÁKN Í VANDA** Claudia Schiffer og Karl Lagerfeld eru í miklum vandræðum eftir að myndir af fyrirsætunni í hlutverki svartrar konu voru birtar í þýsku glanstímariti.

Myndaþáttur með þýsku fyrirsætunni Cladiu Schiffer í tískutímaritinu Stern Fotografic hefur valdið miklum deilum. Myndirnar voru teknar sem hluti af herferð kampavínsframleiðandans Dom Perignon árið 2007 og eru þær birtar í tilefni af sextíu ára afmæli tímaritsins. Karl Lagerfeld hafði yfirumsjón með myndatökunni en á myndunum sést Schiffer með afró-hárgreiðslu í pilsi og hefur fyrirsætan verið máluð svört. Fimm aðrar myndir af öðrum fyrirsætum úr myndatökunni voru einnig birtar en það eru fyrst og fremst Claudiu Schiffer-myndirnar sem hafa valdið miklum úlfaþyt.

Ritstjóri tískutímaritsins Pride, Shevelle Rhule, gagnrýnir myndbirtinguna harðlega. Segir hana niðurlægjandi fyrir svartar fyrirsætur. „Þetta er lélegt. Það eru ekki of margar svartar fyrirsætur í lífstílsblöðum og þessar myndir sýna fram á að það sé alls ekki nauðsynlegt, menn geti bara notað hvítar fyrirsætur og málað þær svartar,“ segir Rhule. Hún bætir því við að tímaritið hafi eflaust ekki ætlað að móðga neinn og að myndaþátturinn hafi verið hugsaður sem ögrandi. „En menn hafa augljóslega ekki velt fyrir sér sögunni og hvernig þetta lítur út þegar myndirnar hafa verið prentaðar. Þetta minnir einna helst á sýningarnar sem haldnar voru eftir þrælastríðið í Bandaríkjunum þar sem hvítir leikarar voru málaðir svartir og þeir sýndir sem heimskir og latir,“ segir Rhule.

Talsmaður Schiffer segir myndirnar hafa verið teknar úr samhengi og að þær hafi átt að sýna undarlega hugaróra karlmanna. „Þeim var ekki ætlað að móðga neinn, þetta eru mjög listrænar myndir og í miklu uppáhaldi hjá Karli Lagerfeld.“

-fgg

# 22 myndir á Stuttmyndadögum

Alls hafa 22 nýjar íslenskar stuttmyndir verið valdar á Stuttmyndadaga í Reykjavík sem haldnir verða í Kringlubíói á miðvikudag. Tæplega fjörutíu myndir bárust en dómnefndin valdi þær 22 bestu.

Peningaverðlaun verða veitt fyrir þrjár bestu myndirnar. 100.000 krónur eru í verðlaun fyrir fyrsta sætið, 75.000 kr. fyrir annað sætið og 50.000 kr. fyrir það þriðja. Þá verða áhorfendaverðlaun veitt, auk þess sem Sjónvarpið mun sýna allar verðlaunamyndirnar. Þá verður leikstjóra sigurmyndarinnar boðið á kvikmyndahátíðina í Cannes að ári þar sem myndin tekur þátt í hinu svokallaða Short Film Corner.

Dagskráin í Kringlubíói hefst kl. 19 á miðvikudag og eru allir velkomnir og það er ókeypis inn.



**DÓMARI** Vera Sölvadóttir er í dómnefnd Stuttmyndadaga ásamt Baldvini Z og Nönnu Kristínu Magnúsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA









SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7 - 8D - 10 - 11D | 12 |
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| THE LAST SONG | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| IRON MAN 2 | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| KICK ASS | kl. 5:40 | 14 |
| AÐ TEMJA DREKANN SINN M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 5D - 7D - 8D - 10D - 11D | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| OFURSTRÁKURINN M/ ísl. Tali | kl. 5 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 - 11 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl 8 - 10:30 | 10 |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| SEX AND THE CITY 2 | kl. 8 - 11 | 12 |
| PRINCE OF PERSIA | kl. 8 | 10 |
| COPS OUT | kl. 10:30 | 14 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG KR. 600*

*GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!












SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| GET HIM TO THE GREEK LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.25 | 12 |
| CENTURION | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 3.40 - 5.50 - 8 | 14 |
| SNABBA CASH | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 3.50 - 6 | L |
| ROBIN HOOD | kl. 10.10 | 12 |
| THE SPY NEXT DOOR | kl. 3.40 | L |

facebook.com/smarabio

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 9 | 12 |
| YOUTH IN REVOLT | kl. 6 - 10.20 | 14 |
| OCEANS | kl. 5.45 | L |
| SNABBA CASH | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 8 | 12 |
| THE BACKUP PLAN | kl. 5.40 - 8 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | kl. 6 - 8 - 10 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | kl. 8 | 16 |
| ROBIN HOOD | kl. 10.20 | 12 |
| SKÓGARDÝRIÐ HÚGÓ 3 | kl. 6 | L |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus






ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR






LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| GET HIM TO THE GREEK | 3.50, 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| ROBIN HOOD | 4, 7 og 10 | 12 |
| BROOKLYN´S FINEST | 8 og 10.30 | 16 |
| HÚGÓ 3 | 4 og 6 | L |







Verð frá kr. 177,950

## Sparaðu með Miele

**Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast í 10.000 vinnustundir sem jafngildir 20 ára endingu á venjulegu heimili.**

**Miele sér um þvottinn alla leið**

Miele hefur rannsakað og þróað þvottaefni sem skilar betri árangri en áður hefur þekkst. Um er að ræða þvottaefni fyrir hvítan þvott og litaðan, fyrir íþróttafatnað sem og fyrir útivistarfatnað, einnig fyrir sængur og dúnúlpur. Miele mýkingarefnið skilar þvottinum einstaklega ferskum og mjúkum.

Miele er eini þvottavélaframleiðandinn sem býður nú heildarlausn fyrir þvottinn, þar sem hugað er að hverju smáatriði frá upphafi til enda.

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

vilborga@centrum.is

# Stjörnurnar fagna með MTV

**Kvikmyndaverðlaun MTV voru veitt um helgina og skærustu stjörnurnar mættu að sjálfsögðu á svæðið. Ýmislegt vakti athygli, Sandra Bullock kyssti Scarlett Johansson á munninn, Robert Pattinson rakaði að sér verðlaunum og nýjasta Twilight-myndin var ótvíræður sigurvegari, sem segir okkur að yngri kynslóðin velur sigurvegara hátíðarinnar.**



**GLÆSILEG** Christina Aguilera flutti ögrandi atriði á hátíðinni og hneykslaði marga. Hún var ögn settlegri í kjólnum áður á rauða dreglinum.



**SLÓ Í GEGN** Tom Cruise kom fram í atriði á hátíðinni sem framleiðandinn Les Grossman úr myndinni Tropic Thunder. Hérna er hann ásamt hinni glæsilegu Cameron Diaz.



**MARGIR KJÓLAR** Katy Perry prófaði tvo kjóla á rauða dreglinum og mætti svo í enn öðrum upp á svið. Allir áttu kjólarnir sameiginlegt að undirstrika glæsilegan vöxt söngkonunnar.



**EINN Á FERÐ** Russell Brand, unnusti Katy Perry, stillti sér einn upp þrátt fyrir að unnustan stórglæsilega væri skammt undan.

## SIGURVEGARAR KVIKMYNDAVERÐLAUNA MTV

**Besta myndin**
*The Twilight Saga: New Moon*

**Besta frammistaða í grínmynd**
*Zach Galifianakis* í The Hangover

**Alþjóðleg ofurstjarna**
*Robert Pattinson*

**Besti leikarinn**
*Robert Pattinson* í The Twilight Saga: New Moon

**Besti harðjaxlinn**
*Rain* í Ninja Assassin

**Besta illmennið**
*Tom Felton* í Harry Potter and the Half-Blood Prince

**Skrýtnasta augnblikið**
*Ken Jeong* í The Hangover

**Heiðursverðlaun MTV**
*Sandra Bullock*

**Besti kossinn**
*Kristen Stewart* og *Robert Pattinson* í The Twilight Saga: New Moon

**Besta frammistaða í hrollvekju**
*Amanda Seyfried* í Jennifer's Body

**Nýliði ársins**
*Anna Kendrick* í Up in the Air

**Besta leikkonan**
*Kristen Stewart* í The Twilight Saga: New Moon

**Besti bardaginn**
*Beyoncé Knowles* og *Ali Larter* í Obsessed



**SETH SHARP** Hljómsveitin Nammidagur heldur tónleika á Dillon og á Karamba á næstunni.

# Tónleikar hjá Nammidegi

Hljómsveitin Nammidagur heldur tónleika á Dillon á fimmtudag og á Karamba daginn eftir. Sveitin er hugarfóstur söngvarans og lagahöfundarins Seths Sharp og trommarans Stefáns Laxdals. Þar sameina þeir hinar ólíku tónlistarstefnur þungarokk og sálartónlist. Einnig kemur blústónlist við sögu stöku sinnum. Nammidagur er að undirbúa sína fyrstu plötu og ætlar sveitin að spila efni af henni á tónleikunum. Nánari upplýsingar um hljómsveitina má finna á facebook.com/nammidagur.



**HRIKALEG VINSÆL** Mamma Mia! hefur notið gríðalegra vinsælda

# Mamma Mia! til Kína

Söngleikurinn Mamma Mia! verður fyrsti vestræni söngleikurinn sem settur verður í almennar sýningar í Kína. Mamma Mia! byggir sem kunnugt er á lögum sænsku hljómsveitarinnar Abba en þetta verður þrettánda tungumálið sem söngleikurinn er þýddur á. Þetta er reyndar ekki í fyrsta skipti sem Mamma Mia verður kyrjað í kommúnistaríkinu því söngleikurinn var óvænt settur á svið árið 2007 í Peking og Sjanghæ.

Söngleikurinn hefur nú verið settur upp í 190 borgum í Ameríku, Ástralíu og Evrópu. Talið er að yfir fjórutíu milljónir manna hafi séð söngleikinn sem hefur nú þénað í kringum tvo milljarða Bandaríkjadala. Söngleikurinn var fyrst frumsýndur í London en kvikmynd byggð á honum sló rækilega í gegn, meðal annars hér á Íslandi.



## 3 DAGAR Í HM

Fjórir leikmenn hafa náð því að skora í tveimur úrslitaleikjum á HM. Þetta eru Brasilíumennirnir Vava (1958 (2 mörk) og 1962) og Pele (1958 (2 mörk) og 1970), Vestur-Þjóðverjinn Paul Breitner (1974 og 1982) og Frakkinn Zinedine Zidane (1998 (2 mörk) og 2006). Vava er sá eini af þessum fjórum sem hefur skorað í tveimur úrslitaleikjum í röð en hann skoraði fyrstu tvö mörkin í 5-2 sigri Brassa á Svíum 1958 og síðasta markið í 3-1 sigri á Tékkóslóvakíu 1962.



# sport

sport@frettabladid.is

**ATLI VIÐAR BJÖRNSSON:** SKORAÐI TVÖ Í JAFNTEFLI GEGN FYLKI Í GÆR

## Skrýtið að vera ósáttur við tvö mörk



FH-ingnum Atla Viðari Björnssyni tókst ekki að fullkomna þrennuna í leik Fylkis og FH í gærkvöldi en leikurinn endaði með 2-2 jafntefli í stórskemmtilegum leik. Atli Viðar fékk fjölmörg tækifæri til að tryggja gestunum úr Hafnarfirði öll þrjú stigin en lukkudísirnar voru ekki með Dalvíkingnum að þessu sinni. Hann stóð sig þó frábærlega í leiknum og jafnaði með tveimur mörkum eftir að Fylkir hafði komist í vænlega 2-0 stöðu.

„Ég fékk svo sannarlega færin til að ná þrennunni og tryggja okkur sigurinn. Ég er virkilega súr með þetta og það er svolítið skrýtin tilfinning að hafa skorað tvö mörk en vera engan veginn sáttur við sjálfan sig,“ sagði Atli Viðar í leikslok.

FH-ingar óðu í færum í seinni hálfleik og með hreinum ólíkindum að Íslandsmeistararnir skuli ekki hafa skorað fleiri mörk í leiknum. Bæði lið voru hins vegar að skapa sér færi sem hægt hefði verið að dæma vítaspyrnur á báðum vítateigum vallarins í seinni hálfleik.

„Við vildum svo sannarlega öll þrjú stigin, sérstaklega þar sem við náðum að jafna leikinn og urðum einum leikmanni fleiri. Við byrjuðum leikinn mjög illa en sýnum karakter með að koma tilbaka og yfirspila Fylkismenn á löngum köflum. Við áttum auðvitað að vinna þennan leik en það vantaði meiri gæði í sókninni,“ segir Atli en Fjalar Þorgeirsson varði frábærlega hvað eftir annað í marki Fylkismanna. „Fjalar er auðvitað frábær markvörður og við þurftum að gera betur til að koma tuðrunni framhjá honum í þessum leik.“

Íslandsmeistararnir hafa farið hægt af stað í sumar en Atli Viðar telur að það séu batamerki á liðinu. „Við fórum loksins að spila flottan sóknarbolta og fengum í kjölfarið fullt af færum. Ég vona að þetta sé að koma hjá okkur og hjá mér sjálfum. Það skiptir ekki máli fyrir mig hvort ég er að skora mörk ef við erum að fá þrjú stig. Í þessum leik áttum við að hirða öll stigin.“ - jjk

### Fylkir 2-2 FH

Fylkisvöllur, áhorf.: 1564 — Þóroddur Hjaltalín Jr. (5)

*1-0 Albert Brynjar Ingason (5.)*
*2-0 Albert Brynjar Ingason (28., víti)*
*2-1 Atli Viðar Björnsson (29.)*
*2-2 Atli Viðar Björnsson (53.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–13 (4–5) |
| Varin skot | Fjalar 3 – Gunnleifur 2 |
| Horn | 7–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 4–3 |
| Rangstöður | 4–3 |

| **FYLKIR** 4–5–1 | | **FH** 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Fjalar Þorgeirsson | 7 | Gunnleifur Gunnleifs. | 6 |
| Andrés Jóhannesson | 5 | Guðmundur Sævars. | 6 |
| Kristján Valdimarsson | 6 | (78. Ásgeir Ásgeirs. | -) |
| Einar Pétursson | 4 | Hafþór Þrastarson | 5 |
| Þórir Hannesson | 5 | (51. Freyr Bjarnason | 5) |
| Tómas Þorsteinsson | 5 | Pétur Viðarsson | 4 |
| (46. Kjartan Breiðdal | 6) | Hjörtur Valgarðsson | 6 |
| Ásgeir B. Ásgeirsson | 5 | ***Atli V. Björnsson** | **7** |
| Valur Fannar Gíslason | 6 | Hákon Hallfreðsson | 5 |
| Albert Br. Ingason | 7 | Björn D. Sverrisson | 5 |
| Ingimundur Óskarss. | 5 | Atli Guðnason | 7 |
| (81. Ásgeir Arnþórs. | -) | Matthías Vilhjálmsson | 6 |
| Pape Faye | 5 | Torger Motland | 5 |
| (60. Jóhann Þórhalls. | 5) | (46. Ólafur Páll Snor. | 5) |

**Maður leiksins*

### KR 1-2 Valur

KR-völlur, áhorf.: 2252 — Magnús Þórisson (4)

*0-1 Baldur Aðalsteinsson (11.)*
*1-1 Óskar Örn Hauksson (25.)*
*1-2 Arnar Sveinn Geirsson (56.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–10 (4–5) |
| Varin skot | Moldskred 3 – Kjartan 3 |
| Horn | 2–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 15–16 |
| Rangstöður | 1–1 |

| **KR** 4–4–2 | | **VALUR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Lars Ivar Moldsked | 5 | Kjartan Sturluson | 6 |
| Skúli Jón Friðgeirsson | 5 | Greg Ross | 6 |
| Mark Rutgers | 4 | Reynir Leósson | 6 |
| Grétar S. Sigurðarson | 6 | Atli Sv. Þórarinsson | 7 |
| Guðmundur Gunnars. | 5 | Martin Pedersen | 7 |
| Gunnar Örn Jónsson | 3 | Haukur P. Sigurðsson | 5 |
| (62. Jordao Diogo | 6) | (52. Rúnar Sigurj. | 6) |
| Baldur Sigurðsson | 5 | ***Sigurb. Hreiðarss.** | **8** |
| Bjarni Guðjónsson | 6 | Ian Jeffs | 7 |
| Óskar Örn Hauksson | 7 | Baldur Aðalsteinsson | 7 |
| Björgólfur Takefusa | 4 | (73. Þórir Guðjónss. | -) |
| Kjartan Finnbogason | 4 | Arnar Sv. Geirsson | 7 |
| (73. Gunnar Krist. | -) | (87. Stefán Eggertss. | -) |
| | | Danni König | 7 |

**Maður leiksins*

# Topplið Keflavíkur tekið á teppið

**Stjörnumenn með Steinþór Freyr Þorsteinsson í broddi fylkingar fóru illa með taplausa Keflvíkinga á gervigrasinu í gær og uppskáru þrjú stig og fjögur mörk á móti liðinu sem varla var búið að fá á sig mark.**

**FÓTBOLTI** Stjörnumenn gerðu það í gærkvöldi sem fáum hafði tekist í allt sumar sem var að opna Keflavíkurvörnina sem hafði aðeins fengið á sig tvö mörk í fyrstu sex leikjum sumarsins í deild og bikar. Þegar upp var staðið á teppinu í gærkvöldi þá gátu gestirnir úr Keflavík þakkað fyrir að sækja boltann bara fjórum sinnum úr netinu hjá sér. Stjörnumenn unnu 4-0 stórsigur, voru miklu betri allan tímann og sýndu enn á ný að það er ekkert grín að mæta á gervigrasið þegar stemningin í Stjörnuliðinu er eins og hún var í gær.

Það mátti sjá vísbendingu um í hvað stefndi í upphafi leiks því eftir aðeins 30 sekúndur var Steinþór Freyr Þorsteinsson búinn að fiska aukaspyrnu fyrir framan vítateig Keflavíkurliðsins. Stjörnumenn skoruðu síðan tvö mörk með þriggja marka millibli um miðjan hálfleikinn og eftir það var Keflavíkurliðið ekki með í leiknum.

„Þegar allir í liðinu eru að spila sinn besta leik þá eiga liðin varla möguleika í okkur,“ sagði Steinþór Freyr Þorsteinsson sem átti frábæran leik og fór illa með alla varnarlínu Keflvíkinga í leiknum. „Ég er í frjálsu hlutverki og taktíkin var bara að gera eitthvað til að skapa vandræði fyrir þá. Ég væri allavega ekki til í að velja mann leiksins og ég þakka fyrir það að það var ekki mitt hlutverk því mér fannst liðið vera það gott,“ sagði Steinþór sem fær þó þann titil fyrir frammistöðu sína í gær. En hafa Stjörnumenn spilað betur? „Þetta er allavega besti leikurinn okkur á þessu tímabili,“ sagði Steinþór en Bjarni Jóhannsson, þjálfari hans var tilbúinn að ganga enn lengra. „Þetta er klárlega með betri leikjum sem við höfum spilað og þetta var magnaður sigur fyrir okkur,“ sagði Bjarni.

„Við mættum í alveg frábærri stemningu inn í þennan leik og áttum alveg magnaðan fyrri hálfleik. Við sýndum allar okkar flottustu hliðar í kvöld,“ sagði Bjarni stoltur í leikslok.

Kollegi hans Willum Þór Þórsson horfði hins vegar upp á sína menn sýna allar sínar verstu hliðar í gær. „Allir sem voru hér sáu það að við mættum ekki til leiks. Þeir keyrðu bara yfir okkur nánast frá byrjun. Tryggvi keyrði inn í markvörðinn okkar, svo taka þeir einu duglega tæklingu til viðbótar og gugnuðum og gáfum eftir. Þeir áttu greiða leið í gegnum miðjuna okkar og komu á flata vörnina og sprengdu okkur bara í fyrri hálfleik,“ sagði Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur að lokum.

Það er hætt að segja að leikurinn og úrslitin hafi komið mörgum á óvart enda bjóst enginn við því að toppliði Keflavíkur yrði tekið á teppið. Keflavík er samt enn á toppnum og leiðin getur ekki legið annað en upp á við eftir þetta stórslys.

ooj@frettabladid.is



**SKOTGLAÐIR** Halldór Orri Björnsson fagnaði fyrra marki sínu með því að þykjast skjóta niður liðsfélaga sína. Leikgleðin í fyrirrúmi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### STJARNAN 4-0 KEFLAVÍK

*1-0 Halldór Orri Björnsson (16.)*
*2-0 Steinþór Freyr Þorsteinsson (19.)*
*3-0 Dennis Danry (38.)*
*4-0 Halldór Orri Björnsson (72., víti)*

Stjörnuvöllur, áhorf.: 1120
Dómari: Magnús Þórisson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 18–10 (8–5) |
| Varin skot | Bjarni 3 – Árni 3 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 13–13 |
| Rangstöður | 3–6 |

**Stjarnan 4–5–1** Bjarni Þ. Halldórsson (6), Baldvin Sturluson (6), Tryggvi Bjarnason (6), Daníel Laxdal (6), Hilmar Hilmarsson (6), Dennis Danry (7) - (85. Björn Pálsson -), Atli Jóhannsson (6), Jóhann Laxdal (7), Halldór O. Björnsson (8), ***Steinþór Þorsteinsson (8)** - (64. Bjarki Eysteinss. 6), Þorvaldur Árnason (7) - (87. Ólafur Karl Finsen -).

**Keflavík 4–3–3** Árni Fr. Ásgeirsson (5), Guðjón Antoníusson (4), Haraldur F. Guðmundsson (4), Bjarni Aðalsteinsson (4), Alen Sutej (3), Magnús Þorsteinsson (3), Hólmar Örn Rúnarsson (4), Paul McShane (4) - (59. Einar Einarsson 5) Jóhann B. Guðmundsson (5), Guðmundur Steinars. (4), Hörður Sveinsson (3) - (59. Andri Birgisson 5).

### Pepsi-deild karla: Staðan

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Keflavík** | **6** | **4** | **1** | **1** | **6-6** | **13** |
| **Breiðablik** | **6** | **3** | **2** | **1** | **11-6** | **11** |
| Valur | 6 | 3 | 2 | 1 | 12-9 | 11 |
| **Stjarnan** | **6** | **2** | **3** | **1** | **15-9** | **9** |
| Fram | 5 | 3 | 2 | 0 | 10-5 | 8 |
| **ÍBV** | **6** | **3** | **2** | **1** | **10-7** | **8** |
| **Fylkir** | **6** | **2** | **2** | **2** | **13-13** | **8** |
| FH | 6 | 2 | 2 | 2 | 9-10 | 8 |
| Selfoss | 6 | 2 | 1 | 3 | 10-10 | 7 |
| KR | 5 | 0 | 3 | 2 | 6-8 | 3 |
| **Haukar** | **6** | **0** | **2** | **4** | **6-15** | **2** |
| Grindavík | 6 | 0 | 0 | 6 | 3-13 | 0 |

**7. umferð Pepsi-deildarinnar:**
**13. júní:** ÍBV-Fylkir (16.00)
**14. júní:** Fram-Stjarnan (19.15)
**14. júní:** Valur-Selfoss (19.15)
**14. júní:** Breiðablik-Grindavík (19.15)
**14. júní:** Keflavík-Haukar (19.15)
**14. júní:** FH-KR (20.00)

Leikmenn KR virkuðu áhugalausir löngum stundum gegn Val:

# Leit KR að sigri þrautin þyngri

**FÓTBOLTI** KR-ingar halda áfram að valda miklum vonbrigðum í Pepsi-deildinni og þeir þurftu að þola tap gegn erkifjendunum í Val á eigin heimavelli í gær 1-2. Vesturbæingar eru komnir með bakið upp við vegg, hafa enn ekki unnið leik og virðist sem þá skorti hugmyndir til að losna úr þessari stöðu.

„Það erum við leikmenn sem spilum þessa leiki og við verðum að fara að taka okkur á. Þetta er engan veginn nægilega gott,“ sagði Bjarni Guðjónsson, fyrirliði KR, eftir leikinn. Spilamennska KR hefur verið virkilega sveiflukennd í leikjum sumarsins, í leikjum nær upp flottum köflum á milli en svo hrynur spilamennskan og leikmenn virka áhugalausir.

Heimamenn byrjuðu leikinn í gær betur og náðu upp góðu spili en fengu mark í andlitið þegar Baldur Aðalsteinsson skoraði beint úr aukaspyrnu. Þeir náðu að jafna þegar Óskar Örn Hauksson skoraði með skoti af löngu færi eftir aukaspyrnu.

Valsmenn voru lítið að ógna í fyrri hálfleik og áttu sáráfá færi. Þeir voru stálheppnir að lenda ekki manni færri þegar Ian Jeffs hefði átt að fá sitt annað gula spjald þegar hann var alltof seinn í tækl-ingu. Magnús Þórisson dómari þorði þó ekki að lyfta upp spjaldinu.

Staðan var jöfn 1-1 í hálfleik en Valsmenn mættu mun ákveðnari til leiks í seinni hálfleiknum meðan KR-ingar voru að malla þetta í öðrum gír. Sigurbjörn Hreiðarsson átti frábæra sendingu á Arnar Svein Geirsson sem slapp í gegn og kláraði listavel. Heimamönnum var refsað fyrir að koma til leiks með hálfum huga eftir hálfleikinn.

Vesturbæingar vöknuðu aftur við þetta mark og nokkrum sinnum skall hurð nærri hælum upp við mark Valsmanna. En það voru gestirnir sem fögnuðu sigri og gerðu það innilega.

„Það er frábært að ná í þrjú stig. Við vorum ekki nægilega ánægðir með okkur í fyrri hálfleik og vissum upp á okkur skömmina. Við gerðum mun betur í seinni hálfleik, spiluðum boltanum niðri og nýttum hraðann fram á við,“ sagði Atli Sveinn Þórarinsson, fyrirliði Vals. Liðið virkar þéttara með hverjum leiknum og er komið á gott flug eftir fremur erfiða byrjun. „Liðsheildin var fín í dag en við erum að vinna í því að þétta vörnina enn betur.“ - egm



**BARÁTTA** Arnar Sveinn Geirsson fellur í grasið í Vesturbænum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Tinna Mark
hefur hafið störf hjá
Sjúkraþjálfuninni AFL, Borgartúni 6
Tímapantanir í síma 511 4111
www.aflid.is
SJÚKRAÞJÁLFUN AFL



**ÓLAFUR** Verður ekki með gegn Dönum eða Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

Ólafur Stefánsson:

# Er ekki hættur með landsliðinu

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson mun ekki spila með íslenska landsliðinu í æfingaleikjum þess nú í júnímánuði, gegn Danmörku og Brasilíu, eins og til stóð. Hann dró sig út úr landsliðshópnum af persónulegum ástæðum, sagði landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson í gær.

„Það eru engin leiðindi í þessu máli og hann er ekki hættur að spila með landsliðinu,“ sagði Guðmundur. „Hann er okkur afar mikilvægur og mun spila áfram með okkur. Hann dró sig út úr liðinu af persónulegum ástæðum og það er í raun ekkert meira að segja um það.“ **- esá**

Dregið í VISA-bikarnum í gær:

# FH til Keflavíkur þriðja árið í röð

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 16 liða úrslit VISA-bikars karla og kvenna. Valur og Breiðablik eigast við í stórleik í kvennaboltanum og FH fer til Keflavíkur í karlaflokki, þriðja árið í röð. **- hþh**

**16-liða úrslit:**

**Karlar:**

Víkingur Ó. - Fjarðabyggð
BÍ/Bolungarvík - Stjarnan
Fylkir - Fram
Fjölnir - KR
ÍA - Þróttur
Víkingur - Valur
Keflavík - FH
Grindavík - KA

**Konur:**

Tindastóll/Neisti - Grindavík
Þór/KA - Fjarðabyggð/Leiknir
Stjarnan - KR
FH - Selfoss
Haukar - Afturelding
Breiðablik - Valur
ÍBV - ÍA
Völsungur - Fylkir

**Haukar 2-4 Breiðablik**

Vodafonevellinum, áhorf.: 806 Erlendur Eiríksson (6)

*0-1 Guðmundur Kristjánsson (19.)*
*1-1 Sam Mantom (38.)*
*2-1 Arnar Gunnlaugsson (44., víti)*
*2-2 Kári Ársælsson (54.)*
*2-3 Andri Rafn Yeoman (61.)*
*2-4 Þórhallur Dan J. (82. - sjm.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–15 (8–6) |
| Varin skot | Daði 3 – Ingvar 6 |
| Horn | 3–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 6–9 |
| Rangstöður | 0–2 |

| **HAUKAR** 4–5–1 | | **BREIÐAB.** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Daði Lárusson | 5 | Ingvar Þór Kale | 6 |
| Þórhallur Jóhannsson | 4 | Árni Kr. Gunnarsson | 6 |
| Guðmundur Mete | 5 | Elfar Freyr Helgason | 5 |
| (55. Pétur Sæmunds. | 5) | Kári Ársælsson | 7 |
| Daníel Einarsson | 5 | Kristinn Jónsson | 7 |
| Gunnar O. Ásgeirsson | 6 | Haukur Baldvinsson | 5 |
| Hilmar Geir Eiðsson | 6 | (55. Andri Yeoman | 7) |
| Kristján Ó. Björnsson | 5 | ***Guðm. Kristjáns.** | **7** |
| Guðjón P. Lýðsson | 6 | (72. Olgeir Sigurg. | -) |
| Úlfar Hrafn Pálsson | 6 | Jökull Elísabetarson | 5 |
| (78. Jónmundur G. | -) | Kristinn Steindórsson | 6 |
| Sam Mantom | 6 | Alfreð Finnbogason | 6 |
| Arnar Gunnlaugsson | 6 | Guðmundur Pétursson | 4 |
| (71. Ásgeir Ingólfs. | -) | (55. Finnur Margeirs. | 5) |

**Maður leiksins*

Íslenska handboltalandsliðið mætir Danmörku í Laugardalshöllinni í dag og á morgun:

# Mikilvægt að viðhalda einbeitingunni

**HANDBOLTI** Ísland mætir Danmörku í tveimur vináttulandsleikjum í Laugardalshöllinni í dag og á morgun. Flest landslið í Evrópu, þar á meðal það danska, eru að undirbúa sig fyrir undankeppni heimsmeistaramótsins í Svíþjóð sem fer fram í janúar á næsta ári. Þar á Ísland öruggt sæti eftir góðan árangur á EM í vetur.

„Við þurfum að fara í þessa leiki af fullum krafti,“ sagði landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson. „Við þurfum að nýta tímann mjög vel þegar við hittumst og sérstaklega vel að missa ekki niður einbeitinguna á milli mikilvægra leikja og móta.“ Eftir leikina gegn Danmörku fer landsliðið til Brasilíu þar sem liðið leikur tvo æfingaleiki gegn heimamönnum, 16. og 18. júní. „Við hittumst svo ekkert fyrr en í október og þá byrjar undankeppni fyrir EM 2012 með tveimur erfiðum leikjum. Eftir það hittumst við svo aftur í janúar, skömmu fyrir mótið í Svíþjóð.“

Guðmundur segist vera byrjaður að leggja línurnar fyrir HM og að hann haldi nú áfram að sinna þeirri vinnu sem hófst fyrir Ólympíuleikana í Peking.

„Við þurfum að halda áfram að þróa okkar leik og ekki glata því sem við höfum verið að byggja upp síðan á Ólympíuleikunum. Það felst oft mesta vinnan í því að viðhalda varnarleiknum og við þurfum að nota leikina nú til að stilla saman strengina í vörninni.“

Og spurður hvort Guðmundur sé búinn að setja markið á gullið í Svíþjóð færist bros á andlit landsliðsþjálfarans. „Við ætlum að halda okkur áfram í fremstu röð. Við höfum náð silfri og bronsi á síðustu tveimur stórmótum og auðvitað viljum við fylgja því eftir. En það má afar lítið út af bregða.“ **- esá**



**GUÐMUNDUR** Er byrjaður að leggja línurnar fyrir HM. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER



> **Morgan Freeman**

„Að leika er það sama og að lifa, það er það eina sem ég geri og það eina sem ég er góður í. Jafnvel þótt ég fengi ekki eins góð laun og nú, myndi ég samt halda áfram í leiklist, líklega í litlum leikhópi einhvers staðar.“

***Morgan Freeman fer með eitt af aðalhlutverkum í myndinni Edison sem sýnd verður í kvöld á Stöð 2 Bíó kl. 00.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ROALD VIÐAR EYVINDSSON HORFÐI Á DÖBBAÐAR MYNDIR Í FRÍINU

# *Whoopi Goldberg er Meryl Streep*

Ég skellti mér á dögunum í sumarfrí til Spánar með það fyrir augum að hafa það alveg rosalega gott, drekka sangria, gæða mér á patatas bravas (brjáluðum kartöflum) og leiða hugann að skemmtilegri hlutum en niðurstöðum Eurovision og sveitarstjórnakosninga.

Um tíma var öllum mínum plönum um hið fullkomna frí hins vegar stefnt í hættu þegar ég veiktist heiftarlega af hálsbólgu og lagðist í rúmið. Þar lá ég svitastorkinn í sólarhring meðan allir aðrir virtust sóla sig á ströndinni með bjór og sá þann kost vænstan að kveikja á sjónvarpinu til að halda sönsum. En þá tók sko ekki betra við.

Sean Connery tók þar á móti mér í hlutverki James Bond og þar sem ég beið með eftirvæntingu eftir að heyra sjarmatröllið segja eitthvað, bara eitthvað, með sinni djúpu röddu og kynæsandi skoska hreim fékk



ég nett sjokk við óskiljanlega spænsku sem spratt fram af vörum njósnara hennar hátignar. Svo var hann skrækraddaður í þokkabót!

Í skelfingu minni fletti ég á næstu stöð þar sem Whoopi Goldberg skeggræddi við Demi Moore á spænsku og á þeirri næstu hljómaði Meryl Streep nákvæmlega eins og Whoopi. Connery var svo á annarri stöð og sá hljómaði ekkert eins og hinn, heldur næstum hvæsti hvert orð, enda sjálfsagt margir sem hafa talað inn á fyrir silfurrefinn þau hundrað ár sem hann hefur sést á hvíta tjaldinu.

Í fyrstu fór talsetningin óttalega í mig en eftir því sem ég velti henni frekar fyrir mér sá ég kosti þess að talsetja ekki bara sumt heldur allt erlent leikið efni með atvinnusköpun og verndun móðurmálsins í huga. Svo er bara líka kúl að geta sagst vera rödd Russels Crowe, eða er það ekki annars?

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **19.45** How I Met Your Mother STÖÐ 2



▶ **20.00** Half Nelson STÖÐ2 BÍÓ



▶ **20.10** Survivor SKJÁREINN



▶ **20.55** HM 2010 SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50** Glee 2 Stöð 2 extra

## SJÓNVARPIÐ

**15.55 Íslenski boltinn** Í þættinum er fjallað um Íslandsmótið í fótbolta. (e)

**16.40 Stiklur - Út til hafs og upp á jökul.** Ómar Ragnarsson fer um landið og greinir frá því sem fyrir augu ber. (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Jimmy Tvískór (8:13)**

**17.52 Sammi (9:52)**

**18.00 Múmínálfarnir**

**18.25 Chris á skólabekk (3:3)**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Landsleikur í handbolta** (Ísland-Danmörk, karlar). Bein útsending frá leik Íslendinga og Dana í handbolta karla.

▶**20.55 HM 2010 (4:4)** Þorsteinn J. fer vandlega yfir heimsmeistaramótið í fótbolta í Suður-Afríku í júní. Að þessu sinni eru kynnt lið Brasilíu og Suður-Afríku. (e)

**21.25 Leiðin á HM (16:16) (e)**

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Taggart** – Dómsdagur

**23.05 Popppunktur (e)**

**00.00 Kastljós (e)**

**00.35 Fréttir (e)**

**00.45 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08:00 The Secret Life of Word**

**10:00 10 Things I Hate About You**

**12:00 The Groomsmen**

**14:00 The Secret Life of Words**

**16:00 10 Things I Hate About You**

**18:00 The Groomsmen**

▶**20:00 Half Nelson**

**22:00 Me, Myself and Irene**

**00:00 Edison**

**02:00 Boo**

**04:00 Me, Myself and Irene**

**06:00 The Things About My Folks**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar**

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Einu sinni var** (15:22) Þáttur þar sem ýmsir fréttnæmir atburðir Íslandssögunnar, stórir eða smáir, eru teknir til frekari skoðunar.

**10.55 Numbers** (17:23)

**11.45 Wipeout** (4:11)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Worst Week** (3:16)

**13.25 Coco Chanel** Fyrri hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel, eða Gabrielle Bonheur Chanel, eina áhrifafamestu konu í tískuheiminum til dagsins í dag.

**15.00 Sjáðu**

**15.30 Barnatími Stöðvar**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (1:21)

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 Two and a Half Men** (5:24)

▶**19.45 How I Met Your Mother** (3:22)

**20.10 How I Met Your Mother** (16:24)

**20.35 Modern Family** (19:24)

**21.00 Impact** (2:2) Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi þegar loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa nú fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breytist í heimsendi.

**22.35 Daily Show**

**23.00 Grey's Anatomy** (24:24)

**23.45 Ghost Whisperer** (17:23)

**00.30 Goldplated** (7:8)

**01.20 Kidulthood** Áhrifamikil kvikmynd um nokkra vini á táningsaldri í London og leit þeirra að tilgangi lífsins.

**02.50 Badassss!**

**04.35 Coco Chanel** Fyrri hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel (e)

**06.05 How I Met Your Mother** (16:24)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 KR - Valur**

**18.35 KR - Valur**

**20.25 Pepsímörkin 2010** Sýnt frá öllum leikjum Pepsí-deildar karla og sérfræðingar Stöðvar 2 Sport þeir Tómas Ingi og Maggi Gylfa verða að sjálfsögðu á sínum stað. Allir leikirnir, öll mörkin og allt það helsta krufið til mergjar.

**21.25 NBA körfuboltinn. LA Lakers - Boston**

**23.15 Memorial Tournament Presented By Morgan Stanely** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.

**00.10 Main Event. Day 6** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**01.00 NBA körfuboltinn. Boston - LA Lakers** Bein útsending frá leik Boston og Lakers í lokaúrslitum NBA körfuboltans.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**19.00 Premier League World** Enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**19.30 PL Classic Matches. Man United - Middlesbrough, 1996**

**20.00 PL Classic Matches. Arsenal - Chelsea, 1996**

**20.30 PL Classic Matches. Newcastle - Leicester, 1996**

**21.00 Football Legends** Fjallað verður um hinn portúgalska leikmann, Figo. Ferill Figo verður krufinn til mergjar og farið verður í gegnum hans helstu afrek a ferlinum.

**21.30 Liverpool - Stoke** Útsending frá leik Liverpool og Stoke í ensku úrvalsdeildinni.

**23.10 Man. City - Man. Utd.** Útsending frá leik Man. City og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil (e)**

**08.40 Rachael Ray (e)**

**09.30 Pepsi MAX tónlist**

**16.40 Rachael Ray**

**17.25 Dr. Phil**

**18.10 Matarklúbburinn (1:6) (e)** Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.

**18.35 Girlfriends (2:22) (e)**

**18.55 H2O (7:26)**

**19.20 America's Funniest Home Videos (48:50)**

**19.45 King of Queens (3:22)**

▶**20.10 Survivor (3:16)** Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk þarf að þrauka í óblíðri náttúru og keppa innbyrðis þar til aðeins einn stendur eftir sem sigurvegari. Einn keppandi missir meðvitund og í keppninni um friðhelgi missir einn keppandi stjórn á skapi sínu.

**21.00 Eureka (4:18)**

**21.50 The Good Wife (22:23)**

**22.40 Jay Leno**

**23.25 CSI (15:23) (e)**

**00.15 The Good Wife (22:23) (e)**

**01.05 King of Queens (3:22) (e)**

**01.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing**

**20.30 Hrafnaþing**

**21.00 Græðlingur**

**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

**22.00 Hrafnaþing**

**22.30 Hrafnaþing**

**23.00 Græðlingur**

**23.30 Tryggvi Þór á Alþingi**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Serta aftur á Íslandi !!



Yankee Candle, hin einu sönnu.
Yfir 40 mismunandi ilmkerti !
15%
Kynningarafsláttur





Chiro 600 heilsurúm

| Stærð cm. | Tilboð kr. |
|---|---|
| 90x200 | 90.900,- |
| 100x200 | 95.900,- |
| 120x200 | 98.000,- |
| 140x200 | 119.900,- |
| 160x200 | 149.900,- |
| 180x200 | 159.900,- |



OPIÐ
Virka daga frá kl. 10-18
Laugardag frá kl. 11-17

YANKEE CANDLE
a passion for fragrance

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

DORMA
– býður góða nótt

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.00

### Impact, seinni hluti



Seinni hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi þegar loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa nú fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breytist í heimsendi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Landsleikur karla í handbolta: Íslendingar gegn Dönum

### Sjónvarpið kl. 20.15

Bein útsending frá leik Íslendinga sem takast í kvöld á við Dani í handbolta karla.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tónlist fólksins
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Hér
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.22** Syrpan
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Stefnumót
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Fnykur
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.30 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**20.15 Ally McBeal** (10:22) Ally reynir að aðstoða mann sem er staðráðinn í að láta ævilangan draum sinn rætast. Elaine og Fish leita aðstoðar í stefnumótaleit.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶**21.50 Glee** (14:22) Frábær gamanþáttaröð sem gerist í menntaskóla þar sem metnaðarfullur kennari og fyrrverandi nemandi skólans ákveður að setja aftur saman sönghóp skólans sem gerði einmitt stormandi lukku í sönghópakeppnum á árum áður.

**22.35 Impact** (1:2) Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar. Öll heimsbyggðin fylgist með stórkostlegu stjörnuhrapi þegar loftsteinn rekst á tunglið og brot úr því stefnir á ógnarhraða til jarðar. Sérfræðingar hafa nú fáeina daga til þess að koma í veg fyrir að hættuástandið breytist í heimsendi.

**00.10 Supernatural** (14:16) Yfirnáttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulinn.

**00.50 The Doctors**

**01.35 Ally McBeal** (10:22) (e)

**02.20 Sjáðu**

**02.50 Fréttir Stöðvar 2**

**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12:10** Blackadder the Third **12:40** My Hero **13:10** My Hero **13:40** Absolutely Fabulous **14:10** Absolutely Fabulous **14:40** The Weakest Link **15:25** The Inspector Lynley Mysteries **16:15** EastEnders **16:45** The Weakest Link **17:35** Absolutely Fabulous **18:05** Extras **18:35** Waterloo Road **19:25** Dalziel and Pascoe **20:15** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **20:55** The Weakest Link **21:45** Dalziel and Pascoe **22:35** Extras **23:05** Waterloo Road **23:55** Gavin and Stacey

## DR 1

**10:00** DR Update - nyheder og vejr **10:10** Horisont **10:35** En have med Rhododendron **10:55** På vej til VM **11:00** Aftenshowet **11:30** Når gorillaen er en chimpanse **12:00** Søren Ryge præsenterer **12:30** Mission Ledelse **13:00** DR Update - nyheder og vejr **13:10** Boogie Mix **14:00** That's So Raven **14:30** Leon **14:35** Splint & Co **15:00** F for Får **15:05** Landet for længe siden **15:30** Lille Nord **16:00** Når gorillaen er på springtur **16:30** TV Avisen med Sport **17:00** Aftenshowet med Vejret **17:30** Ha' det godt **18:00** Peter Ingemanns verden **18:30** Martin Jørgensen - En plads på holdet **19:00** TV Avisen **19:25** Kontant **19:50** SportNyt **20:00** Talismanen **20:45** På vej til VM **20:50** The Game of Their Lives **22:25** Boogie Mix

## NRK 1

**10:10** Svenske dialektmysterium **10:40** Dallas **11:30** Ut i nærturen **11:45** Norge rundt **12:10** Par i hjerter **13:00** NRK nyheter **13:10** Dallas **14:00** Derrick **15:00** NRK nyheter **15:10** Svenske dialektmysterium **15:40** Oddasat - nyheter på samisk **15:55** Nyheter på tegnspråk **16:00** Tinas mat **16:40** Distriktsnyheter **17:00** Dagsrevyen **17:45** Grønn glede **18:15** Pakket og klart **18:45** Extratrekning **18:55** Distriktsnyheter **19:00** Dagsrevyen 21 **19:30** Tre menn i en båt **20:30** Hitlåtens historie **21:00** Kveldsnytt **21:15** Dalziel og Pascoe **23:00** Viten om **23:30** Svisj gull

## SVT 1

**10:00** Rapport **10:05** Bubblan **10:35** Sverige! **11:05** Från Lark Rise till Candleford **12:20** Kalle Karlsson från Jularbo **14:00** Rapport **14:05** Gomorron Sverige **14:55** Mitt i naturen **15:55** Sportnytt **16:00** Rapport med A-ekonomi **16:10** Regionala nyheter **16:15** Lejonet Christian - känd från Internet **17:00** Kulturnyheterna **17:15** Regionala nyheter **17:30** Rapport med A-ekonomi **18:00** Kören **19:00** Det kungliga slottet **20:00** Dox: Mugabe och den vita afrikanen **21:30** Nationaldagen 2010 från Göteborg **22:30** Så såg vi sommaren då **22:45** Bubblan **23:15** Kronprinsessan och kungariket **00:15** Det kungliga bröllopet




Íslenskt atvinnulíf árið 2015
óskar eftir...

... verk- og tæknifræðingum til starfa. Í boði eru spennandi störf í alþjóðlegu umhverfi. Mikil erlend samskipti. Mjög góð laun. Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða nám sem veitir ungu fólki aðgang að þessum störfum.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAG UM EFLINGU VERK- OG TÆKNIMENNTUNAR

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Það eru léttir stelpuþættir. Aðallega Ally McBeal og Friends“*

Ásbjörg Einarsdóttir, dúx Menntaskólans í Reykjavík 2010.

# Óli Palli frumsýnir Þyrlurokks-mynd

Ólafur Páll Gunnarsson, útvarpsmaður á Rás 2, frumsýnir á næstunni heimildarmynd um tónleikana Þyrlurokk sem hann hélt í heimabæ sínum Akranesi fyrir tuttugu árum.

„Tíminn flýgur og nú eru tuttugu ár liðin. Af því tilefni sótti ég um styrk til að búa til úr þessu eitthvað sem fleiri en ég gætu haft gaman af að sjá,“ segir Óli Palli, sem fékk 200 þúsund króna styrk frá Akranesbæ til verksins. Afraksturinn verður sýndur í Gamla kaupfélaginu á Akranesi 24. júlí.

„Þetta var allt saman myndað en reyndar á frumstæðan hátt. Það eru fimm klukkustundir af efni sem eru til og margt mjög lélegt. Sumt af þessu er einhver versta músík-frammistaða sem hefur verið framin á Vesturlandi í það minnsta og þeim mun skemmtilegra,“ segir Óli.

Ellefu hljómsveitir tóku þátt í hátíðinni, þar á meðal Bróðir Darwins og Bleeding Volcano með Gunnari Bjarna úr Jet Black Joe á gítar. „Ég á ekki von á að þetta verði Óskarsverðlaunamynd en þetta er alla vega skemmtilegt, þó ekki nema fyrir þá sem voru þarna og þá sem til þekkja. Þetta var gert af miklum vanefnum. Ég var tvítugur þegar ég var að undirbúa þetta. Ég vonaði að ég þyrfti ekki að borga með mér því ég gekk í persónulegar ábyrgðir fyrir öllu saman,“ segir hann. Tónleikarnir tókust vel og um sjö hundruð manns borguðu 500 krónur fyrir að sjá Þyrlurokkið, sem var þarna haldið í fyrsta og eina sinn. **- fb**



**ÓLAFUR PÁLL GUNNARSSON** Útvarps- og Skagamaðurinn frumsýnir heimildarmynd um Þyrlurokk í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LÁRÉTT**
**2.** tikka, **6.** í röð, **8.** meðal, **9.** maka, **11.** tveir eins, **12.** lyf, **14.** vörubyrgðir, **16.** karlkyn, **17.** örn, **18.** drulla, **20.** klaki, **21.** skjótur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþróttafélag, **3.** 49, **4.** ölvun, **5.** kraftur, **7.** fugl, **10.** skel, **13.** siða, **15.** tröll, **16.** kóf, **19.** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** tifa, **6.** rs, **8.** lyf, **9.** ata, **11.** il, **12.** meðal, **14.** lager, **16.** kk, **17.** ari, **18.** aur, **20.** ís, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** fram, **3.** il, **4.** fylleri, **5.** afl, **7.** stelkur, **10.** aða, **13.** aga, **15.** risi, **16.** kaf, **19.** rá.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Hann verður alinn á korni.
2. Hann svindlaði og stytti sér leið.
3. Tæp nítján prósent.

SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32
Tilboð
16" Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.

JONATHAN TAPLIN: HEFUR TRYGGT SÉR LÉNIÐ THEBESTPARTY.ORG

# Útilokar ekki að stofna Besta flokkinn í Hollywood

„Bandaríkin og Ísland glíma við sömu vandamálin. Við erum með nokkra ráðandi flokka sem tala alltaf um sömu hlutina og koma engu í verk. Mér finnst Jón Gnarr hafa áhugaverða nálgun,“ segir bandaríski athafnamaðurinn Jonathan Taplin.

Taplin keypti á sunnudaginn lénið thebestparty.org, sem er nafn Besta flokksins á ensku. Hann býr í Los Angeles í Kaliforníu þar sem Arnold Schwarzenegger er ríkisstjóri, en efnahagshrunið hefur komið sérstaklega illa niður á ríkinu. Ríkisstjórakosningar verða í nóvember og Taplin útilokar ekki að koma á fót framboði Besta flokksins í Kaliforníu. „Hver veit hvað gerist? Eins og ég segi, hið gamla er að deyja og það nýja er að fæðast. Það eru alls konar skrýtnir hlutir að gerast,“ segir hann.

Jonathan Taplin var staddur á Íslandi á dögunum þar sem hann hélt meðal annars fyrirlestur á vegum auglýsingastofunnar Hvíta hússins. Hann segist ekki tengjast Besta flokknum á nokkurn hátt og neitar að hafa tekið þátt í að fjármagna flokkinn.

„Mér fannst skemmtilegt að tryggja mér lénið,“ segir hann. „Það var í boði þannig að ég hugsaði; af hverju ekki? Ég er bara áhorfandi og samfélagsrýnir. Það vildi svo til að ég var á Íslandi í skemmti- og viðskiptaerindum og kom á þessum skrýtna og áhugaverða tíma. Mér fannst það vera táknrænt fyrir eitthvað áhugavert.“

Hefurðu hitt Jón Gnarr?

„Ég hef ekki hitt hann, en ég hef lesið heilmikið af því sem hann hefur fram að færa. Mér finnst það mjög áhugavert og hann hefur sérstaka nálgun.“

atlifannar@frettabladid.is



**HUGSANLEGT SAMSTARF?** Jonathan Taplin sýnir starfi Besta flokksins mikinn áhuga, en hefur þó ekki hitt Jón Gnarr, Óttarr Proppé og félaga. FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

## 5 MOLAR UM JONATHAN TAPLIN

- Hóf feril sinn í tónleikabransanum og kom að skipulagningu frægra góðgerðartónleika fyrir Bangladesh árið 1971. George Harrison, Ringo Starr, Bob Dylan og Eric Clapton voru á meðal þeirra sem komu fram á tónleikunum.
- Framleiddi kvikmyndina Mean Streets, sem var fyrsta stórmynd Martins Scorsese.
- Myndir sem hann hefur framleitt hafa verið tilnefndar til Óskars- og Golden Globe-verðlauna ásamt því að hafa verið sýndar á kvikmyndahátíðinni í Cannes sex sinnum.
- Stofnaði fyrstu kvikmyndaleiguna á netinu árið 1996 ásamt stórum fjárfestum á borð við Intel, Microsoft, Sony og NBC.
- Starfar sem prófessor og sérhæfir sig í stafrænu skemmtiefni og alþjóðasamskiptum.



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Gamanþátturinn Steindinn okkar með Steinda jr. í aðalhlutverki hefur slegið í gegn svo um munar. Galsinn í Steinda þykir nokkuð grófur og margir hrukku í kút þegar stjarnan sást berja Saxa lækni, einhverja þekktustu persónu **Ladda**. Auðvitað var þekktum tæknibrellum beitt við tökurnar en Steindi slysaðist hins vegar óvart til að gefa hinum þjóðþekkta gamanleikara einn á kjammann. Laddi brást við því eins og sannur karlmaður þótt Steinda sjálfum væri nokkuð brugðið.



Og Baggalútssíðan er komin í sitt árlega sumarfrí. Spéfuglarnir hafa farið hamförum á síðunni að undanförnu og greindu meðal annars frá því á sama tíma og nýr borgarstjórnarmeirihluti hafði tekið við völdum að forysta Sjálfstæðisflokksins hefði sent frá sér yfirlýsingu um að morðóðir anarkistasjimpansar hefðu tekið borgina yfir. Þetta skot frá ritstjórninni þarf ekki að koma neinum á óvart enda tekur **Karl Sigurðsson**, einn meðlima Baggalúts, sæti í borgarstjórn í næstu viku fyrir Besta flokkinn.

Og **Rúnari Frey Gíslasyni** hefur verið falið það hlutverk að vera kynnir Grímunnar sem verður í beinni útsendingu á Stöð 2 þann 16. júní. Einkalíf Rúnars komst óvænt á forsíðu hjá Séð & heyrt þar sem greint var frá því að hann og Selma Björnsdóttir væru skilin. **Grímu**verðlaunin fengu óvart mikla athygli eftir að Jón Atli Jónasson lýsti því yfir að hann hygðist ekki taka við tilnefningum sökum þess að verndari hátíðarinnar væri forseti Íslands. **- fgg**



VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

# Kallakór hefur upp raust sína

Nýstofnaður Kallakór Kaffibarsins samanstendur af syngjandi hesta- og bjórdrykkjumönnum sem hafa lengi stundað hinn víðfræga skemmtistað.

„Hugmyndin kviknaði eiginlega eftir að einn meðlimurinn hafði séð skemmtilega auglýsingu fyrir íþróttafyrirtækið Puma þar sem barrottur byrja skyndilega að syngja lag saman. Við ákváðum að stofna okkar eigin kór og fengum svo stórsöngvarann Jón Svavar Jósepsson til að taka að sér hlutverk kórstjóra, gerðum Facebook-hóp og buðum nokkrum fastakúnnum og starfsmönnum Kaffibarsins að vera með,“ segir Hallbjörn Valgeir Rúnarsson, sem syngur rödd fyrsta bassa í kórnum.

Kórinn var stofnaður í apríl síðastliðinn og eru meðlimir hans nú um tuttugu talsins og eru þeir flestir að stíga sín fyrstu skref sem söngvarar. Æfingar fara fram vikulega á efri hæð Kaffibarsins og hafa gestir skemmtistaðarins margir hverjir orðið varir við ómþýðan söng kórsins á sunnudagskvöldum. „Þetta eru allt „amatörar“ þannig við erum kannski ekki að flytja lög í sérstaklega flóknum útsetningum, en öll lögin eru þó tvírödduð og eitt er meira að segja fjórraddað.“

Jómfrúartónleikar kórsins fara fram laugardaginn 12. júní á Humarsumri Kaffibarsins og að sögn Hallbjörns, sem er betur þekktur sem Halli Valli úr hljómsveitinni Ælu, hafa æfingar kórsins verið færðar um set svo hægt verði að æfa sönginn í ró og næði. „Við ákváðum að æfa ekki á Kaffibarnum þessa vikuna því lagavalið á að koma fólki á óvart. Við munum flytja nokkur vel valin karlakórslög í eigin útsetningum og byrja tónleikarnir stundvíslega klukkan fimm í boði Thule.“ Inntur eftir því að lokum hvort ölið fari ekki illa með söngröddina neitar Halli Valli því. „Nei, ef eitthvað er þá mýkir þetta hana bara.“ **- sm**



**GLAÐBEITTUR KARLAKÓR** Kallakór Kaffibarsins mun hefja upp raust sína fyrir gesti í fyrsta sinn á Humarsumri Kaffibarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
HUMAR HUMAR HUMAR
2000 KR.KG.
EIGUM TIL MAKRÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# SUMAR ÚTSALA

6 mánaða vaxtalausar greiðslur

## Gerið gæða- og verðsamanburð

**20-50%**
**AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgaflar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

**SVEFNSÓFAR**



Hágæða svefnsófi. Íslensk framleiðsla.
Heilsudýna úr þrýstijöfnunarefni.
Svefnflötur 140x200.
Nú aðeins kr. **264.900**



NÝTT

**BOAS**
Leður hægindastóll
**79.900**
Nokkrir litir

Lyftu hægindastóll
**129.900**

Ný sending

**SAGA OG ÞÓR**
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

**IQ-CARE**
Ein besta heilsudýna í heimi



**Queen rúm nú aðeins kr. 179.900**

**VALHÖLL/FREYJA**
Góð rúm á frábæru verði

Ný sending



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**



NÝTT

**BOAS**
**Leður hægindasófi 3 sæta 149.900**
**Svefnsófi 149.900**

**ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA**



**PROFLEX**

2x90x200 og 2x90x210
Nú aðeins **349.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

**GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI**

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.

**Gerið gæða- og verðsamanburð**




Svefn & heilsa
★★★★★




www.svefn.is

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ástralir hrifnir



Myndbandið og raunar Inspired by Iceland-herferðin öll virðist vera að bera tilætlaðan árangur hvað umtal varðar. Myndband Reynis Lyngdal við taktfasta tónlist **Emiliönu Torrini** hefur verið feikilega vinsælt. Þáttagerðarmenn morgunþáttar Channel 7 í Ástralíu sáu þannig alveg sérstaka ástæðu til þess að láta fólk vita af heimasíðu herferðarinnar og ekki síst myndbandinu þar sem leikkonan Lára Jóhanna Jónsdóttir býður fólk velkomið.

### Inspired By Marokkó?

Og það virðist vera sem svo að herferðin gæti orðið verulega atvinnuskapandi því Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að önnur lönd hafi forvitnast um hvernig kynningarátakinu var ýtt úr vör, hver sé galdurinn. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er eitt þessara landa Marokkó en það ætti nú ekki að vera erfitt að finna einhvern flöt á því. Eða muna ekki allir eftir Casablanca með **Bogart** og Bergmann?



### Ekki viðstödd

**Katrín Júlíusdóttir,** iðnaðarráðherra, var ekki viðstödd í gær þegar Alþingi samþykkti stærsta málið sem hún hefur komið í gegnum þingið, samninginn við Björgólf Thor og félaga hans um byggingu gagnavers í Reykjanesbæ. Meðan þingið kaus um málið og margir þingmenn höfðu uppi hörð orð um að ríkið sé að styðja Björgólf Thor og félaga í Verne Holding var Katrín í Brussel. Þar sat hún meðal annars fund með Eftirlitsstofnun EFTA til að ræða heimildir ríkisins til þess að ívilna þeim aðilum sem vilja fjárfesta hér á landi. **-fgg, pg**



### Mest lesið VÍSIR.IS

1. Ætlaði að koma pabba á óvart á afmælisdaginn
2. Kærustu Carls Svíaprins ekki boðið í brúðkaup Viktoríu
3. Vildu úthýsa ófrískri íslenskri konu
4. Fann börnin á Facebook eftir fimmtán ár
5. Smágos í gangi með nýju öskufalli


Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.




**Allt sem þú þarft...**

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára.
Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.



# Tvö frábær OPNUNARTILBOÐ

## Stórlækkað verð og vaxtalaus lán til 6 mánaða

### Pavilion dv6 2010eo

VAXTA LAUST LÁN




Örgjörvi: AMD Turion II Dual Core M520 2,3 GHz, 1 MB Level 2 cache Harður diskur: 320GB SATA 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4530 512MB DDR3 Geisladrif: LightScribe DVD+/-RW Mesta minni stutt: 8GB Vinnsluminni: 4 GB DDR2 (2x2GB) Minniskortalesari: 5-í-1

**24.900 kr.***
Heildarverð:
**149.400 kr.**
Verð áður: 179.900 kr.




VAXTA LAUST LÁN

### Pavilion dm3 1050eo

**29.900 kr.***
Heildarverð:
**179.400 kr.**
Verð áður: 199.900 kr.

Örgjörvi: AMD Athlon Neo X2 Dual Core Ultrathin L335 1,6 GHz, 512-KB Level 2 cache, AMD M780G Harður diskur: 320GB SATA 7200 rpm Skjár: 13,3" HD LED BV, 1366x768 Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4330 512MB DDR3 Geisladrif: LightScribe DVD+/-RW USB tengdur Mesta minni stutt: 8GB Vinnsluminni: 4 GB DDR2 (2x2GB) Minniskortalesari: 5-í-1

Í tilefni þess að Opin kerfi hafa opnað nýja og glæsilega verslun, **Ok búðina** Höfðabakka 9, bjóðum við frábær opnunartilboð á HP fartölvum.

- MEST SELDU FARTÖLVUR Í HEIMI

* Verð á mánuði miðað við 6 mánaða vaxtalaust lán sem Ok búðin veitir. Fyrsta afborgun í ágúst. Tilboðið gildir meðan birgðir endast.




Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is